

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2022/EES/38/01	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu	1
2022/EES/38/02	Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088	17
2022/EES/38/03	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2228 frá 14. desember 2021 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2082	48
2022/EES/38/04	Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/645 frá 18. apríl 2018 um breytingu á tilskipun 2003/59/EB um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga og á tilskipun ráðsins 2006/126/EB um ökuskrifteini	50
2022/EES/38/05	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 frá 3. júní 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012	63
2022/EES/38/06	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1317/2014 frá 11. desember 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012	65
2022/EES/38/07	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/892 frá 7. júní 2016 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012	67
2022/EES/38/08	Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/954 frá 6. júní 2017 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012	69

2022/EES/38/09	Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/853 frá 30. maí 2018 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB og 2009/31/EB og tilskipunum ráðsins 86/278/EBE og 87/217/EBE að því er varðar reglur um málsmeðferð á sviði skýrslugjafar um umhverfismál og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 91/692/EBE	72
2022/EES/38/10	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/27 frá 13. janúar 2020 um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir própíkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8	79
2022/EES/38/11	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2213 frá 20. desember 2019 um hagnýtt og rekstrarlegt fyrirkomulag að því er varðar starfsemi rafræna gagnagrunnsins sem komið er á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 með tilliti til tiltekinna samskipta samkvæmt þeirri reglugerð	81
2022/EES/38/12	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1765 frá 25. nóvember 2020 um að samþykkja ekki klórófen sem fyrirliggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2	84
2022/EES/38/13	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/1161 frá 4. ágúst 2020 um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í vatnsmálum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB	86
2022/EES/38/14	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/260 frá 11. febrúar 2021 um samþykkt landsráðstafana sem gerðar eru til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB	90
2022/EES/38/15	Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/576 frá 15. desember 2017 um tæknistaðla fyrir öryggisþætti sem beitt er varðandi tóbaksvörur	99

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS
(ESB) 2019/2088

2022/EES/38/01

frá 27. nóvember 2019

um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 25. september 2015 nýjan hnattrænan ramma um sjálfbæra þróun: Áætlun um sjálfbæra þróun árið 2030 („Áætlun 2030“), en markmiðin um sjálfbæra þróun eru kjarni hennar. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. nóvember 2016 um næstu skref fyrir sjálfbæra framtíð Evrópu eru markmiðin um sjálfbæra þróun tengd við stefnuramma Sambandsins til að tryggja að allar aðgerðir Sambandsins og stefnumótandi frumkvæði, bæði innan Sambandsins og á heimsvísu, feli markmiðin um sjálfbæra þróun í sér frá upphafi. Ráðið staðfesti í niðurstöðum sínum frá 20. júní 2017 að Sambandið og aðildarríki þess skuldbyndu sig til að framkvæma áætlunina fyrir 2030 að fullu á samræmdan, heildstæðan, samþættan og skilvirkan hátt og í nánú samstarfi við samstarfsaðila og aðra hagsmunaaðila.
- 2) Umbreytingin yfir í hringrásarhagkerfi sem losar lítið af kolefni, er sjálfbærara og auðlindanýtið, í samræmi við markmiðin um sjálfbæra þróun, er lykilþáttur í að tryggja samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins til langs tíma. Parísarsamningurinn sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar („Parísarsamningurinn“), sem Sambandið samþykkti 5. október 2016 ⁽³⁾ og sem öðlaðist gildi 4. nóvember 2016, miðar að því að efla viðbrögð við loftslagsbreytingum með því, meðal annars, að gera fjármagnsstreymi samhæft við ferli í átt að þróun að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og viðnámi gegn loftslagsbreytingum.
- 3) Til að ná markmiðum Parísarsamningsins og draga verulega úr áhættu og áhrifum af loftslagsbreytingum er hnattræna markmiðið að halda hækkun á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn með skrá sem kveðið er á um í 101. gr. (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 97.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 8. nóvember 2019.

⁽³⁾ Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjttíð. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

- 4) Tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB ⁽⁴⁾, 2009/138/EB ⁽⁵⁾, 2011/61/ESB ⁽⁶⁾, 2013/36/ESB ⁽⁷⁾, 2014/65/ESB ⁽⁸⁾, (ESB) 2016/97 ⁽⁹⁾, (ESB) 2016/2341 ⁽¹⁰⁾, og reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 ⁽¹¹⁾, (ESB) nr. 346/2013 ⁽¹²⁾, (ESB) 2015/760 ⁽¹³⁾, og (ESB) 2019/1238 ⁽¹⁴⁾, deila sameiginlegu markmiði um að greiða fyrir því að taka upp og stunda starfsemi verðbréfasjóða (UCITS), lánastofnana, rekstraraðila sérhæfðra sjóða (AIFM) sem reka eða markaðssetja sérhæfða sjóði, þ.m.t. Evrópska langtímafjárfestingarsjóði (ELTIF), váttryggingafélaga, verðbréfafyrirtækja, váttryggingamiðlara, stofnana um starfstengdan lífeyri (IORP), rekstraraðila viðurkenndra áhættufjármagnssjóða (rekstraraðilar EuVECA) rekstraraðila viðurkenndra félagslegra framtakssjóða (rekstraraðilar EuSEF) og seljenda samevrópskra séreignarafurða (PEPP). Tilskipanir þessar og reglugerðir tryggja samræmdari vernd endanlegra fjárfesta og auðvelda þeim að njóta góðs af fjölbreyttum fjármálaafurðum, ásamt því að setja á sama tíma reglur sem gera endanlegum fjárfestum kleift að taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir.
- 5) Upplýsingagjöf til endanlegra fjárfesta um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn, hvernig tekið er tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni, um sjálfbær fjárfestingarmarkmið eða um stuðning við umhverfislega eða félagslega þætti, í fjárfestingarákvarðunum og í ráðgjafarferli, er ekki nægilega vel þróuð vegna þess að slík upplýsingagjöf lýtur ekki samræmdum kröfum.
- 6) Undanþága frá þessari reglugerð fyrir fjármálaráðgjafa sem hafa færri en þrjú starfsmenn ætti ekki að hafa áhrif á beitingu ákvæða í landslögum sem lögleiða tilskipanir 2014/65/ESB og (ESB) 2016/97, einkum reglur um fjárfestinga- og váttryggingaráðgjöf. Þótt þessum ráðgjöfum sé ekki skylt að veita upplýsingar í samræmi við þessa reglugerð, ætti þeim því að vera skylt að huga að og taka tillit til áhættu tengda sjálfbærni í ráðgjafarferlinu.
- 7) Aðilar sem falla undir reglugerð þessa ættu, eftir því hvers eðlis starfsemi þeirra er, að fara að reglunum um aðila á fjármálamarkaði þar sem þeir framleiða fjármálaafurðir og ættu að fara að reglunum um fjármálaráðgjafa þar sem þeir veita fjárfestingaráðgjöf eða váttryggingaráðgjöf. Þegar slíkir aðilar stunda samtímis starfsemi sem bæði aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar, ætti því að líta á slíka aðila sem aðila á fjármálamarkaði ef þeir koma fram sem framleiðendur fjármálaafurða, þ.m.t. stýring eignasafns, og ætti að líta á þá sem fjármálaráðgjafa ef þeir veita þjónustu á sviði fjárfestinga og váttrygginga.
- 8) Þar eð Sambandið stendur í auknum mæli frammi fyrir hörmulegum og ófyrirsjáanlegum afleiðingum af loftslagsbreytingum, eyðingu auðlinda og af öðrum vanda sem tengist sjálfbærni er þörf á brýnum aðgerðum til að virkja fjármagn, ekki aðeins með opinberri stefnumótun heldur einnig af hálfu fjármálaþjónustugeirans. Aðilum á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjöfum ætti því að vera skylt að birta tiltekna upplýsingar sem varða nálgun þeirra við að fella inn áhættu tengda sjálfbærni og að taka tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni.

⁽⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB frá 13. júlí 2009 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum að því er varðar verðbréfasjóði (UCITS) (Stjútíð. ESB L 302, 17.11.2009, bls. 32).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/138/EB frá 25. nóvember 2009 um stofnun og rekstur fyrirtækja á sviði váttrygginga og endurtrygginga (Gjaldþolsáætlun II) (Stjútíð. ESB L 335, 17.12.2009, bls. 1).

⁽⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/61/ESB frá 8. júní 2011 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða (Stjútíð. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 1).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB frá 26. júní 2013 um aðgang að starfsemi lánastofnana og varfærnisefirlit með lánastofnunum og verðbréfafyrirtækjum, um breytingu á tilskipun 2002/87/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 2006/48/EB og 2006/49/EB (Stjútíð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 338).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB (Stjútíð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/97 frá 20. janúar 2016 um dreifingu váttrygginga (Stjútíð. ESB L 26, 2.2.2016, bls. 19).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2341 frá 14. desember 2016 um starfsemi og eftirlit með stofnunum sem sjá um starfstengdan lífeyri (Stjútíð. ESB L 354, 23.12.2016, bls. 37).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 345/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska áhættufjármagnssjóði (Stjútíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 1).

⁽¹²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 346/2013 frá 17. apríl 2013 um evrópska félagslega framtakssjóði (Stjútíð. ESB L 115, 25.4.2013, bls. 18).

⁽¹³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/760 frá 29. apríl 2015 um evrópska langtímafjárfestingarsjóði (Stjútíð. ESB L 123, 19.5.2015, bls. 98).

⁽¹⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 frá 20. júní 2019 um samevrópska séreignarafurð (PEPP) (Stjútíð. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 1).

- 9) Ef ekki eru fyrir hendi samræmdar reglur á vettvangi Sambandsins um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni til endanlegra fjárfesta, er líklegt að enn um sinn verði mismunandi ráðstafanir samþykktar á landsvísu og mismunandi aðferðir í mismunandi fjármálaþjónustugeirum kynnu að vera viðvarandi. Slíkar mismunandi ráðstafanir og aðferðir myndu áfram valda umtalsverðri röskun á samkeppni vegna umtalsverðs mismunar á stöðlum um upplýsingagjöf. Þá veldur samhliða þróun markaðstengdra starfsvenja, sem byggja á markaðsdrifnum forgangsmálum sem leiða til mismunandi niðurstöðu, frekari uppskiptingu markaðarins nú um stundir og gæti jafnvel aukið óskilvirkni í starfsemi innri markaðarins í framtíðinni. Mismunandi birtingarstaðlar og markaðstengdar starfsvenjur gera erfitt um vik að bera saman mismunandi fjármálaafurðir, skapa ójafna samkeppnisstöðu fyrir slíkar afurðir og fyrir dreifingarleiðir og reisa viðbótarhindranir á innri markaðnum. Slík sundurleitni gæti einnig verið ruglingsleg fyrir endanlega fjárfesta og gæti raskað fjárfestingar-ákvörðunum þeirra. Hætta er á að aðildarríkin samþykki mismunandi innlendar ráðstafanir, þegar þau tryggja að farið sé að Parísarsamningnum, en það gæti skapað hindranir í vegi snurðulausrar starfsemi innri markaðarins og haft skaðleg áhrif á aðila á fjármálamarkaði og á fjármálaráðgjafa. Þá gerir skortur á samræmdum reglum sem tengjast gagnsæi endanlegum fjárfestum erfitt um vik að bera saman á skilvirkan hátt mismunandi fjármálaafurðir í mismunandi aðildarríkjum að því er varðar áhættu þeirra sem tengist umhverfisáhættu, félagslegri áhættu og stjórnumaráhættu og markmiðum um sjálfbærar fjárfestingar. Því er nauðsynlegt að taka á fyrirbyggjandi hindrunum í starfsemi innri markaðarins og að efla samanagerðarhæfi fjármálaafurða til að koma í veg fyrir líklegar hindranir í framtíðinni.
- 10) Markmið þessarar reglugerð er að draga úr ósamræmi í upplýsingum í sambandi umbjóðanda og umboðsaðila að því er varðar hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn, tekið er tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni, eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar með því að skylda aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa til að veita endanlegum fjárfestum upplýsingar áður en samningur er gerður og með viðvarandi hætti þegar þeir koma fram sem umboðsaðilar þessara endanlegra fjárfesta (umbjóðendur).
- 11) Reglugerð þessi bætir við birtingarkröfurnar sem mælt er fyrir um í tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97, (ESB) 2016/2341, og reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013, (ESB) 2015/760 og (ESB) 2019/1238, svo og í landslögum um séreignarafurðir og einstakar afurðir. Aðildarríkin ættu, til að tryggja skipulegt og skilvirkt eftirlit með því að farið sé að ákvæðum þessarar reglugerðar, að reiða sig á lögbær yfirvöld sem hafa þegar verið tilnefnd samkvæmt þessum reglum.
- 12) Í reglugerð þessari er haldið í þær kröfur að aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar aðhafist með hagsmuni endanlegra fjárfesta að leiðarljósi, þ.m.t. en þó ekki eingöngu, kröfuna um að gera fullnægjandi áreiðanleikakönnun áður en ráðist er í fjárfestingar, eins og kveðið er á um í tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97, (ESB) 2016/2341, og reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013, svo og í landslögum um séreignarafurðir og einstakar afurðir. Til að rækja skyldur sínar samkvæmt þessum reglum ættu aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar að fella inn í ferli sínu, m.a. í áreiðanleikakönnunarferlið, og meta á viðvarandi grundvelli ekki aðeins alla viðkomandi fjármálaáhættu heldur einnig alla viðkomandi áhættu tengda sjálfbærni sem kynni að hafa verulega neikvæð áhrif á ávöxtun af fjárfestingu eða ráðgjöf. Því ættu aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar að tilgreina í stefnumálum sínum hvernig þeir fella þá áhættu inn og birta þá stefnu sína.
- 13) Í þessari reglugerð er gerð krafa um að aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar sem veita fjárfestingarráðgjöf eða váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir (IBIP), án tillits til hönnunar fjármálaafurðarinnar og markhópsins, birti skriflega stefnu sína um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn og tryggt gagnsæi slíkrar innfellingar.
- 14) Með áhættu tengda sjálfbærni er átt við atvik eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttá, sem, ef það kemur upp, gæti haft veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar, eins og tilgreint er í sérslögum, einkum í tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97, (ESB) 2016/2341, eða í framseldum gerðum og tæknilegum eftirlitsstöðlum sem hafa verið samþykktir samkvæmt þeim.
- 15) Þessi reglugerð ætti ekki að hafa áhrif á reglurnar um samþættingu áhættu samkvæmt tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, (ESB) 2016/97, (ESB) 2016/2341, og reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (ESB) nr. 346/2013, svo og í landslögum um séreignarafurðir og einstakar afurðir, þ.m.t. en takmarkast þó ekki við viðeigandi, gildandi meðalhöfsviðmið, svo sem stærð, innra skipulag og eðli, umfang og það hve starfsemin sem um

ræðir er flókin. Í þessari reglugerð er leitast við að ná meira gagnsæi um það hvernig aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar fella áhættu tengda sjálfbærni inn í fjárfestingarákvarðanir sínar og ráðgjöf á sviði fjárfestinga eða váttrygginga. Þegar mat á áhættu tengdri sjálfbærni leiðir til þeirrar niðurstöðu að fyrir hendi sé ekki nein áhætta tengd sjálfbærni sem talin er skipta máli fyrir fjármálaafurðina, ætti að greina frá ástæðum þess. Ef matið leiðir til þeirrar niðurstöðu að þessi áhætta skipti máli ætti að birta upplýsingar um að hve miklu leyti þessi áhætta tengd sjálfbærni kynni að hafa áhrif á arðsemi fjármálaafurðarinnar, annaðhvort á eigindlegan eða meginindlegan hátt. Mat aðila á fjármálamarkaði á áhættu tengdri sjálfbærni og veiting tengdra upplýsinga áður en samningur er gerður ætti að vera hluti af þeim upplýsingum sem fjármálaráðgjafar veita áður en samningur er gerður. Fjármálaráðgjafar ættu, áður en þeir veita ráðgjöf sína, að birta upplýsingar um hvernig þeir taki tillit til áhættu tengda sjálfbærni við val á endanlegri afurð sem er kynnt fyrir endanlegum fjárfestum, óháð því hvað endanlegir fjárfestar kjósa helst að því er varðar sjálfbærni. Þetta ætti ekki að hafa áhrif á beitingu ákvæða úr landslögum sem leiða í lög tilskipanir 2014/65/ESB og (ESB) 2016/97, einkum skyldur aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa að því er varðar afurðastýringu, mat á hentugleika og hæfi og prófun á kröfum og þörfum.

- 16) Fjárfestingarákvarðanir og -ráðgjöf gætu valdið, stuðlað að eða tengst beint áhrifum á sjálfbærniþætti sem eru neikvæðir, verulegir eða líklegir til að vera verulegir.
- 17) Nauðsynlegt er, til að tryggja samræmda og samfellda beitingu þessarar reglugerðar, að mæla fyrir um samræmda skilgreiningu á „sjálfbærri fjárfestingu“ þar sem kveðið er á um að félögin sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum og að varúðarreglan „ekki valda umtalsverðu tjóni“ sé tryggð, svo að hvorki umhverfismarkmiðið né félagslega markmiðið verði fyrir verulegu tjóni.
- 18) Ef aðilar á fjármálamarkaði, að teknu tilliti til stærðar þeirra, eðlis og umfangs starfsemi þeirra og tegunda fjármálaafurða sem þeir bjóða, taka tillit til helstu neikvæðu áhrifanna af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti, hvort sem þau eru veruleg eða líkleg til að vera veruleg, ættu þeir að fella inn í ferli sín, m.a. í áreiðanleikakönnunarferlið, verklagsreglur til að taka tillit til helstu neikvæðu áhrifanna ásamt viðkomandi fjárhagslegri áhættu og viðkomandi áhættu tengda sjálfbærni. Í upplýsingum um slíkar verklagsreglur gæti verið lýsing á því hvernig aðilar á fjármálamarkaði rækja sjálfbærnitengdar stjórnunarskyldur sínar eða aðra þáttöku hluthafa. Aðilar á fjármálamarkaði ættu að setja á vefsetur sín upplýsingar um þessar verklagsreglur og lýsingu á helstu neikvæðu áhrifunum. Sameiginleg nefnd Evrópsku bankaeftirlitsstofnunarinnar (EBA) sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010⁽¹⁵⁾, Evrópsku váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunarinnar, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010⁽¹⁶⁾ (EIOPA) og Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, sem komið var á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010⁽¹⁷⁾ (ESMA) („sameiginlega nefndin“) og aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar, ættu, að því er það varðar, að taka tillit til leiðbeininga um áreiðanleikakönnun í ábyrgum viðskiptaháttum fyrirtækja sem Efnahags- og framfarastofnunin (OECD) mótaði og meginreglna um ábyrgar fjárfestingar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa stutt.
- 19) Sé tekið tillit til sjálfbærniþátta þegar fjárfestingarákvarðanir eru teknar og í ráðgjafarferlinu getur það haft í för með sér ávinning sem nær út fyrir fjármálamarkaði. Það getur aukið álagsspol raunhagkerfisins og stöðugleika fjármálakerfisins. Þar með getur það, þegar allt kemur til alls, haft áhrif á áhættu og arðsemi fjármálaafurða. Því er mikilvægt að aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar veiti nauðsynlegar upplýsingar til að gera endanlegum fjárfestum kleift að taka upplýstar fjárfestingarákvarðanir.

⁽¹⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽¹⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

⁽¹⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjútíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

- 20) Aðilar á fjármálamarkaði sem taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti ættu, áður en samningur er gerður, að birta gagnorðar upplýsingar fyrir hverja fjármálaafurð, á eigindlegan eða meginlegan hátt, um hvernig tekið er tillit til slíkra áhrifa, ásamt yfirlýsingu um að upplýsingar um helstu neikvæðu áhrifin á sjálfbærniþætti séu aðgengilegar í áframhaldandi skýrslugjöf. Helstu neikvæðu áhrifin ætti að skilja sem þau áhrif af fjárfestingarákvörðunum og ráðgjöf sem leiða til neikvæðra áhrifa á sjálfbærniþætti.
- 21) Fram til þessa hafa sjálfbærar afurðir verið þróaðar af mismiklum metnaði. Því er nauðsynlegt, að því er varðar birtingu upplýsinga áður en samningur er gerður og birtingu upplýsinga í reglubundnum skýrslum, að gera greinarmun á kröfum sem gilda um fjármálaafurðir sem efla umhverfislega eða félagslega þætti og kröfum sem gilda um fjármálaafurðir sem hafa það að markmiði að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið. Að því er varðar fjármálaafurðir með umhverfislega eða félagslega þætti ættu aðilar á fjármálamarkaði af þessum sökum að birta upplýsingar um hvort og hvernig tilgreind vísitala, sjálfbærnivísitala eða hefðbundin vísitala er samræmd við þá þætti og, ef ekkert viðmiðunargildi er notað, upplýsingar um hvernig sjálfbærnieinkenni fjármálaafurðanna eru uppfyllt. Aðilar á fjármálamarkaði ættu, að því er varðar fjármálaafurðir með það markmið að hafa jákvæð áhrif á umhverfið og samfélagið, að birta hvaða sjálfbæru viðmiðunargildi þeir nota til að meta varanlegan árangur og ef ekkert viðmiðunargildi er notað, skýra með hvaða hætti því sjálfbærnimarkmiði er náð. Þessar upplýsingar á að veita árlega í reglubundnum skýrslum.
- 22) Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á reglur um launakjör eða mat á frammistöðu starfsfólks aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa samkvæmt tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97, (ESB) 2016/2341, og reglugerðum (ESB) nr. 345/2013 og (EU) nr. 346/2013, eða á framkvæmdargerðir og landslög sem gilda um séreignarafurðir og einstakar afurðir, þ.m.t. en þó ekki eingöngu, um viðkomandi, gildandi meðalhófsviðmið eins og stærð, innra skipulag og eðli, umfang og það hversu flókin viðkomandi starfsemi er. Þó er rétt að ná fram meira gagnsæi, á eigindlegan eða meginlegan hátt, um starfskjarastefnu aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa, að því er varðar fjárfestinga- og váttryggingaráðgjöf þeirra, sem stuðla að traustri og skilvirkri áhættustýringu að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni, en á hinn bóginn hvetur starfskjarastefnan ekki til óhóflegrar áhættutöku að því er varðar áhættu tengda sjálfbærni og tengist frammistöðu, að teknu tilliti til áhættu.
- 23) Til að auka gagnsæi og upplýsa endanlega fjárfesta ætti aðgengi að upplýsingum um hvernig aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar fella viðkomandi áhættu tengda sjálfbærni, hvort sem hún er veruleg eða líkleg til að vera veruleg, inn í fjárfestingarákvarðanatökferli sitt, þ.m.t. skipulags-, áhættustýringar- og stjórnunarþætti slíkra ferla, og inn í ráðgjafarferli sitt að lúta kröfum um að þessar aðilar hafi hnitmiðaðar upplýsingar um þessar stefnur á vefsetrum sínum.
- 24) Í núgildandi kröfum um upplýsingagjöf, sem eru settar fram í lögum Sambandsins, er ekki gerð krafa um birtingu allra upplýsinga sem eru nauðsynlegar til að upplýsa endanlega fjárfesta með viðeigandi hætti um sjálfbærnitengd áhrif fjárfestinga þeirra í fjármálaafurðum með umhverfislega eða félagslega þætti eða fjármálaafurðum með sjálfbærnimarkmið. Því er viðeigandi að setja fram sértækari og staðlaðar kröfur um upplýsingagjöf að því er varðar slíkar fjárfestingar. Til dæmis ætti að gera reglulega grein fyrir heildaráhrifum sjálfbærnitengdra fjármálaafurða með vísnum sem eru viðeigandi til að meta sjálfbærnimarkmiðið sem var valið. Þegar viðeigandi vísir hefur verið tilnefndur sem tilvísunarviðmiðun ætti einnig að veita þær upplýsingar fyrir tilnefnda vísinn og einnig fyrir breiðan markaðsvísi til að gefa kost á samanburði. Þegar stjórnendur viðurkenndra félagslegra framtakssjóða gera aðgengilegar upplýsingar um jákvæð félagsleg áhrif sem eru markmið tiltekins sjóðs, um þann félagslega heildarárangur sem hefur náðst og um tengdar aðferðir sem eru notaðar í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 346/2013, gætu þeir, eftir því sem við á, notað slíkar upplýsingar að því er varðar upplýsingagjöf samkvæmt þessari reglugerð.
- 25) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB⁽¹⁸⁾ eru lagðar á skyldur um gagnsæi að því er varðar málefni umhverfisins, samfélagsins og stjórnarháttá fyrirtækja í ófjárhagslegri skýrslugjöf. Form og framsetning sem krafa er gerð um í þeirri tilskipun er hins vegar ekki alveg við hæfi fyrir beina notkun af hálfu aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa þegar þeir eiga í viðskiptum við endanlega fjárfesta. Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar ættu að hafa val um að nota upplýsingar í skýrslu framkvæmdastjórnar og í skýrslum yfir ófjárhagsleg atriði að því er varðar þessa reglugerð og í samræmi við þá tilskipun, eftir því sem við á.

⁽¹⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjttíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

- 26) Til að tryggja að upplýsingar sem eru birtar á vefsetrum aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa séu áreiðanlegar ættu slíkar upplýsingar að vera uppfærðar reglulega og útskýra ætti skilmerkilega hvers kyns endurskoðun eða breytingar á slíkum upplýsingum.
- 27) Þótt þessi reglugerð taki ekki til innlendra almannatryggingakerfa sem reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 taka til ættu aðildarríkin að eiga þess kost að beita þessari reglugerð gagnvart slíkum kerfum til að draga úr misvægi í upplýsingagjöf, í ljósi þess að þau opna í auknum mæli hluta stjórnunar skyldubundinna lífeyriskerfa innan almannatryggingakerfis sinna fyrir aðilum á fjármálamarkaði eða öðrum aðilum samkvæmt einkarétti og þar eð slík kerfi eru óvarin fyrir áhættu tengda sjálfbærni og kynnu að taka tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni, efla umhverfislega eða félagslega þætti eða stunda sjálfbærar fjárfestingar.
- 28) Reglugerð þessi ætti ekki að koma í veg fyrir að aðildarríki samþykki eða hafi áfram í gildi strangari ákvæði um birtingu á stefnu til aðlögunar að loftslagsbreytingum og um viðbótarupplýsingagjöf til endanlegra fjárfesta varðandi áhættu tengda sjálfbærni, að því tilskildu að þeir aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar sem þetta snertir hafi aðalskrifstofur sínar á umráðasvæði þess. Slík ákvæði ættu þó ekki að torvela árangursrika beitingu þessarar reglugerðar eða að hún nái markmiðum sínum.
- 29) Stofnunum um starfstengdan lífeyri er þegar skylt, samkvæmt tilskipun (ESB) 2016/2341, að beita reglum um stjórnarhætti og áhættustýringu gagnvart fjárfestingarákvörðunum sínum og áhættumati til að tryggja samfellu og reglufestu. Fjárfestingarákvarðanir um og mat á viðeigandi áhættu, þ.m.t. umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu, ættu að fara fram á þann hátt að þær tryggi að hagsmunir sjóðfélaga og lífeyrisþega stofnana um starfstengdan lífeyri séu tryggðir. Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin ætti að gefa út leiðbeiningar þar sem tilgreint er hvernig fjárfestingarákvarðanir og áhættumat af hálfu stofnana um starfstengdan lífeyri eigi að taka tillit til umhverfis-, félags- og stjórnunaráhættu samkvæmt þeirri tilskipun.
- 30) Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaeftirlitsstofnunin og Evrópska verðbréfa-markaðseftirlitsstofnunin (einu nafni „evrópsku eftirlitsstofnanir“) ættu að fá umboð, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, til að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina nánar efni, aðferðir og framsetningu upplýsinga í tengslum við sjálfbærnisátt að því er varðar loftslagið og önnur neikvæð áhrif sem tengjast umhverfinu, við félagsleg og starfsmannatengd málefni, við virðingu fyrir mannréttindum og við baráttuna gegn spillingu og mútum, ásamt því að tilgreina framsetningu og efni upplýsinganna að því er varðar að efla umhverfislega eða félagslega eiginleika og sjálfbær fjárfestingarmarkmið sem verða birt í gögnum sem lögð eru fram áður en samningur er gerður, ársskýrslum og á vefsetrum aðila á fjármálamarkaði í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerða (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010. Framkvæmdastjórnin ætti að fá heimild til að samþykkja þessa tæknilegu eftirlitsstaðla með framseldum gerðum skv. 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 10. til 14. gr. reglugerða (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.
- 31) Evrópsku eftirlitsstofnanirnar ættu að fá umboð, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, til að semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem ákvarða staðlaða framsetningu upplýsinga í markaðsefni um eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar. Framkvæmdastjórnin ætti að hafa vald til að samþykkja þessu tæknilegu framkvæmdarstaðla með framkvæmdargerð skv. 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í samræmi við 15. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.
- 32) Þar eð ársskýrslur draga alla jafna saman rekstrarniðurstöður fyrir heil almanaksár ættu ákvæði þessarar reglugerðar varðandi gagnsæiskröfur fyrir slíkar skýrslur ekki að taka gildi fyrr en 1. janúar 2022.
- 33) Reglurnar um upplýsingagjöf í þessari reglugerð ættu að vera til viðbótar við ákvæðin í tilskipunum 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97 og (ESB) 2016/2341, og reglugerðum (ESB) nr. 345/2013, (ESB) nr. 346/2013, (ESB) 2015/760 og (ESB) 2019/1238.
- 34) Í þessari reglugerð er tekið tillit til þeirra grundvallarréttinda og þeim meginreglum fylgt sem einkum eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 35) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að styrkja vernd endanlegra fjárfesta og bæta upplýsingagjöf til þeirra, m.a. þegar um er að ræða innkaup endanlegra fjárfesta yfir landamæri, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna þarfarinnar á að mæla fyrir um samræmdar kröfur um upplýsingagjöf, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og sett er fram í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð er mælt fyrir um samræmdar reglur fyrir aðila á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafa um gagnsæi að því er varðar hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn og tekið er tillit til neikvæðra áhrifa á sjálfbærni í ferlum þeirra og að því er varðar veitingu upplýsinga sem tengjast sjálfbærni í tengslum við fjármálaafurðir.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „aðili á fjármálamarkaði“:
 - a) váttryggingafélag sem veitir váttryggingatengda fjárfestingarafurð (IBIP),
 - b) verðbréfafyrirtæki sem veitir þjónustu á sviði stýringar eignasafns,
 - c) stofnun um starfstengdan lífeyri (IORP),
 - d) framleiðandi lífeyrisafurðar,
 - e) rekstraraðili sérhæfðra sjóða (AIFM),
 - f) seljandi samevrópskrar séreignarafurðar (PEPP),
 - g) rekstraraðili viðurkennds áhættufjármagnssjóðs sem er skráður í samræmi við 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013,
 - h) rekstraraðili viðurkennds, félagslegs framtakssjóðs sem er skráður í samræmi við 15. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013,
 - i) rekstraraðili verðbréfasjóðs (rekstrarfélag UCITS) eða
 - j) lánastofnun sem veitir þjónustu á sviði stýringar eignasafns,
- 2) „váttryggingafélag“: váttryggingafélag með starfsleyfi í samræmi við 18. gr. tilskipunar 2009/138/EB,
- 3) „váttryggingatengd fjárfestingarafurð“ eða „IBIP“:
 - a) váttryggingatengd fjárfestingarafurð eins og hún er skilgreind í 2. lið 4. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 ⁽¹⁹⁾, eða
 - b) váttryggingaafurð sem er gerð aðgengileg fagfjárfesti og er með líftíma- eða endurkaupsvirði sem er að öllu leyti eða að hluta óvarið, beint eða óbeint, gagnvart markaðsflökti,
- 4) „rekstraraðili sérhæfðra sjóða“: rekstraraðili sérhæfðra sjóða eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
- 5) „verðbréfafyrirtæki“: verðbréfafyrirtæki eins og það er skilgreint í 1. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 6) „stýring eignasafns“: stýring eignasafns, eins og hún er skilgreind í 8. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 7) „stofnun um starfstengdan lífeyri“ eða „IORP“: stofnun um starfstengdan lífeyri með starfsleyfi eða skráð í samræmi við 9. gr. tilskipunar (ESB) 016/2341, að undanskilinni stofnun sem aðildarríki hefur kosið að beita 5. gr. þeirrar tilskipunar eða stofnun sem starfrækir lífeyriskerfi sem samanlagt hafa færri en 15 aðila í heild,

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkðar og váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (Stjútíð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

- 8) „lífeyrisafurð“:
 - a) lífeyrisafurð eins og um getur í e-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 1286/2014 eða
 - b) einstök lífeyrisafurð eins og um getur í g-lið 2. mgr. 2. gr. reglugerðar (ESB) 1286/2014,
- 9) „samevrópsk séreignarafurð“ eða „PEPP“: afurð eins og um getur í 2. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238,
- 10) „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“:
 - a) rekstrarfélag eins og það er skilgreint í b-lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 2009/65/EB eða
 - b) fjárfestingarfélag með starfsleyfi í samræmi við tilskipun 2009/65/EB sem hefur ekki tilnefnt rekstrarfélag með starfsleyfi samkvæmt þeirri tilskipun fyrir rekstur sinn,
- 11) „fjármálaráðgjafi“:
 - a) váttryggingamiðlari sem veitir váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir,
 - b) váttryggingafélag sem veitir váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir,
 - c) lánastofnun sem veitir fjárfestingarráðgjöf,
 - d) verðbréfafyrirtæki sem veitir fjárfestingarráðgjöf,
 - e) rekstraraðili sérhæfðra sjóða sem veitir fjárfestingarráðgjöf í samræmi við i. lið b-liðar 4. mgr. 6. gr. Tilskipunar 2011/61/ESB,
 - f) rekstrarfélag verðbréfasjóðs sem veitir fjárfestingarráðgjöf í samræmi við i. lið b-liðar 3. mgr. 6. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
- 12) „fjármálaafurð“:
 - a) eignasafn sem er stjórnað í samræmi við 6. lið þessarar greinar,
 - b) sérhæfður sjóður (AIF),
 - c) váttryggingatengd fjárfestingarafurð (IBIP),
 - d) lífeyrisafurð,
 - e) lífeyriskerfi,
 - f) verðbréfasjóður, eða
 - g) samevrópsk séreignarafurð (PEPP),,
- 13) „sérhæfðir sjóðir“ eða „AIF-sjóðir“: AIF-sjóðir eins og þeir eru skilgreindir í a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
- 14) „lífeyriskerfi“: lífeyriskerfi eins og það er skilgreint í 2. lið 6. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341,
- 15) „rekstrarfélag verðbréfasjóðs“ eða „UCITS“: fyrirtæki með starfsleyfi í samræmi við 5. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
- 16) „fjárfestingarráðgjöf“: fjárfestingarráðgjöf eins og hún er skilgreind í 4. lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
- 17) „sjálfbær fjárfesting“: fjárfesting í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfismarkmiði, eins og það er mælt, t.d., með lykilverkum um skilvirka nýtingu auðlinda að því er varðar orkunotkun, endurnýjanlega orku, hráefni, vatn og land, framleiðslu á úrgangi og losun gróðurhúsalofttegunda, eða áhrif þessa á líffræðilega fjölbreytni og hringrásarhagkerfið eða fjárfestingu í atvinnustarfsemi sem stuðlar að félagslegu markmiði, einkum fjárfestingu sem stuðlar að því að tekið sé á ójöfnuði eða sem hlúir að félagslegri samheldni, félagslegri aðlögun og tengslum milli aðila vinnumarkaðarins, eða fjárfestingu í mannaúði eða efnahagslega eða félagslega illa settum sveitarfélögum, að því tilskildu að slíkar fjárfestingar skaði ekki umtalsvert eitthvert þessara markmiða og að félögin sem fjárfest er í fylgi góðum stjórnarháttum, einkum að því er varðar traust stjórnunarfyrikomulag, samskipti við starfsmenn, launakjör starfsmanna og að skattareglum sé fylgt,
- 18) „fagfjárfestir“: viðskiptavinur sem uppfyllir viðmiðin sem mælt er fyrir um í II. viðauka við tilskipun 2014/65/ESB,
- 19) „almennur fjárfestir“: fjárfestir sem er ekki fagfjárfestir,
- 20) „váttryggingamiðlari“: váttryggingamiðlari eins og hann er skilgreindur í 3. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97,

- 21) „vátryggingaráðgjöf“: ráðgjöf eins og hún er skilgreind í 15. lið 1. mgr. 2. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97,
- 22) „áhætta tengd sjálfbærni“: atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarhátta sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar,
- 23) „evrópskur langtímafjárfestingarsjóður“ eða „ELTIF“: sjóður með starfsleyfi í samræmi við 6. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760,
- 24) „sjálfbærniþættir“: umhverfis-, félags- og starfsmannatengd mál, virðing fyrir mannréttindum, mál sem varða baráttuna gegn spillingu og mítum.

3. gr.

Gagnsæi í áhættustefnu um sjálfbærni

1. Aðilar á fjármálamarkaði skulu birta á vefsetrum sínum upplýsingar um stefnur sínar um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanatökufurli þeirra.
2. Fjármálaráðgjafar skulu birta á vefsetrum sínum upplýsingar um stefnur sínar um hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingar- eða vátryggingaráðgjöf þeirra.

4. gr.

Gagnsæi í tengslum við neikvæð áhrif á sjálfbærni á einingastigi

1. Aðilar á fjármálamarkaði skulu birta og uppfæra á vefsetrum sínum:
 - a) ef þeir taka tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti, yfirlýsingu um stefnur um áreiðanleikakönnun að því er varðar þessi áhrif, að teknu tilliti til stærðar þeirra, eðlis og umfangs starfsemi þeirra og þeirra gerða fjármálaafurða sem þeir veita, eða
 - b) ef þeir taka ekki tillit til neikvæðra áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti, skýrar ástæður fyrir því hvers vegna þeir gera það ekki, þ.m.t., ef við á, upplýsingar um hvort og hvenær þeir hyggjast taka tillit til slíkra neikvæðra áhrifa.
2. Aðilar á fjármálamarkaði skulu að minnsta kosti hafa eftirfarandi með í upplýsingunum sem veittar eru í samræmi við a-lið 1. mgr.:
 - a) upplýsingar um stefnur sínar um greiningu og forgangsröðun helstu neikvæðu áhrifanna á sjálfbærni og vísa,
 - b) lýsingu á helstu neikvæðu áhrifunum á sjálfbærni og á hvers kyns aðgerðum þar að lútandi sem gripið hefur verið til eða, ef við á, eru fyrirhugaðar,
 - c) stutta samantekt á þáttökustefnu í samræmi við 3. gr. g í tilskipun 2007/36/EB, ef við á,
 - d) tilvísun í fylgni þeirra við reglur um ábyrga viðskiptahætti fyrirtækja og alþjóðlega viðurkennda staðla um áreiðanleikakönnun og skýrslugjöf og, ef við á, að hve miklu leyti þær eru í samræmi við markmið Parísarsamningsins.
3. Þrátt fyrir 12. mgr. skulu aðilar á fjármálamarkaði sem á dagsetningu efnahagsreiknings fara yfir viðmiðið um 500 starfsmenn að meðaltali á fjárhagsárinu, frá og með 30. júní 2021, birta og uppfæra á vefsetrum sínum yfirlýsingu um stefnur sínar um áreiðanleikakönnun að því er varðar helstu neikvæðu áhrifin af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti. Sú yfirlýsing skal að minnsta kosti að hafa að geyma upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.
4. Þrátt fyrir 1. mgr. þessarar greinar skulu aðilar á fjármálamarkaði sem eru móðurfélög stórrar samstæðu eins og um getur í 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 2013/34/ESB og sem á dagsetningu efnahagsreiknings samstæðunnar, á samstæðugrunni, fara yfir viðmiðið um 500 starfsmenn að meðaltali á fjárhagsárinu, birta og uppfæra á vefsetrum sínum yfirlýsingu um stefnur sínar um áreiðanleikakönnun að því er varðar helstu neikvæðu áhrifin af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti. Þessi tilkynning skal að minnsta kosti innihalda upplýsingarnar sem um getur í 2. mgr.

5. Fjármálaráðgjafar skulu birta og uppfæra á vefsetrum sínum:

- a) upplýsingar um hvort þeir, að teknu tillýðilegu tilliti til stærðar sinnar, eðlis og umfangs starfsemi og þær tegundir fjármálaafurða sem þeir veita ráðgjöf um, taka tillit til helstu neikvæðu áhrifanna á sjálfbærniþætti í ráðgjöf sinni um fjárfestingar eða váttryggingar, eða
- b) upplýsingar um það hvers vegna þeir taki ekki tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti í fjárfestingaráðgjöf sinni eða váttryggingaráðgjöf og, ef við á, þ.m.t. upplýsingar um hvort og þá hvenær þeir hyggjast taka tillit til slíkra neikvæðra áhrifa.

6. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar og eigi síðar en 30. desember 2020, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í samræmi við 10. til 14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 um efni, aðferðir og framsetningu upplýsinga sem um getur í 1. til 5. mgr. þessarar greinar að því er varðar sjálfbærniáhrif í tengslum við neikvæð áhrif á loftslagið og önnur umhverfistengd neikvæð áhrif.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, ef við á, leita eftir álitni Umhverfisstofnunar Evrópu og sameiginlegrar rannsóknarmiðstöðvar framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

7. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar og eigi síðar en 30. desember 2021, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum í samræmi við 10. til 14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 um efni, aðferðir og framsetningu upplýsinganna sem um getur í 1. til 5. mgr. þessarar greinar að því er varðar sjálfbærniáhrif í tengslum við neikvæð áhrif á sviði félagslegra og starfsmannatengdra málefna, virðingu fyrir mannréttindum og málefnum sem tengjast baráttunni gegn spillingu og mútum.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

5. gr.

Gagnsæi starfskjarastefnu í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn

1. Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar skulu í starfskjarastefnum sínum hafa upplýsingar um hvernig þær stefnur samræmast innfellingu áhættu tengda sjálfbærni og skulu birta þær upplýsingar á vefsetrum sínum.
2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. skulu hafðar með í starfskjarastefnum sem aðilum á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjöfum ber skylda til að koma á og uppfæra í samræmi við sérlög, einkum tilskipanir 2009/65/EB, 2009/138/EB, 2011/61/ESB, 2013/36/ESB, 2014/65/ESB, (ESB) 2016/97 og (ESB) 2016/2341.

6. gr.

Gagnsæi í tengslum við hvernig áhætta tengd sjálfbærni er felld inn

1. Aðilar á fjármálamarkaði skulu láta lýsingar á eftirfarandi fylgja með í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður:

- a) á hvern hátt áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingarákvarðanir þeirra og
- b) á niðurstöðum mats á líklegum áhrifum áhættu tengda sjálfbærni á ávöxtun fjármálaafurða sem þeir gera aðgengilegar.

Ef aðilar á fjármálamarkaði telja að áhætta tengd sjálfbærni eigi ekki við skulu lýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein hafa að geyma skýra og gagnorða skýringu á ástæðunum fyrir því.

2. Fjármálaráðgjafar skulu láta lýsingar á eftirfarandi fylgja með í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður:

- a) á hvern hátt áhætta tengd sjálfbærni er felld inn í fjárfestingar- eða váttryggingaráðgjöf þeirra og
- b) á lýsingu á mati á líklegum áhrifum áhættu tengdri sjálfbærni á ávöxtun fjármálaafurða sem þeir veita ráðgjöf um.

Ef fjármálaráðgjafar telja að áhætta tengd sjálfbærni eigi ekki við skulu lýsingarnar sem um getur í fyrstu undirgrein hafa að geyma skýra og gagnorða skýringu á ástæðunum fyrir því.

3. Upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu birtar á eftirfarandi hátt:
- að því er varðar rekstraraðila sérhæfðra sjóða, í upplýsingunum til fjárfesta sem um getur í 1. mgr. 23. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
 - að því er varðar váttryggingafélög, í upplýsingunum sem um getur í 2. mgr. 185. gr. tilskipunar 2009/138/EB eða, ef við á, í samræmi við 1. mgr. 29. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97,
 - að því er varðar stofnun um starfstengdan lífeyri, í upplýsingunum sem um getur í 41. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341,
 - að því er varðar stjórnendur viðurkenndra áhættufjármagnssjóða, í upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013,
 - að því er varðar stjórnendur viðurkenndra félagslegra framtakssjóða, í upplýsingunum sem um getur í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013,
 - að því er varðar framleiðendur lífeyrisafurða, skriflega í tæka tíð áður en almennur fjárfestir er bundinn af samningi sem tengist lífeyrisafurð,
 - að því er varðar rekstrarfélög verðbréfasjóða, í lýsingunni sem um getur í 69. gr. tilskipunar 2009/65/EB,
 - að því er varðar verðbréfafyrirtæki sem veita þjónustu á viði stýringar eignasafns eða veita fjárfestingarráðgjöf, í samræmi við 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - að því er varðar lánastofnanir sem veita þjónustu á sviði stýringar eignasafns eða veita fjárfestingarráðgjöf, í samræmi við 4. mgr. 24. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - að því er varðar váttryggingamiðlara og váttryggingafélög sem veita váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir og að því er varðar váttryggingamiðlara sem veita váttryggingaráðgjöf að því er varðar lífeyrisafurðir sem eru óvarðar fyrir markaðssveiflum, í samræmi við 1. mgr. 29. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97,
 - að því er varðar rekstraraðila sérhæfðra sjóða sem stjórna evrópskum langtímafjárfestingarsjóðum, í lýsingunni sem um getur í 23. gr. reglugerðar (ESB) 2015/760,
 - að því er varðar seljendur samevrópskrar séreignarafurðar, í lykilupplýsingaskjali samevrópskrar séreignarafurðar sem um getur í 26. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238.

7. gr.

Gagnsæi í tengslum við neikvæð áhrif á sjálfbærni á stigi fjármálaafurða

1. Þegar aðili á fjármálamarkaði beitir a-lið 1. mgr. 4. gr. eða 3. eða 4. mgr. 4. gr. skulu upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr., eigi síðar en 30. desember 2022, hafa að geyma eftirfarandi fyrir hverja fjármálaafurð:

- skýra og rökstudda greinargerð um hvort, og þá hvernig, fjármálaafurð tekur tillit til helstu neikvæðu áhrifa á sjálfbærniþætti,
- yfirlýsingu um að upplýsingar um helstu neikvæðu áhrif á sjálfbærniþætti séu aðgengilegar í þeim upplýsingum sem verða birtar skv. 2. mgr. 11. gr.

Þegar upplýsingar í 2. mgr. 11. gr. fela í sér magnmælingu á helstu neikvæðu áhrifunum á sjálfbærniþætti geta þær upplýsingar stuðst við ákvæði tæknilegra eftirlitsstaðla sem voru samþykktir skv. 6. og 7. mgr. 4. gr.

2. Þegar aðili á fjármálamarkaði beitir b-lið 1. mgr. 4. gr. skulu upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 6. gr. fela í sér yfirlýsingu fyrir sérhverja fjármálaafurð um að aðilinn á fjármálamarkaði taki ekki tillit til neikvæðra áhrifa af fjárfestingarákvörðunum á sjálfbærniþætti og ástæðurnar fyrir því.

8. gr.

Gagnsæi í tengslum við eflingu umhverfislega eða félagslegra þátta í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður

1. Ef fjármálaafurð eflir, meðal annars, umhverfislega eða félagslega þætti, eða samsetningu þessara þátta, að því tilskildu að félögin sem fjárfestir er í fylgi góðum stjórnarháttum, skulu upplýsingarnar sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr. fela í sér eftirfarandi:

- upplýsingar um hvernig þessir þættir eru uppfylltir,
- hafi vísitala verið tilnefnd sem tilvísunarviðmiðun, upplýsingar um hvort og hvernig þessi vísitala er í samræmi við þessa þætti.

2. Aðilar á fjármálamarkaði skulu hafa með í upplýsingunum, sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr., vísbendingu um hvar finna megi aðferðina sem er notuð við útreikning á vísitölunni sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar.
3. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að tilgreina atriðin er varða framsetningu og innihald upplýsinganna sem verða birtar samkvæmt þessari grein.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þegar þær semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein, taka tillit til margvíslegra fjármálaafurða, einkenna þeirra og munarins á þeim, svo og þess markmiðs að upplýsingagjöf eigi að vera nákvæm, sanngjörn, skýr, ekki villandi, einföld og hnitmiðuð.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 30. desember 2020, leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

9. gr.

Gagnsæi í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður í tengslum við sjálfbærar fjárfestingar

1. Þegar fjármálaafurð hefur sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og vísitala hefur verið tilnefnd sem tilvísunarviðmiðun skal eftirfarandi fylgja með upplýsingunum sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr.:
 - a) upplýsingar um hvernig tilnefnd vísitala er löguð að því markmiði,
 - b) skýring á því hvers vegna og hvernig tilgreinda vísitalan, sem er löguð að því markmiði, er frábrugðin breiðri markaðsvísitölu.
2. Þegar fjármálaafurð hefur sjálfbæra fjárfestingu að markmiði og vísitala hefur ekki verið tilnefnd sem tilvísunarviðmiðun skulu upplýsingarnar sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr. hafa að geyma skýringu á hvernig því markmiði verður náð.
3. Þegar fjármálaafurð hefur samdrátt í losun kolefnis að markmiði skulu upplýsingarnar sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr. hafa að geyma markmiðið um litla áhættu vegna losunar kolefnis, í því skyni að uppfylla langtímamarkmið Parísarsamningsins sem lýtur að hnattrænni hlýnun.

Upplýsingarnar sem um getur í 6. gr. skulu, þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar, þegar viðmiðun ESB vegna loftslagstengdra umbreytinga eða viðmiðun ESB sem eru lagaðar að Parísarsamningnum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011⁽²⁰⁾ eru aðgengilegar, hafa að geyma ítarlega skýringu á því hvernig tryggja eigi áframhaldandi vinnu við að ná því markmiði að draga úr losun kolefnis, í því skyni að uppfylla langtímamarkmið Parísarsamningsins sem lúta að hnattrænni hlýnun.

4. Aðilar á fjármálamarkaði skulu hafa með í upplýsingum sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr. vísbendingu um hvar sé að finna aðferðina sem er notuð við útreikning á vísitölunum sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar og viðmiðunum sem um getur í annarri undirgrein 3. mgr. þessarar greinar.
5. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina atriðin er varða framsetningu og innihald upplýsinganna sem verða birtar samkvæmt þessari grein.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þegar þær semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar greinar, taka tillit til margvíslegra fjármálaafurða, markmiða þeirra eins og um getur í 1., 2. og 3. mgr. og munarins á þeim, svo og þess markmiðs að upplýsingagjöf eigi að vera nákvæm, sanngjörn, skýr, ekki villandi, einföld og hnitmiðuð.

⁽²⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/1011 frá 8. júní 2016 um vísitölur sem notaðar eru sem viðmiðanir í fjármálagæmingum og fjárhagslegum samningum eða til að mæla árangur fjárfestingarsjóða og um breytingu á tilskipunum 2008/48/EB og 2014/17/ESB og reglugerð (ESB) nr. 596/2014 (Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2016, bls.1).

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 30. desember 2020, leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

10. gr.

Gagnsæi í tengslum við eflingu umhverfislegra og félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar á vefsetrum

1. Aðilar á fjármálamarkaði skulu birta og uppfæra á vefsetrum sínum eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja fjármálaafurð sem um getur í 1. mgr. 8. gr. og 1., 2. og 3. mgr. 9. gr.:

- a) lýsingu á umhverfislegum eða félagslegum þáttum eða markmiði um sjálfbæra fjárfestingu,
- b) upplýsingar um aðferðir sem eru notaðar til að meta, mæla og vakta umhverfislega og félagslega þætti eða áhrif sjálfbærra fjárfestinga sem eru valdar fyrir fjármálaafurðina, þ.m.t. gagnalindir hennar, viðmið fyrir mat á undirliggjandi eignum og viðkomandi sjálfbærnisvísar sem eru notaðir til að meta umhverfislega eða félagslega þætti eða varanleg heildaráhrif fjármálaafurðarinnar,
- c) upplýsingarnar sem um getur í 8. og 9. gr.,
- d) upplýsingarnar sem um getur í 11. gr.,

Upplýsingarnar sem verða birtar samkvæmt fyrstu undirgrein skulu vera skýrar, gagnorðar og skiljanlegar fjárfestum. Þær skulu birtar á nákvæman, sanngjarnan, skýran, ekki villandi, einfaldan og hnitmiðaðan hátt og á áberandi og aðgengilegum stað á vefsetrinu.

2. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina efni upplýsinganna sem um getur í a- og b-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. og kröfurnar um framsetningu sem um getur í annari undirgrein þeirrar málsgreinar.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þegar þær semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, taka tillit til margvíslegra tegunda fjármálaafurða, einkenna þeirra og markmiða eins og um getur í 1. mgr. og munarins á þeim. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu uppfæra tæknilega eftirlitsstaðla reglulega í ljósi þróunar á sviði eftirlits og tækni.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 30. desember 2020, leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

11. gr.

Gagnsæi í reglubundnum skýrslum í tengslum við eflingu umhverfislegra og félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar

1. Þegar aðilar á fjármálamarkaði gera fjármálaafurð aðgengilega eins og um getur í 1. mgr. 8. gr. eða í 1., 2. eða 3. mgr. 9. gr., skulu þeir hafa með lýsingu á eftirfarandi í reglubundnum skýrslum:

- a) að því er varðar fjármálaafurð eins og um getur í 1. mgr. 8. gr., að hve miklu leyti umhverfislegir eða félagslegir þættir séu uppfylltir,
- b) að því er varðar fjármálaafurð eins og um getur í 1., 2. eða 3. mgr. 9. gr.:
 - i. sjálfbærnitengdum heildaráhrifum fjármálaafurðar með viðeigandi sjálfbærnisvísu, eða
 - ii. þegar vísitala hefur verið tilnefnd sem tilvísunarviðmiðun, samanburður á sjálfbærnitengdum heildaráhrifum fjármálaafurðar og áhrifum tilnefndrar vísitölu og breiðrar markaðsvísitölu fyrir tilstilli sjálfbærnisvísu.

2. Upplýsingarnar sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar skulu birtar með eftirfarandi hætti:
 - a) að því er varðar rekstraraðila sérhæfðra sjóða, í ársskýrslunni sem um getur í 22. gr. tilskipunar 2011/61/ESB,
 - b) að því er varðar váttryggingafélög, skriflega ár hvert í samræmi við 6. mgr. 185. gr. tilskipunar 2009/138/EB,
 - c) að því er varðar stofnanir um starfstengdan lífeyri, í ársskýrslunni sem um getur í 29. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341,
 - d) að því er varðar stjórnendur viðurkenndra áhættufjármagnssjóða, í ársskýrslunni sem um getur í 12. gr. reglugerðar (ESB) nr. 345/2013,
 - e) að því er varðar stjórnendur viðurkenndra félagslegra framtakssjóða, í ársskýrslunni sem um getur í 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 346/2013,
 - f) að því er varðar framleiðendur lífeyrisafurða, skriflega í ársskýrslunni í samræmi við landslög,
 - g) að því er varðar rekstraraðila verðbréfasjóða, í ársskýrslunni sem um getur í 69. gr. tilskipunar 2009/65/EB.
 - h) að því er varðar verðbréfafyrirtæki sem veita stýringu eignasafns, í reglubundinni skýrslu eins og um getur í 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - i) að því er varðar lánastofnanir sem veita þjónustu á sviði stýringar eignasafns, í reglubundinni skýrslu eins og um getur í 6. mgr. 25. gr. tilskipunar 2014/65/ESB,
 - j) að því er varðar seljendur samevrópskrar séreignarafurðar, í greinargerð um lífeyrisréttindi í samevrópskri, einstaklingsbundinni lífeyrisafurð sem um getur í 36. gr. reglugerðar (ESB) 2019/1238.

3. Að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar, geta aðilar á fjármálamarkaði notað upplýsingarnar í skýrslum framkvæmdastjórnar í samræmi við 19. gr. tilskipunar 2013/34/ESB eða upplýsingar í skýrslum yfir ófjárhagsleg atriði í samræmi við 19. gr. a í þeirri tilskipun, eftir því sem við á.

4. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna sem um getur í 1. mgr.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þegar þær semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein, taka tillit til margvíslegra tegunda fjármálaafurða, einkenna þeirra og markmiða og munarins milli þeirra. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu uppfæra tæknilega eftirlitsstaðla reglulega í ljósi þróunar á sviði eftirlits og tækni.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 30. desember 2020, leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og nr. (ESB) 1095/2010.

12. gr.

Endurmat upplýsinga

1. Aðilar á fjármálamarkaði skulu tryggja að allar upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 3., 5. eða 10. gr. séu uppfærðar. Þegar aðili á fjármálamarkaði breytir slíkum upplýsingum skal birta greinargóða útskýringu á slíkri breytingu á sama vefsetri.
2. Ákvæði 1. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda um fjármálaráðgjafa að því er varðar allar upplýsingar sem eru birtar í samræmi við 3. og 5. gr.

13. gr.

Markaðsefni

1. Aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar skulu, með fyrirvara um strangari löggjöf, einkum tilskipanir 2009/65/EB, 2014/65/ESB og (ESB) 2016/97 og reglugerð (ESB) nr. 1286/2014, tryggja að markaðsefni þeirra stangist ekki á við upplýsingarnar sem eru birtar samkvæmt þessari reglugerð.
2. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar geta, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, samið drög að tæknilegum framkvæmdarstöðlum sem ákvarða staðlaða framsetningu á upplýsingum um eflingu umhverfislegra eða félagslegra þátta og sjálfbærar fjárfestingar.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að samþykkja tæknilegu framkvæmdarstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein í samræmi við 15. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.

14. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld sem eru tilnefnd í samræmi við sérlög, einkum sérlögin sem um getur í 3. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, og í samræmi við tilskipun 2013/36/ESB, hafi eftirlit með því að aðilar á fjármálamarkaði og fjármálaráðgjafar fari að kröfunum í þessari reglugerð. Lögbær yfirvöld skulu hafa allar nauðsynlegar valdheimildir til eftirlits og rannsóknna til að þau geti sinnt hlutverki sínu samkvæmt þessari reglugerð.
2. Lögbær yfirvöld skulu, að því er varðar þessa reglugerð, vinna saman og skulu afhenda hvert öðru, án ástæðulausrar tafar, þær upplýsingar sem skipta máli til að þau geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

15. gr.

Gagnsæi hjá stofnunum um starfstengdan lífeyri og váttryggingamiðlurum

1. Stofnanir um starfstengdan lífeyri skulu birta og uppfæra upplýsingarnar sem um getur í 3. til 7. gr. og í fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar í samræmi við f-lið 2. mgr. 36. gr. tilskipunar (ESB) 2016/2341.
2. Váttryggingamiðlarar skulu senda upplýsingarnar sem um getur í 3. gr., 5. mgr. 4. gr., 5. gr., 6. gr. og fyrstu undirgrein 1. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar í samræmi við 23. gr. tilskipunar (ESB) 2016/97.

16. gr.

Lífeyrisafurðir sem falla undir reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009

1. Aðildarríkin geta ákveðið að beita þessari reglugerð gagnvart framleiðendum lífeyrisafurða sem reka innlend almannatryggingakerfi sem falla undir reglugerðir (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009. Framleiðendur lífeyrisafurða eins og um getur í d-lið 1. liðar í 2. gr. þessarar reglugerðar skulu, í slíkum tilvikum, hafa með framleiðendur lífeyrisafurða sem stjórna innlendum almannatryggingakerfum og lífeyrisafurða sem um getur í 8. lið 2. gr. þessarar reglugerðar. Líta skal svo á, í slíkum tilvikum, að skilgreiningin á lífeyrisafurð í 8. lið 2. gr. þessarar reglugerðar feli í sér lífeyrisafurðir sem um getur í fyrsta málslið.
2. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku eftirlitsstofnununum um allar ákvarðanir sem eru teknar skv. 1. mgr.

17. gr.

Undanþágur

1. Reglugerð þessi skal hvorki gilda um váttryggingamiðlara sem veita váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir né um verðbréfafyrirtæki sem veita fjárfestingaráðgjöf og sem eru fyrirtæki, án tillits til félagsforms þeirra, þ.m.t. einstaklingar og sjálfstætt starfandi einstaklingar, að því tilskildu að starfsmenn þeirra séu færri en þrír.
2. Aðildarríkin geta ákveðið að beita þessari reglugerð gagnvart váttryggingamiðlurum sem veita váttryggingaráðgjöf að því er varðar váttryggingatengdar fjárfestingarafurðir eða verðbréfafyrirtækjum sem veita fjárfestingaráðgjöf eins og um getur í 1. mgr.
3. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni og Evrópsku eftirlitsstofnununum um sérhverja ákvörðun sem er tekin skv. 2. mgr.

18. gr.

Skýrsla

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu kanna umfang valfrjálsrar birtingar upplýsinga í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. og a-lið 1. mgr. 7. gr. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, eigi síðar en 10. september 2022 og á hverju ári eftir það, senda framkvæmdastjórninni skýrslu um bestu starfsvenjur og setja fram tilmæli um staðla fyrir valfrjálsa skýrslugjöf. Í þeirri ársskýrslu skal kanna afleiðingar áreiðanleikakönnunar á upplýsingagjöf samkvæmt þessari reglugerð og skal veita leiðbeiningar hvað þetta varðar. Sú skýrsla skal birt opinberlega og send til Evrópuþingsins og ráðsins.

19. gr.

Mat

1. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 30. desember 2022, meta beitingu þessarar reglugerðar og skal einkum taka til athugunar:
 - a) hvort viðhalda ætti tilvísuninni í meðalfjölda starfsmanna í 3. og 4. mgr. 4. gr., skipta henni út, eða hvort henni eigi að fylgja önnur viðmið, og skal fhuga ávinninginn og meðalhóf tengdrar stjórnsýslubyrði,
 - b) hvort framkvæmd þessarar reglugerðar sé hamlað vegna skorts á gögnum eða ófullnægjandi gæða þeirra, þ.m.t. vísar um neikvæð áhrif á sjálfbærniþætti af hálfu fyrirtækja sem fjárfest er í.
2. Matinu, sem um getur í 1. mgr., skulu fylgja tillögur að nýrri löggjöf, ef við á.

20. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Reglugerð þessi kemur til framkvæmda frá og með 10. mars 2021.
3. Þrátt fyrir 2. mgr. þessarar greinar, skulu 6. og 7. mgr. 4. gr., 3. mgr. 8. gr., 5. mgr. 9. gr., 2. mgr. 10. gr., 4. mgr. 11. gr. og 2. mgr. 13. gr. koma til framkvæmda frá og með 29. desember 2019 og 1. til 3. mgr. 11. gr. skulu koma til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 27. nóvember 2019.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D. M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

T. TUPPURAINEN

forseti.

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2020/852

2022/EES/38/02

frá 18. júní 2020

um að koma á ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 114. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Markmiðið með 3. mgr. 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er að koma á innri markaði sem vinnur að sjálfbærri þróun Evrópu, m.a. á grundvelli jafnvægis í hagvexti ásamt öflugri umhverfisvernd og auknum umhverfisgæðum.
- 2) Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna samþykkti 25. september 2015 nýjan hnattrænan ramma um sjálfbæra þróun: Áætlun um sjálfbæra þróun árið 2030 („Áætlun 2030“). Áætlunin 2030 hverfist um heimsmarkmiðin um sjálfbæra þróun og nær yfir þrjár víddir sjálfbærni: efnahagslegar, félagslegar og umhverfislegar. Í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 22. nóvember 2016 um næstu skref fyrir sjálfbæra framtíð Evrópu eru markmið um sjálfbæra þróun tengd við stefnuramma Sambandsins til að tryggja að allar aðgerðir Sambandsins og stefnumótandi frumkvæði, bæði innan Sambandsins og á heimsvísu, feli í sér markmiðin um sjálfbæra þróun frá upphafi. Ráðið staðfesti í niðurstöðum sínum frá 20. júní 2017 að Sambandið og aðildarríki þess skuldbyndu sig til að framkvæma 2030-áætlunina að fullu á samræmdan, heildstæðan, samþættan og skilvirkan hátt, í nánú samstarfi við samstarfsaðila og aðra hagsmunaaðila. Hinn 11. desember 2019 birti framkvæmdastjórnin orðsendingu sína um „Grænan samning fyrir Evrópu“.
- 3) Parísarsamningurinn sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar („Parísarsamningurinn“) var samþykktur af hálfu Sambandsins 5. október 2016 (3). Ákvæði c-liðar 1. mgr. 2. gr. Parísarsamningsins miða að því að styrkja viðbrögð við loftslagsbreytingum með því að gera fjármagnsflæði samhæft við ferli í átt að lítilli losun gróðurhúsalofttegunda og þróun viðnáms gegn loftslagsbreytingum, meðal annars. Ráð Evrópusambandsins samþykkti, í því sambandi, ályktanir um loftslagsbreytingar 12. desember 2019. Í því ljósi er reglugerð þessi mikilvægt skref í átt að því markmiði að ná fram loftslagshlutlausu Sambandi eigi síðar árið 2050.
- 4) Sjálfbærni og umbreyting yfir í öruggt, loftslagshlutlaust, hringrásarhagkerfi með litla losun kolefnis, betra viðnám gegn loftslagsbreytingum og betri nýtingu auðlinda sinna eru mikilvæg til að tryggja samkeppnishæfni hagkerfis Sambandsins til langs tíma. Sjálfbærni hefur löngum verið mikilvægur þáttur í verkefnum Sambandsins og sáttmálinn um Evrópusambandið og sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins endurspeglar samfélags- og umhverfisþætti hennar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 198, 22.6.2020, bls. 13. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) og bókun 37 við EES-samninginn með skrá sem kveðið er á um í 101. gr. (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB C 62, 15.2.2019, bls. 103.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 28. mars 2019 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og afstaða ráðsins eftir fyrstu umræðu frá 15. apríl 2020 (Stjtið. ESB C 184, 3.6.2020, bls. 1). Afstaða Evrópuþingsins frá 17. júní 2020 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

(3) Ákvörðun ráðsins (ESB) 2016/1841 frá 5. október 2016 um gerð, fyrir hönd Evrópusambandsins, Parísarsamningsins sem var samþykktur samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Stjtið. ESB L 282, 19.10.2016, bls. 1).

- 5) Í desember 2016 veitti framkvæmdastjórnin nefnd háttsettra sérfræðinga umboð til að þróa allhliða og víðfeðma stefnuáætlun Sambandsins um sjálfbær fjármál. Í skýrslu nefndar háttsettra sérfræðinga sem birt var 31. janúar 2018 er hvatt til þess að komið verði á fót tæknilega öflugu flokkunarkerfi á vettvangi Sambandsins til að það liggi ljóst fyrir hvaða starfsemi telst vera „græn“ eða „sjálfbær“, þar sem byrjað verður á mildun loftslagsbreytinga.
- 6) Framkvæmdastjórnin birti, í orðsendingu sinni 8. mars 2018, aðgerðaáætlun sína um fjármögnun sjálfbærs vaxtar og hratt af stað metnaðarfullri og yfirgripsmikilli áætlun um sjálfbær fjármál. Eitt af markmiðum þessarar aðgerðaáætlunar er að endurskipuleggja fjármagnsstreymi í átt að sjálfbærri fjárfestingu til að ná fram sjálfbærum hagvexti fyrir alla. Gerð sameinaðs flokkunarkerfis fyrir sjálfbæra starfsemi er mikilvægasta og brýnasta aðgerðin í aðgerðaáætluninni. Í aðgerðaáætluninni er það viðurkennt að styrkja þurfi tilfærslu fjármagnsstreymis í átt að aukinni sjálfbærri starfsemi með sameiginlegum, heildrænum skilningi á umhverfislegri sjálfbærni í starfsemi og fjárfestingum. Sem fyrsta skref myndi skýr leiðsögn um starfsemi, sem telst leggja sitt af mörkum til umhverfismarkmiða, hjálpa til við að upplýsa fjárfesta um fjárfestingar sem fjármagna atvinnustarfsemi sem er umhverfislega sjálfbær. Frekari leiðsögn um starfsemi sem stuðlar að öðrum sjálfbærimarkmiðum, m.a. félagslegum markmiðum, kann að verða þróuð á síðari stigum.
- 7) Að teknu tilliti til kerfisbundins eðlis hnattrænna áskorana í umhverfismálum er þörf á kerfisbundinni og framsýnni nálgun á umhverfislegri sjálfbærni sem tekur á aukinni neikvæðri þróun, s.s. loftslagsbreytingum, minnkun á líffræðilegri fjölbreytni, ofnýtingu auðlinda, matvæskort, eyðingu ósonlagsins, súrnun sjávar, rýrnun ferskvatnskerfisins og breytingu á nýtingu lands, svo og á tilkomu nýrra ógnana, s.s. hættulegra íðefna og samanlagðra áhrifa þeirra.
- 8) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB ⁽⁴⁾ kallar á aukna fjármögnun einkageirans á umhverfis- og loftslagstengdum útgjöldum, einkum með því að skapa hvata og aðferðir sem hvetja fyrirtæki til að meta umhverfis-kostnað starfsemi sinnar og hagnað sem leiðir af notkun umhverfisþjónustu.
- 9) Til að ná markmiðunum um sjálfbæra þróun í Sambandinu þarf að beina fjármagnsstreymi yfir í sjálfbærar fjárfestingar. Mikilvægt er að nýta að fullu möguleika innri markaðarins til að ná þessum markmiðum. Í því samhengi er mikilvægt að ryðja úr vegi hindrunum á skilvirkum flutningi fjármagns yfir í sjálfbærar fjárfestingar á innri markaðnum og til að koma í veg fyrir að nýjar hindranir myndist.
- 10) Í ljósi umfangs áskorunarinnar og kostnaðarinnar sem felst í aðgerðarleysi eða því að grípa of seint til aðgerða ætti smám saman að aðlaga fjármálakerfið til að það styðji við sjálfbæra starfsemi hagkerfisins. Í því skyni þurfa sjálfbær fjármál að verða hefðbundin og taka þarf tillit til áhrifa sjálfbærni á fjármálaafurðir og -þjónustu.
- 11) Aðgengi að fjármálaafurðum sem miða að því að ná umhverfislega sjálfbærum markmiðum er skilvirk leið til að beina einkafjárfestingum í sjálfbæra starfsemi. Kröfur um að markaðssetja fjármálaafurðir eða fyrirtækjaskuldabréf sem umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar, þ.m.t. kröfur sem aðildarríki og Sambandið setja til að gera aðilum á fjármálamarkaði og útgefendum kleift að nota landsbundin merki, miða að því að auka tiltrú og vitund um umhverfisleg áhrif þessara fjármálaafurða eða fyrirtækjaskuldabréfa til að skapa sýnileika og til að takast á við vanda tengdum „grænþvotti“. Í tengslum við þessa reglugerð vísar grænþvottur til þess að ósanngjarnir samkeppnisyfurburðir fást með því að markaðssetja fjármálaafurð sem umhverfisvæna þegar grundvallarumhverfisstaðlar hafa í reynd ekki verið uppfylltir. Sem stendur hafa fá aðildarríki innleitt merkingarkerfi. Þau kerfi sem þegar eru fyrir hendi byggja á mismunandi flokkunarkerfum fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Vegna pólitískra skuldbindinga samkvæmt Parísarsamningnum og á vettvangi Sambandsins, er líklegt að sífellt fleiri aðildarríki muni innleiða merkingarkerfi eða leggja aðrar kröfur á aðila á fjármálamarkaði eða útgefendur að því er varðar að koma fjármálaafurðum eða fyrirtækjaskuldabréfum á framfæri sem umhverfislega sjálfbærum. Í slíkum tilvikum myndu

⁽⁴⁾ Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1386/2013/ESB frá 20. nóvember 2013 um að koma á fót almennri aðgerðaáætlun Sambandsins á sviði umhverfismála til ársins 2020 „Gott líf innan marka plánetunnar okkar“ (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 171).

aðildarríki nota eigin landsbundin flokkunarkerfi til að ákvarða hvaða fjárfestingar teljist vera sjálfbærar. Ef þessi landsbundnu merkingarkerfi eða kröfur nota mismunandi viðmið til að ákvarða hvaða atvinnustarfsemi getur talist umhverfislega sjálfbær myndi það fæla fjárfesta frá því að fjárfesta yfir landamæri vegna erfiðleika við að bera saman mismunandi fjárfestingartækifæri. Að auki myndu rekstraraðilar sem vilja laða að fjárfestingar hvaðanæva úr Sambandinu þurfa að uppfylla mismunandi viðmið í mismunandi aðildarríkjum til að starfsemi þeirra geti talist umhverfislega sjálfbær. Þegar samræmd viðmið eru ekki fyrir hendi myndi kostnaður því hækka og letja rekstraraðila til að fá aðgang að fjármagnsmörkuðum yfir landamæri að því er varðar sjálfbærar fjárfestingar.

- 12) Samræma ætti viðmiðin til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi getur talist umhverfislega sjálfbær á vettvangi Sambandsins til að ryðja úr vegi hindrunum á starfsemi innri markaðarins að því er varðar fjáröflun fyrir sjálfbærni-verkefni og til að koma í veg fyrir að hindranir myndist sem standa í vegi slíkra verkefna. Með slíkri samræmingu myndi rekstraraðilum veitast auðveldara að safna fé yfir landamæri til umhverfislega sjálfbærrar starfsemi þar eð hægt væri að bera atvinnustarfsemi þeirra saman við samræmd viðmið til að vera valdar sem undirliggjandi eignir fyrir umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar. Slík samræming myndi því auðvelda sjálfbærar fjárfestingar yfir landamæri í Sambandinu.
- 13) Ef aðilar á fjármálamarkaði útskýra ekki fyrir fjárfestum hvernig starfsemin sem þeir fjárfesta í stuðlar að umhverfislegum markmiðum, eða ef þeir nota önnur hugtök í útskýringum sínum á hvað umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi er, mun fjárfestum finnast óhóflega íþyngjandi að skoða og bera saman mismunandi fjármálaafurðir. Komið hefur í ljós að þannig verklag fælir fjárfesta frá því að fjárfesta í umhverfislega sjálfbærum fjármálaafurðum. Enn fremur hefur skortur á tiltrú fjárfesta afar skaðleg áhrif á markaðinn fyrir sjálfbæra fjárfestingu. Einnig hefur komið í ljós að landsbundnar reglur sem settar hafa verið og markaðstengd framtaksverkefni til að taka á þeim vanda innan landamæra, leiða til uppskiptingar á innri markaðnum. Ef aðilar á fjármálamarkaði birta upplýsingar um hvernig og að hve miklu leyti fjármálaafurðir, sem hafa verið settar á markað sem umhverfislega sjálfbærar, fjárfesta í starfsemi sem uppfyllir viðmiðin fyrir umhverfislega sjálfbæra starfsemi samkvæmt þessari reglugerð, og ef aðilar á fjármálamarkaði nota viðmiðin fyrir slíka upplýsingagjöf, sem eru sameiginlegar í öllu Sambandinu, myndi þetta auðvelda fjárfestum að bera saman fjárfestingartækifæri yfir landamæri og hvetja fyrirtæki sem fjárfest er í til að gera viðskiptalíkon sín umhverfislega sjálfbærari. Að auki myndu fjárfestar fjárfesta í umhverfislega sjálfbærum fjármálaafurðum í öllu Sambandinu og þar með betrubæta starfsemi innri markaðarins.
- 14) Til að ryðja úr vegi núverandi hindrunum á starfsemi innri markaðarins og til að koma í veg fyrir að slíkar hindranir myndist í framtíðinni ætti að skylda aðildarríkin og Sambandið til að nota sameiginlegt hugtak fyrir umhverfislega sjálfbæra fjárfestingu þegar innleiddar eru kröfur á landsvísu og á vettvangi Sambandsins varðandi aðilar á fjármálamarkaði eða útgefendur, í því skyni að setja merkimiða á fjármálaafurðir eða fyrirtækjaskuldabréf sem eru markaðssett sem umhverfislega sjálfbær. Til að koma í veg fyrir uppskiptingu markaðarins og að hagsmunir neytenda og fjárfesta skaðist vegna mismunandi hugmynda um umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi ættu landsbundnar kröfur sem aðilar á fjármálamarkaði eða útgefendur verða að hlíta til að markaðssetja fjármálaafurðir eða fyrirtækjaskuldabréf sem umhverfislega sjálfbær, að byggja á samræmdum viðmiðum fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Slíkir aðilar á fjármálamarkaði og útgefendur ná yfir aðila á fjármálamarkaði sem setja á markað umhverfislega sjálfbærar fjármálaafurðir og fyrirtæki sem eru utan fjármálamarkaðar sem gefa út umhverfislega sjálfbær fyrirtækjaskuldabréf.
- 15) Ef sett eru viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi getur það hvatt rekstraraðila, sem falla ekki undir þessa reglugerð, að birta og veita, að eigin frumkvæði, upplýsingar á vefsetrum sínum varðandi umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi sem þeir stunda. Þær upplýsingar munu ekki aðeins auðvelda aðilum á fjármálamarkaði og öðrum viðkomandi aðilum sem tengjast fjármálamörkuðum að greina á auðveldan hátt hvaða rekstraraðilar stunda umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi, heldur munu þær einnig auðvelda þessum rekstraraðilum að afla fjár fyrir umhverfislega sjálfbæra starfsemi sína.

- 16) Flokkun á umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi á vettvangi Sambandsins ætti að gera kleift að móta framtíðarstefnu Sambandsins til að styðja við sjálfbær fjármál, þ.m.t. staðla fyrir umhverfislega sjálfbærar fjármálaafurðir í öllu Sambandinu og hugsanlega innleiðingu á merkjum sem viðurkenna formlega að þeim stöðlum sé hlítt alls staðar í Sambandinu. Það gæti einnig orðið grundvöllur að öðrum efnahagslegum ráðstöfunum og stjórnvaldsráðstöfunum. Samræmdar lagalegar kröfur til að ákvarða umfang umhverfislegrar sjálfbærni fjárfestinga, sem byggðar eru á samræmdum viðmiðum fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi, eru nauðsynlegar sem tilvísun í lög Sambandsins í framtíðinni sem miða að því að greiða fyrir breytingu yfir í sjálfbæra atvinnustarfsemi.
- 17) Í tengslum við að ná markmiðum um sjálfbæra þróun í Sambandinu hafa stefnumótandi ákvarðanir, s.s. að stofna Evrópusjóð fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar, stuðlað að því að beina fjárfestingum einkaaðila, samhliða opinberu fjármagni, að sjálfbærum fjárfestingum. Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1017 ⁽⁵⁾ er tilgreint 40% loftslagstengt fjárfestingarmarkmið fyrir innviða- og nýsköpunarverkefni á vegum Evrópusjóðsins fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar. Almenn viðmið til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi telst vera sjálfbær, þ.m.t. áhrif hennar á umhverfið, gætu skotið stóðum undir svipuð framtaksverkefni Sambandsins til að virkja fjárfestingar sem fylgja loftslagstengdum eða öðrum umhverfismarkmiðum.
- 18) Til að komast hjá því að skaða hagsmuni fjárfesta ættu sjóðsstjórar og stofnanafjárfestar, sem setja fjármálaafurðir á markað, að birta upplýsingar um hvernig og að hve miklu leyti þeir nota viðmiðin fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi til að ákvarða umhverfislega sjálfbærni fjárfestinga sinna. Upplýsingarnar sem eru birtar ættu að gera fjárfestum mögulegt að skilja hlutfallið af fjárfestingum, sem liggja til grundvallar fjármálaafurðinni í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi, sem hundraðshluta allra fjárfestinga sem liggja til grundvallar þeirri fjármálaafurð, og þar með gera fjárfestum mögulegt að skilja hversu umhverfislega sjálfbær fjárfestingin er. Þegar undirliggjandi fjárfestingar fjármálaafurðarinnar eru í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfismarkmiði ættu upplýsingarnar sem verða birtar að tilgreina umhverfismarkmiðið eða -markmiðin sem fjárfestingin sem er undirliggjandi fjármálaafurðinni leggur sitt af mörkum til svo og hvernig og að hve miklu leyti fjárfestingarnar sem eru undirliggjandi fjármálaafurðinni fjármagna umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi og ættu að hafa að geyma ítarlegar upplýsingar um viðeigandi hlutfall starfsemi sem og umbreytingarstarfsemi. Framkvæmdastjórnin ætti að tilgreina upplýsingarnar sem þarf að birta að því er þetta varðar. Þær upplýsingar ættu að gera landsbundnum, lögbærum yfirvöldum kleift að sannreyna að farið sé að þeirri birtingarskyldu og að framfylgja slíkri hlítinu í samræmi við gildandi landslög. Þegar aðilar á fjármálamarkaði taka ekki tillit til viðmiðanna fyrir sjálfbærar fjárfestingar ættu þeir að afhenda yfirlýsingu þar um. Til að komast hjá því að farið sé á svig við birtingarskylduna ætti sú skylda einnig að gilda ef fjármálaafurðir, sem settar eru á markað, eru sagðar efla umhverfislega þætti, þ.m.t. fjármálaafurðir sem hafa það markmið að vernda náttúruna í víðtækum skilningi.
- 19) Birtingarskyldan sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð bæta við reglurnar um sjálfbærnitengda upplýsingagjöf sem mælt er fyrir um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 ⁽⁶⁾. Reglugerð þessi bætir við reglurnar um gagnsæi í birtingu upplýsinga áður en samningur er gerður og í reglubundnum skýrslum sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2016/2088 til að auka gagnsæi og til að aðilar á fjármálamarkaði veiti endanlegum fjárfestum hlutlægan samanburð að því er varðar þann hluta fjárfestinganna sem fjármagna umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi. Skilgreiningin á „sjálfbærri fjárfestingu“ í reglugerð (ESB) 2019/2088 nær yfir fjárfestingar í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfismarkmiði sem ætti, m.a., að innihalda fjárfestingar í „umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi“ í skilningi þessarar reglugerðar. Enn fremur er í reglugerð (ESB) 2019/2088 litið svo á að fjárfesting sé aðeins sjálfbær fjárfesting ef hún skaðar hvers kyns umhverfislegt eða félagslegt markmið ekki verulega, eins og fram kemur í þeirri reglugerð.

⁽⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1017 frá 25. júní 2015 um Evrópusjóð fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar, Evrópusetur fyrir fjárfestingarráðgjöf og Evrópuátt fyrir fjárfestingarverkefni og um breytingu á reglugerðum (ESB) nr. 1291/2013 og (ESB) nr. 1316/2013 – Evrópusjóður fyrir stefnumiðaðar fjárfestingar (Stjtíð. ESB L 169, 1.7.2015, bls. 1).

⁽⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2088 frá 27. nóvember 2019 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálajónustu (Stjtíð. ESB L 317, 9.12.2019, bls. 1).

- 20) Til að tryggja áreiðanleika, samræmi og samanburðarhæfi upplýsingagjafar tengda sjálfbærni í fjármálaþjónustu, ætti birting upplýsinga samkvæmt þessari reglugerð að nota fyrirbyggjandi sjálfbærnivísa að svo miklu leyti sem það er gerlegt, eins og Evrópuþingið lagði til í ályktun sinni um sjálfbær fjármál frá 29. maí 2018 ⁽⁷⁾. Í því samhengi ættu tæknileg matsviðmið, að því marki sem því verður við komið, að byggjast á sjálfbærnivísunum sem um getur í reglugerð (ESB) 2019/2088.
- 21) Að því er varðar atvinnustarfsemi sem fyrirtæki, sem er ekki þurfa að birta upplýsingar samkvæmt þessari reglugerð, kynnu að vera undantekningartilvik þar sem aðilar á fjármálamarkaði geta ekki með góðu móti fengið viðeigandi upplýsingar til að ákvarða á áreiðanlegan hátt samræmi við þau tæknilegu matsviðmið sem eru fastsett samkvæmt þessari reglugerð. Í slíkum undantekningartilvikum og aðeins að því er varðar þá atvinnustarfsemi þar sem ekki hefur verið hægt að fá heildrænar, áreiðanlegar og tímanlegar upplýsingar, ætti að heimila aðilum á fjármálamarkaði að gera viðbótarmat og áætlanir á grundvelli upplýsinga frá öðrum heimildum. Slíkt mat og áætlanir ættu aðeins að bæta upp fyrir takmarkaða og sérstaka hluta æskilegra gagnabáttá og komast að varfærinni niðurstöðu. Aðilar á fjármálamarkaði ættu, til að tryggja að upplýsingar fyrir fjárfesta séu skýrar og ekki villandi, að útskýra grundvöll niðurstaðna sinna, svo og ástæðurnar fyrir því að þurfa að gera slíkt viðbótarmat og álit vegna upplýsingagjafar til endanlegra fjárfesta.
- 22) Í orðsendingu sinni frá 20. júní 2019 um „Viðmiðunarreglur um ófjárhagslega skýrslugjöf: Viðbót við skýrslugjöf um loftslagstengdar upplýsingar“, mælir framkvæmdastjórnin með því að tiltekin stórfyrirtæki gefi skýrslu um helstu, tilteknu loftslagstengda árangursmælikvarða sem byggja á rammanum sem settur er með þessari reglugerð. Upplýsingar um hlutfall veltu, fjárfestingarútgjalda eða rekstrarkostnaðar í slíkum stórum fyrirtækjum sem eru utan fjármálamarkaðar sem tengjast atvinnustarfsemi sem er umhverfislega sjálfbær, svo og helstu árangursmælikvarðar sem eru sérsníðnir fyrir stór fjármálafyrirtæki, eru einkum gagnlegar fyrir fjárfesta sem hafa áhuga á félögum sem bjóða afurðir og þjónustu sem stuðla verulega að þeim umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í þessari reglugerð. Því er viðeigandi að gera kröfu um að svo stór fyrirtæki birti árlega slíka helstu árangursmælikvarða og skilgreini frekar þá kröfu í framseldum gerðum, einkum að því er varðar stór fjármálafyrirtæki. Þar eð það myndi vera óhóflega þvingjandi að láta slíka kröfu taka til smærrí fyrirtækja geta smærrí fyrirtæki sjálf ákveðið hvort þau birta slíkar upplýsingar.
- 23) Til að ákvarða hvort tiltekin atvinnustarfsemi sé sjálfbær ætti að mæla fyrir um tæmandi skrá yfir umhverfismarkmið. Umhverfismarkmiðin sex sem þessi reglugerð ætti að taka til eru: mildun loftslagsbreytinga, aðlögun að loftslagsbreytingum, sjálfbær notkun og verndun vatns og auðlinda sjávar, umskipti yfir í hringrásarhagkerfi, mengunarvarnir og -eftirlit, og vernd og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.
- 24) Atvinnustarfsemi sem fylgir umhverfismarkmiðinu um mildun loftslagsbreytinga ætti að stuðla verulega að stöðugleika í losun gróðurhúsalofttegunda með því að forðast þær eða draga úr þeim með því að efla upptöku gróðurhúsalofttegunda. Atvinnustarfsemin ætti að vera í samræmi við langtíamarkmið Parísarsamningsins um hitastig. Túlka ætti það umhverfismarkmið í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins, þ.m.t. tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB ⁽⁸⁾.
- 25) Atvinnustarfsemi sem fylgir umhverfismarkmiðinu um aðlögun að loftslagsbreytingum ætti að stuðla verulega að því að draga úr eða koma í veg fyrir neikvæð áhrif á loftslagið eins og það er nú eða vænst er að það verði í framtíðinni, eða áhættuna af slíkum neikvæðum áhrifum, hvort sem það er á starfseminum sjálfa eða á fólk, náttúru eða eignir. Túlka ætti það umhverfismarkmið í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins og við Sendai-rammaáætlunina um forvarnir gegn náttúruvá 2015 til 2030.

⁽⁷⁾ Stjttíð. ESB C 76, 9.3.2020, bls. 23.

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006 (Stjttíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).

26) Umhverfismarkmið um sjálfbæra notkun og verndun vatns og auðlinda sjávar ætti að túlka í samræmi við viðkomandi lög Sambandsins, þ.m.t. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 ⁽⁹⁾ og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽¹⁰⁾, 2006/7/EB ⁽¹¹⁾, 2006/118/EB ⁽¹²⁾, 2008/56/EB ⁽¹³⁾ og 2008/105/EB ⁽¹⁴⁾, tilskipanir ráðsins 91/271/EBE ⁽¹⁵⁾, 91/676/EBE ⁽¹⁶⁾ og 98/83/EB ⁽¹⁷⁾ og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/848 ⁽¹⁸⁾ og í samræmi við orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 18. júlí 2007 um „Tekist á við áskoranir vegna vatnsskorts og þurrka í Evrópusambandinu“, frá 14. nóvember 2012 um „Áætlun um að vernda vatnsauðlindir Evrópu“ og frá 11. mars 2019 um „Hnitmiðaða nálgun á lyfjum í umhverfinu“.

27) Umhverfislegt markmið með umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi ætti að túlka í samræmi við viðkomandi lög Sambandsins á sviði hringrásarhagkerfisins, úrgangs og iðefna, þ.m.t. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 ⁽¹⁹⁾, (EB) nr. 1907/2006 ⁽²⁰⁾ og (ESB) 2019/1021 ⁽²¹⁾ og tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB ⁽²²⁾, 2000/53/EB ⁽²³⁾, 2006/66/EB ⁽²⁴⁾, 2008/98/EB ⁽²⁵⁾, 2010/75/ESB ⁽²⁶⁾, 2011/65/ESB ⁽²⁷⁾, 2012/19/ESB ⁽²⁸⁾, (ESB) 2019/883 ⁽²⁹⁾ og (ESB) 2019/904 ⁽³⁰⁾, tilskipun ráðsins 1999/31/EB ⁽³¹⁾, reglugerð framkvæmdastjórnarinnar

⁽⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1380/2013 frá 11. desember 2013 um sameiginlegu sjávarútvegsstefnuna, um breytingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1954/2003 og (EB) nr. 1224/2009 og um niðurfellingu á reglugerðum ráðsins (EB) nr. 2371/2002 og (EB) nr. 639/2004 og ákvörðun ráðsins 2004/585/EB (Stjtið. ESB L 354, 28.12.2013, bls. 22).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjtið. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

⁽¹¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/7/EB frá 15. febrúar 2006 um stjórnun gæða vatns til baða og um niðurfellingu tilskipunar 76/160/EBE (Stjtið. ESB L 64, 4.3.2006, bls. 37).

⁽¹²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/118/EB frá 12. desember 2006 um verndun grunnvatns gegn mengun og spillingu (Stjtið. ESB L 372, 27.12.2006, bls. 19).

⁽¹³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/56/EB frá 17. júní 2008 um ramma um aðgerðir Bandalagsins varðandi stefnu í sjávarumhverfismálum (haftilskipunin) (Stjtið. ESB L 164, 25.6.2008, bls. 19).

⁽¹⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB (Stjtið. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84).

⁽¹⁵⁾ Tilskipun ráðsins 91/271/EBE frá 21. maí 1991 um hreinsun skólps frá þéttbýli (Stjtið. EB L 135, 30.5.1991, bls. 40).

⁽¹⁶⁾ Tilskipun ráðsins 91/676/EBE frá 12. desember 1991 um verndun vatns gegn mengun af völdum nitrata úr landbúnaði (Stjtið. EB L 375, 31.12.1991, bls. 1).

⁽¹⁷⁾ Tilskipun ráðsins 98/83/EB frá 3. nóvember 1998 um gæði neysluvatns (Stjtið. EB L 330, 5.12.1998, bls. 32).

⁽¹⁸⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/848 frá 17. maí 2017 um viðmiðanir og aðferðafræðilega staðla um góða umhverfislega stöðu hafsvæða og forskriftir og staðlaðar aðferðir fyrir eftirlit og mat og um niðurfellingu á ákvörðun 2010/477/ESB (Stjtið. ESB L 125, 18.5.2017, bls. 43).

⁽¹⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjtið. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

⁽²⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjtið. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

⁽²¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1021 frá 20. júní 2019 um þrávirk, lífræn mengunarefni (Stjtið. ESB L 169, 25.6.2019, bls. 45).

⁽²²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjtið. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

⁽²³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjtið. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).

⁽²⁴⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/66/EB frá 6. september 2006 um rafhlöður og rafgeyma og notaðar rafhlöður og rafgeyma og um niðurfellingu tilskipunar 91/157/EBE (Stjtið. ESB L 266, 26.9.2006, bls. 1).

⁽²⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

⁽²⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarmarkir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

⁽²⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/65/ESB frá 8. júní 2011 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði (Stjtið. ESB L 174, 1.7.2011, bls. 88).

⁽²⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/19/ESB frá 4. júlí 2012 um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtið. ESB L 197, 24.7.2012, bls. 38).

⁽²⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/883 frá 17. apríl 2019 um móttökuaðstöðu í höfum til afhendingar úrgangs frá skipum, um breytingu á tilskipun 2010/65/ESB og um niðurfellingu tilskipunar 2000/59/EB (Stjtið. ESB L 151, 7.6.2019, bls. 12).

⁽³⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/904 frá 5. júní 2019 um að draga úr áhrifum tiltekinna plastvara á umhverfið (Stjtið. ESB L 155, 12.6.2019, bls. 1).

⁽³¹⁾ Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).

(ESB) nr. 1357/2014⁽³²⁾ og ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB⁽³³⁾ og 2014/955/ESB⁽³⁴⁾, og við orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 2. desember 2015 um „Hringnum lokað – Aðgerðaáætlun ESB fyrir Hringrásarhagkerfið“ og frá 16. janúar 2018 um „Evrópska stefnuáætlun fyrir plast í hringrásarhagkerfi“.

- 28) Atvinnustarfsemi getur á margan hátt stuðlað verulega að markmiðinu um umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi. Hún getur, t.d., aukið endingu, möguleika á viðgerðum, uppfærslu og endurnýtingu afurða, eða dregið úr notkun auðlinda með hönnun og vali á efnum, greitt fyrir nýjum notkunarmöguleikum, sundurhlutun og niðurrífi í byggingageiranum, einkum til að draga úr notkun byggingarefna og stuðla að endurnýtingu byggingarefna. Hún getur einnig stuðlað verulega að umhverfismarkmiðinu um umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi með því að þróa viðskiptalíkönin „afurð sem þjónusta“ og hringrásarvirðisdeðjur til að afurðir, íhlutir og efniviður nýtist sem best og haldi virði sínu eins lengi og kostur er. Hvers kyns minnkun á innihaldi hættulegra efna í efniviði og afurðum á öllum líffíma þeirra, m.a. með því að skipta þeim út fyrir öruggari valkosti, ætti, að lágmarki, að vera í samræmi við lög Sambandsins. Atvinnustarfsemi getur einnig stuðlað verulega að umhverfismarkmiðinu um umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi með því að draga úr matarsóun í framleiðslu, vinnslu, framsetningu eða dreifingu matvæla.
- 29) Túlka ætti umhverfismarkmiðið um mengunarvarnir og -eftirlit í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins, þ.m.t. tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2004/35/EB⁽³⁵⁾, 2004/107/EB⁽³⁶⁾, 2006/118/EB, 2008/50/EB⁽³⁷⁾, 2008/105/EB, 2010/75/ESB, (ESB) 2016/802⁽³⁸⁾ og (ESB) 2016/2284⁽³⁹⁾.
- 30) Umhverfismarkmiðið um verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa ætti að túlka í samræmi við viðeigandi lög Sambandsins, m.a. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010⁽⁴⁰⁾, (ESB) nr. 511/2014⁽⁴¹⁾ og (ESB) nr. 1143/2014⁽⁴²⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB⁽⁴³⁾, reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97⁽⁴⁴⁾, tilskipanir ráðsins 91/676/EBE og 92/43/EBE⁽⁴⁵⁾, og við orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 21. maí 2003 um „Löggæslu, góða stjórnunarhætti og viðskipti á skógræktarsvæðum (FLEGT)“, frá 3. maí 2011 um

⁽³²⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1357/2014 frá 18. desember 2014 um að skipta út III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB um úrgang og um niðurfellingu tiltekinna tilskipana (Stjtuð ESB L 365, 19.12.2014, bls. 89).

⁽³³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB frá 3. maí 2000 sem kemur í stað ákvörðunar 94/3/EB um skrá yfir úrgang skv. a-lið 1. gr. tilskipunar ráðsins 75/442/EBE um úrgang og ákvörðunar ráðsins 94/904/EB um skrá yfir hættulegan úrgang skv. 4. mgr. 1. gr. tilskipunar ráðsins 91/689/EBE um hættulegan úrgang (Stjtuð. EB L 226, 6.9.2000, bls. 3).

⁽³⁴⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/955/EB frá 18. desember 2014 um breytingu á ákvörðun 2000/532/EB um skrána yfir úrgang samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (Stjtuð. ESB L 370, 30.12.2014, bls. 44).

⁽³⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess Stjtuð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56).

⁽³⁶⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/107/EB frá 15. desember 2004 um arsen, kadmíum, kvikasilfur, nikkell og fjölhringa, arómatísk vetniskolefni í andrúmslofti (Stjtuð. ESB L 23, 26.1.2005, bls. 3).

⁽³⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/50/EB frá 21. maí 2008 um gæði andrúmslofts og hreinna loft í Evrópu (Stjtuð. ESB L 152, 11.6.2008, bls. 1).

⁽³⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/802 frá 11. maí 2016 um að draga úr magni brennisteins í tilteknum tegundum fljótandi eldsneytis (Stjtuð. ESB L 132, 21.5.2016, bls. 58).

⁽³⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2284 frá 14. desember 2016 um að draga úr landsbundinni losun á tilteknum loftmengunarefnum, um breytingu á tilskipun 2003/35/EB og niðurfellingu á tilskipun 2001/81/EB (Stjtuð ESB L 344, 17.12.2016, bls. 1).

⁽⁴⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 frá 20. október 2010 um skyldur rekstraraðila sem setja timbur og timburvörur á markað (Stjtuð. ESB L 295, 12.11.2010, bls. 23).

⁽⁴¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 511/2014 frá 16. apríl 2014 um ráðstafanir fyrir notendur Nagoya-bókunarinnar til að fara að reglum um aðgang að erfðaauðlindum og sanngjarna og réttláta skiptingu hagnaðar af nýtingu þeirra í Sambandinu (Stjtuð. ESB L 150, 20.5.2014, bls. 59).

⁽⁴²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1143/2014 frá 22. október 2014 um að fyrirbyggja og stjórna aðflutningi og útbreiðslu ágengra, framandi tegunda (Stjtuð. ESB L 317, 4.11.2014, bls. 35).

⁽⁴³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/147/EB frá 30. nóvember 2009 um verndun villtra fugla (Stjtuð. ESB L 20, 26.1.2010, bls. 7).

⁽⁴⁴⁾ Reglugerð ráðsins (EB) nr. 338/97 frá 9. desember 1996 um vernd villtra dýra og plantna með því að setja reglur um viðskipti með þau (Stjtuð. EB L 61 3.3.1997, bls. 1).

⁽⁴⁵⁾ Tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu vistgerða og villtra plantna og dýra (Stjtuð. EB L 206, 22.7.1992, bls. 7).

„Líftryggingu okkar, náttúruauð okkar: Áætlun ESB um líffræðilega fjölbreytni til 2020“, frá 6. maí 2013 um „Græna innviði – að styrkja náttúruauð Evrópu“, frá 26. febrúar 2016 um „Aðgerðaáætlun ESB gegn ólöglegum viðskiptum með villt dýr“ og frá 23. júlí 2019 um „Hertar aðgerðir ESB til að vernda og endurheimta skóga heimsins“.

- 31) Atvinnustarfsemi getur stuðlað verulega að umhverfismarkmiðinu um að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi á margvíslegan hátt, m.a. með því að vernda, varðveita eða endurheimta líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi og efla með því vistkerfisþjónustu. Slíkri þjónustu er skipt í fjóra flokka, þ.e.a.s. innkaupaþjónustu, s.s. að útvega mat og vatn, eftirlitsþjónustu, s.s. eftirlit með loftslagi og baráttu gegn sjúkdómum, stuðningsþjónustu, s.s. hringrás næringar-efna og súrefnisframleiðslu og menningarþjónustu, s.s. að veita andlegan ávinning og afþreyingu.
- 32) Að því er varðar þessa reglugerð ætti að líta svo á að hugtakið „sjálfbær skógarstjórnun“ taki tillit til aðferða og notkunar skóga og skóglendis sem stuðla að því að efla líffræðilega fjölbreytni eða stöðva eða koma í veg fyrir hnignun vistkerfa, eyðingu skóga og tap búsvæða með því að hafa hliðsjón af stjórnun og notkun skóga og skóglendis á þann hátt og á þeim hraða sem viðheldur líffræðilegri fjölbreytni þeirra, framleiðslugetu, endurnýjunargetu, lífsþrótti og getu þeirra til að uppfylla, nú og í framtíðinni, viðeigandi vistfræðileg, efnahagsleg og félagsleg hlutverk, á lands-, þjóðar- og alþjóðavettvangi, og sem skaða ekki önnur vistkerfi, eins og sett er fram í ályktun H1 frá annarri ráðherraráðstefnu um verndun skóga í Evrópu 16. til 17. júní 1993 í Helsinki um almennar viðmiðunarreglur fyrir sjálfbæra stjórnun á skógum í Evrópu, ásamt því að taka tillit til reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 995/2010 og (ESB) 2018/841 ⁽⁴⁶⁾ og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 ⁽⁴⁷⁾ og orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 20. september 2013 um „Nýja stefnu ESB um skóga: Fyrir skóga og skóganyttjar“.
- 33) Að því er varðar þessa reglugerð er hugtakið „orkunýtni“ notað í víðum skilningi og ætti að taka tillit til viðeigandi laga Sambandsins, m.a. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 ⁽⁴⁸⁾ og tilskipana Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB ⁽⁴⁹⁾ og (ESB) 2018/844 ⁽⁵⁰⁾, svo og framkvæmdarráðstafana sem voru samþykktar samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB ⁽⁵¹⁾.
- 34) Mæla ætti fyrir um samræmd viðmið fyrir hvert umhverfismarkmið til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi stuðlar verulega að því markmiði. Einn þáttur í samræmdu viðmiðunum ætti að vera að forðast að umhverfismarkmiðin sem sett eru fram í þessari reglugerð verði fyrir umtalsverðu tjóni. Þetta er til þess gert að komast hjá því að fjárfestingar geti talist umhverfislega sjálfbærar í tilvikum þar sem atvinnustarfsemi, sem nýtur góðs af þessum fjárfestingum, veldur umhverfinu svo miklu tjóni að það vegur þyngra en framlag hennar til umhverfismarkmiðs. Slík viðmið ættu að taka tillit til lífsferils afurðanna og þjónustunnar sem þessi atvinnustarfsemi veitir, til viðbótar við umhverfisáhrif sjálfrar atvinnustarfseminnar, m.a. að taka tillit til vísbendinga frá mati á lífsferli sem þegar liggur fyrir, einkum með því að skoða framleiðslu þeirra, notkun og líftíma.

⁽⁴⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 frá 30. maí 2018 um að fella losun gróðurhúsalofttegunda og upptöku frá landnotkun, breyttri landnotkun og skógrækt inn í loftslags- og orkuramann fram til ársins 2030 og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 525/2013 og ákvörðun nr. 529/2013/ESB (Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 1).

⁽⁴⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/2001 frá 11. desember 2018 um að auka notkun orku frá endurnýjanlegum orkugjöfum (Stjtið. ESB L 328, 21.12.2018, bls. 82).

⁽⁴⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1369 frá 4. júlí 2017 um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB (Stjtið. ESB L 198, 28.7.2017, bls. 1).

⁽⁴⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjtið. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).

⁽⁵⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/844 frá 30. maí 2018 um breytingu á tilskipun 2010/31/ESB um orkunýtingu bygginga og um breytingu á tilskipun 2012/27/ESB um orkunýtni (Stjtið. ESB L 156, 19.6.2018, bls. 75).

⁽⁵¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vishönnun að því er varðar orkutengdar vörur (Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).

- 35) Í ljósi sameiginlegrar skuldbindingar Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar um að fylgja meginreglunum sem er að finna í Evrópustof félagslegra réttinda til að styðja við sjálfbæran hagvöxt fyrir alla og viðurkenna mikilvægi alþjóðlegra mannréttinda og réttinda launþega og siðferðisreglna, ætti reglufylgni við lágmarksvernd að vera skilyrði fyrir því að atvinnustarfsemi teljist vera umhverfislega sjálfbær. Atvinnustarfsemi ætti því aðeins að teljast vera umhverfislega sjálfbær ef hún fer fram í samræmi við viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar og meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þ.m.t. yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um grundvallarreglur og réttindi við vinnu, átta grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og alþjóðaréttarskrána. Grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar skilgreina mannréttindi og réttindi launþega sem fyrirtæki ættu að virða. Nokkrir þessara alþjóðlegra staðla eru bundnir í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallar-réttindi, einkum bann við þrælshaldi og nauðungarvinnu og meginreglan um bann við mismunun. Þessar lágmarksverndarráðstafanir eru með fyrirvara um beitingu strangari krafna sem tengjast umhverfinu, heilbrigði, öryggi og félagslegri sjálfbærni sem settar eru fram í lögum Sambandsins, eftir atvikum. Þegar fyrirtæki fara að þessum lágmarksverndarráðstöfunum ættu þau að halda fast í meginregluna „ekki valda umtalsverðu tjóni“ sem um getur í reglugerð (ESB) 2019/2088 og taka tillit til tæknilegra eftirlitsstaðla, sem eru samþykktir samkvæmt þeirri reglugerð, sem tilgreina frekar þá meginreglu.
- 36) Til að tryggja samræmi milli þessarar reglugerðar og reglugerðar (ESB) 2019/2088, ætti þessi reglugerð að breyta reglugerð (ESB) 2019/2088 til að veita evrópsku eftirlitsyfirlöndunum, sem komið var á fót með reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010⁽⁵²⁾, (ESB) nr. 1094/2010⁽⁵³⁾ og (ESB) nr. 1095/2010⁽⁵⁴⁾ (einu nafni „Evrópsku eftirlitsstofnanirnar“), umboð til að semja í sameiningu tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina nánar upplýsingar um efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við meginregluna „ekki valda umtalsverðu tjóni“. Þessir tæknilegu eftirlitsstaðlar ættu að vera í samræmi við innihald, aðferðir og framsetningu sjálfbærnisvísu í tengslum við neikvæð áhrif, eins og um getur í reglugerð (ESB) 2019/2088. Þeir ættu einnig að vera í samræmi við meginreglurnar sem bundnar eru í Evrópustof félagslegra réttinda, viðmiðunarreglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölbjóðleg fyrirtæki, viðmiðunarreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þ.m.t. yfirlýsing Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um grundvallarreglur og -réttindi við vinnu, átta grundvallarsamþykktir Alþjóðavinnuálastofnunarinnar og Alþjóðaréttindaskráin.
- 37) Breyta ætti reglugerð (ESB) 2019/2088 enn frekar til að veita Evrópsku eftirlitsstofnunum umboð til að semja, fyrir milligöngu sameiginlegrar nefndarinnar, drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum til að bæta við reglurnar um gagnsæi í tengslum við eflingu umhverfislegra þátta og umhverfislega sjálfbærar fjárfestingar í upplýsingagjöf áður en samningur er gerður og í reglulegum skýrslum.
- 38) Vegna tæknilegra upplýsinga sem þörf er á til að meta umhverfisáhrif atvinnustarfsemi og örra breytinga á eðli bæði vísinda og tækni, ætti að aðlagða viðmiðin fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi reglulega til að endurspegla slíkar breytingar. Til að viðmiðunarreglurnar séu uppfærðar, á grundvelli vísindagagna og framlags sérfræðinga ásamt viðkomandi hagsmunaaðilum, ætti að tilgreina skilyrðin fyrir „verulegu framlagi“ og „umtalsverðu tjóni“ með meiri nákvæmni fyrir mismunandi atvinnustarfsemi og ætti að uppfæra þau reglulega. Í því skyni ætti framkvæmdastjórnin að fastsetja nákvæm og kvörðuð tæknileg matsviðmið fyrir mismunandi atvinnustarfsemi á grundvelli tæknilegs framlags frá fjölbhagmunavettvangi um sjálfbær fjármál.
- 39) Sum atvinnustarfsemi hefur neikvæð áhrif á umhverfið og með því að draga úr slíkum neikvæðum áhrifum er unnt að leggja verulega af mörkum til eins eða fleiri umhverfismarkmiða. Viðeigandi er, að því er þessa atvinnustarfsemi varðar, að fastsetja tæknileg matsviðmið sem krefjast verulega betri árangurs í umhverfismálum samanborið, m.a., við meðaltal atvinnugreinarinnar en forðast jafnframt skaðleg sjálfhelduáhrif, þ.m.t. skaðleg, kolefnisauðug sjálfhelduáhrif, á efnahagslegum

⁽⁵²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska bankaeftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og niðurfellingu ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2009/78/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 12).

⁽⁵³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1094/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska váttrygginga- og lífeyrissjóðaftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/79/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 48).

⁽⁵⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópskri eftirlitsstofnun (Evrópska verðbrefamarkaðseftirlitsstofnunin), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB (Stjtið. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84).

líftíma hinnar fjármögnuðu atvinnustarfsemi. Í þessum viðmiðum ætti einnig að huga að langtímaáhrifum tiltekinnar atvinnustarfsemi.

- 40) Atvinnustarfsemi ætti ekki að teljast vera umhverfislega sjálfbær ef hún veldur umhverfinu meira tjóni en hlýst af ávinningi hennar. Tæknilegu matsviðmiðin ættu að auðkenna þær nauðsynlegu lágmarkskröfur til að komast hjá því að önnur markmið skaðist verulega, þ.m.t. með því að byggja á lágmarkskröfum sem mælt er fyrir um samkvæmt lögum Sambandsins. Framkvæmdastjórnin ætti, þegar hún fastsetur og uppfærir tæknilegu matsviðmiðin, að tryggja að þessi viðmið séu byggð á tiltækum vísindalegum gögnum, séu mótuð með tilliti til vistferils, þ.m.t. núverandi vistferils-greiningar, og séu uppfærð reglulega. Ef vísindalegt mat gerir ekki kleift að ákvarða áhættu með nægilegri vissu ætti varúðarreglan að gilda í samræmi við 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
- 41) Framkvæmdastjórnin ætti, þegar hún fastsetur og uppfærir tæknileg matsviðmið fyrir umhverfismarkmiðið um mildun loftslagsbreytinga, að taka tillit til og veita hvata fyrir viðvarandi og nauðsynlega umbreytingu yfir í loftslagshlutlaus hagkerfi í samræmi við 2. mgr. 10. gr. þessarar reglugerðar. Til viðbótar við notkun á loftslagshlutlausri orku og auknar fjárfestingar í atvinnustarfsemi og geirum sem nú þegar losa lítið af kolefnum, kallar umbreytingin á verulegan samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda í annari atvinnustarfsemi og geirum þar sem ekki eru neindir tæknilega og fjárhagslega hagkvæmir valkostir sem losa lítið af koltvísýringi. Líta ætti svo á að þessi umbreytingaratvinnustarfsemi stuðli verulega að mildun loftslagsbreytinga ef losun hennar á gróðurhúsalofttegundum er verulega mikið lægri en meðallosun geirans eða starfseminnar, hún hamlar ekki þróun og útbreiðslu lágkolefnisvalkosta og hún leiðir ekki til sjálfheldu eigna sem er ósamrýmanleg við markmiðið um loftslagshlutleysi, með tilliti til efnahagslegs líftíma þessara eigna. Tæknilegu matsviðmiðin fyrir slíkar umbreytingar á atvinnustarfsemi ættu að tryggja að sú umbreytingarstarfsemi miði á trúverðugan hátt að loftslagshlutleysi og þau ætti að aðlaga með reglulegu millibili.
- 42) Atvinnustarfsemi ætti að teljast stuðla verulega að einu eða fleiri þeirra umhverfismarkmiða sem sett eru fram í þessari reglugerð ef hún gerir annari starfsemi kleift að leggja talsvert til eins eða fleiri þessara markmiða. Slík starfsemi sem gerir annari kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum ætti ekki leiða til sjálfheldu eigna sem grafa undan langtíma umhverfismarkmiðum, með tilliti til efnahagslegs líftíma þessara eigna, og ætti að hafa talsverð jákvæð umhverfisáhrif á grundvelli lífsferils.
- 43) Þegar framkvæmdastjórnin fastsetur og uppfærir tæknilegu matsviðmiðin ætti hún að taka tillit til viðeigandi laga Sambandsins, þ.m.t. reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009⁽⁵⁵⁾ og (EB) 66/2010⁽⁵⁶⁾, svo og tilmæla framkvæmdastjórnarinnar 2013/179/ESB⁽⁵⁷⁾ og orðsendingar framkvæmdastjórnarinnar frá 16. júlí 2018 um „Opinber innkaup fyrir betra umhverfi“. Framkvæmdastjórnin ætti, til að komast hjá ónauðsynlegu ósamræmi við flokkun atvinnustarfsemi sem þegar er fyrir hendi í öðrum tilgangi, einnig að taka tillit til hagskýrsluflokkana sem tengjast þjónustugeirum fyrir umhverfistengdar vörur og þjónustu, þ.e.a.s. flokkun umhverfisverndarstarfsemi (CEPA) og flokkun starfsemi á sviði umhverfisstjórnunar (CREMA) í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 538/2018⁽⁵⁸⁾. Þegar framkvæmdastjórnin fastsetur og uppfærir tæknilegu matsviðmiðin ætti hún að taka tillit til fyrirbyggjandi umhverfisvísa og skýrslugjafaramma sem framkvæmdastjórnin og Umhverfisstofnun Evrópu sömdu, meðal annars, og fyrirbyggjandi alþjóðlegra staðla, m.a. þá sem Efnahags- og framfarastofnunin samdi.

⁽⁵⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1221/2009 frá 25. nóvember 2009 um frjálsta aðild fyrirtækja/stofnana að umhverfisstjórnunarkerfi Bandalagsins (EMAS) og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 761/2001 og ákvarðana framkvæmdastjórnarinnar 2001/681/EB og 2006/193/EB (Stjtið. ESB L 342, 22.12.2009, bls. 1).

⁽⁵⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB (Stjtið. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1).

⁽⁵⁷⁾ Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2013/179/ESB frá 9. apríl 2013 um notkun sameiginlegra aðferða til að mæla og miðla vistvænleika á lífsferli vara og stofnana (Stjtið. ESB L 124, 4.5.2013, bls. 1).

⁽⁵⁸⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 538/2014 frá 16. apríl 2014 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 691/2011 um evrópska umhverfisreikninga (Stjtið. ESB L 158, 27.5.2014, bls. 113).

- 44) Þegar framkvæmdastjórnin fastsetur og uppfærir tæknileg matsviðmið ætti hún að taka tillit til sérstakra einkenna innviðageirans og ætti að taka tillit til umhverfislegra, félagslegra og efnahagslegra úthrifa innan kostnaðar- og ábatagreiningar. Í því sambandi ætti framkvæmdastjórnin að taka tillit til viðeigandi laga Sambandsins, þ.m.t. tilskipanir Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB ⁽⁵⁹⁾, 2011/92/ESB ⁽⁶⁰⁾, 2014/23/ESB ⁽⁶¹⁾, 2014/24/ESB ⁽⁶²⁾ og 2014/25/ESB ⁽⁶³⁾, staðlar og núverandi aðferðafræði, ásamt starfsemi alþjóðastofnana, svo sem Efnahags- og framfarastofnunarinnar. Í því samhengi ættu tæknilegu matsviðmiðin að stuðla að viðeigandi stjórnunarramma sem felur í sér umhverfislega, félagslega og stjórnunarlega þætti eins og um getur í Meginreglum um ábyrgar fjárfestingar, sem nutu stuðnings Sameinuðu þjóðanna á öllum stigum lífsferils verkefnisins.
- 45) Tæknilegu matsviðmiðin ættu að tryggja að viðkomandi atvinnustarfsemi innan sérstaks geira geti talist umhverfislega sjálfbær og sé meðhöndluð eins ef hún leggur jafnmikið af mörkum til eins eða fleiri þeirra umhverfismarkmiða sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð. Möguleg geta til að stuðla að þessum umhverfismarkmiðum getur verið breytileg milli geira og ætti það að koma fram í þessum viðmiðum. Innan hvers geira ættu þessi viðmið þó ekki að vera tiltekinni atvinnustarfsemi í óhag umfram aðra ef sú fyrrnefnda stuðlar að umhverfismarkmiðum að sama marki og hin síðarnefnda.
- 46) Þegar framkvæmdastjórnin fastsetur og uppfærir tæknilegu matsviðmiðin fyrir umhverfislega sjálfbæra starfsemi ætti hún að meta hvort fastsetning þessara viðmiða gæti gefið tilefni til strandaðra eigna eða leiða til ósamkvæmra hvata eða hafa annars konar neikvæð áhrif á fjármálamarkaði.
- 47) Framkvæmdastjórnin ætti, til að koma í veg fyrir íþyngjandi kostnað rekstraraðila við reglufylgni, að fastsetja tæknileg matsviðmið sem veita nægilegan skýrleika í lögum, sem eru raunhæf og auðvelt að beita, og að hægt sé að sannreyna hlítinu þeirra innan marka sanngjarns kostnaðar við reglufylgni, og komast þannig hjá óþarfa stjórnsýsluálagi. Svo kann að fara að tæknileg matsviðmið kalli á framkvæmd lífsferilsmats ef það er nægilega framkvæmanlegt og ef nauðsyn krefur.
- 48) Framkvæmdastjórnin ætti, til að tryggja að fjárfestingum sé beint til atvinnustarfsemi sem hefur mestu jákvæðu áhrifin á umhverfismarkmið, að setja í forgang tæknileg matsviðmið fyrir atvinnustarfsemi sem hugsanlega leggur hvað mest af mörkum til umhverfismarkmiðanna.
- 49) Fastsetja ætti viðeigandi tæknileg matsviðmið fyrir flutningageirann, þ.m.t. fyrir færanlegar eignir. Þessi matsviðmið ættu að taka tillit til þeirrar staðreyndar að flutningageirinn, þ.m.t. alþjóðasjóflutningar, losar næstum 26% heildar-útblásturs gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu. Eins og fram kemur í aðgerðaáætluninni um fjármögnun sjálfbærs vaxtar stendur flutningageirinn fyrir um 30% af árlegum viðbótarfjárfestingum sem þörf er á fyrir sjálfbæra þróun í Sambandinu, t.d. til að auka rafvæðingu eða til að styðja við umbreytinguna yfir í hreinni flutningsmáta með því að stuðla að umskiptum í flutningum og betri umferðarstjórnun.
- 50) Þegar framkvæmdastjórnin þróar tæknileg matsviðmið er mikilvægt að hún efni til viðeigandi samráðs í samræmi við áætlunina um bætta lagasetningu. Ferlið við að fastsetja og uppfæra tæknilegu matsviðmiðin ætti að virkja viðeigandi hagsmunaaðila og ætti að byggja á ráðgjöf sérfræðinga sem búa yfir sannreyndri þekkingu og reynslu á viðeigandi sviðum. Framkvæmdastjórnin ætti, í því skyni, að koma á fót vettvangi á sviði sjálfbærra fjármála („Vettvangurinn“). Vettvangurinn ætti að samanstanda af sérfræðingum sem eru fulltrúar fyrir bæði opinbera geirann og einkageirann. Í sérfræðingahópi úr opinbera geiranum ættu að vera fulltrúar Umhverfisstofnunar Evrópu, evrópsku eftirlitsstofnananna, Fjárfestingarbanka Evrópu og Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda. Í hópi sérfræðinga úr

⁽⁵⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/42/EB frá 27. júní 2001 um mat á áhrifum tiltekins skipulags og áætlana á umhverfið (Stjtið. EB L 197, 21.7.2001, bls. 30).

⁽⁶⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/92/ESB frá 13. desember 2011 um mat á áhrifum sem tiltekna framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið (Stjtið. ESB L 26, 28.1.2012, bls. 1).

⁽⁶¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/23/ESB frá 26. febrúar 2014 um gerð sérleyfissamninga (Stjtið ESB L 94, 28.3.2014, bls. 1).

⁽⁶²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/24/ESB frá 26. febrúar 2014 um opinber innkaup og niðurfellingu tilskipunar 2004/18/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 65).

⁽⁶³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/25/ESB frá 26. febrúar 2014 um innkaup stofnana sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2004/17/EB (Stjtið. ESB L 94, 28.3.2014, bls. 243).

einkageiranum ættu að vera fulltrúar aðila á fjármálamarkaði og annarra markaðsaðila og fyrirtækjageira sem eru fulltrúar viðeigandi atvinnugreina, og aðilar með sérþekkingu á reikningsskilum og skýrslugjöf. Vettvangurinn ætti einnig að vera skipaður sérfræðingum sem eru fulltrúar borgaralegs samfélags, m.a. sérfræðingum á sviði umhverfismála, félagsmála, verkalýðsmála og stjórnarháttá. Hvetja ætti aðila á fjármálamarkaði til að upplýsa framkvæmdastjórnina ef þeir telja að atvinnustarfsemi sem uppfyllir ekki tæknilegu matsviðmiðin eða atvinnustarfsemi sem slík viðmið hafa ekki enn verið fastsett fyrir, ætti að teljast vera umhverfislega sjálfbær, til að aðstoða framkvæmdastjórnina við að meta hvort viðeigandi sé að bæta við eða uppfæra tæknilegu matsviðmiðin.

- 51) Vettvangurinn skal skipaður í samræmi við gildandi þverlægar reglur um skipan og rekstur sérfræðingahópa, þ.m.t. að því er varðar valferlið. Valferlið ætti að miða að því að tryggja mikla sérþekkingu, landfræðilegt jafnvægi og jafnt kynjahlutfall, ásamt jöfnuði milli viðeigandi þekkingar, að teknu tilliti til sértækra verkefna vettvangsins. Framkvæmdastjórnin ætti, meðan á valferlinu stendur, að framkvæma mat í samræmi við þessar þverlægu reglur til að ákvarða hvort hagsmunaaðrekstrar séu mögulega fyrir hendi og ætti að grípa til viðeigandi aðgerða til að leysa öll slík ágreiningsmál.
- 52) Vettvangurinn ætti að ráðleggja framkvæmdastjórninni um þróun, greiningu og endurskoðun á tæknilegu matsviðmiðunum, þ.m.t. hugsanleg áhrif slíkra viðmiða á mat á eignum sem teljast vera umhverfislega sjálfbærar eignir samkvæmt gildandi markaðsvenjum. Vettvangurinn ætti einnig að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um hvort heppilegt sé að nota tæknileg matsviðmið í stefnumótandi frumkvæði Sambandsins í framtíðinni sem ætlað er að greiða fyrir sjálfbærum fjárfestingum og um mögulegt hlutverk sjálfbærnireikningsskila og -skýrslugjafarstaðla í að styðja beitingu tæknilegu matsviðmiðanna. Vettvangurinn ætti að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um þróun á frekari ráðstöfunum til að bæta tiltækileika og gæði gagna, að teknu tilliti til markmiðsins um að komast hjá óþarfa stjórnsýsluálagi, um að taka á öðrum sjálfbærnimarkmiðum, m.a. félagslegum markmiðum, og um starfsemi lágmarksverndarráðstafana og um mögulega þörf á að bæta við þær.
- 53) Framkvæmdastjórnin ætti að halda áfram með núverandi sérfræðingahóp aðildarríkjanna um sjálfbær fjármál og veita honum formlega stöðu. Verkefni þessa sérfræðingahóps munu, meðal annars, fela í sér að veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um hvort tæknilegu matsviðmiðin séu viðeigandi og um nálgun vettvangsins að því er varðar þróun þessara viðmiða. Í því skyni ætti framkvæmdastjórnin að halda aðildarríkjunum upplýstum með reglulegum fundum sérfræðingahóps aðildarríkjanna um sjálfbær fjármál.
- 54) Til að tilgreina kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð, og einkum að fastsetja og uppfæra, að því er varðar mismunandi atvinnustarfsemi, nákvæm og kvörðuð tæknileg matsviðmið fyrir „verulegt framlag“ og „umtalsvert tjón“ umhverfismarkmiðanna, ætti að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar upplýsingarnar sem krafist er til að fara að birtingarskyldu samkvæmt þessari reglugerð, og að því er varðar tæknilegu matsviðmiðin. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, m.a. við sérfræðinga, s.s. fyrir milligöngu vettvangsins og sérfræðingahóps aðildarríkjanna um sjálfbær fjármál, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽⁶⁴⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.

⁽⁶⁴⁾ Stjttíð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

- 55) Reglugerð þessi bætir við birtingarkröfurnar sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) 2019/2088. Aðildarríkin ættu, til að tryggja skipulegt og skilvirkt eftirlit með því að aðilar á fjármálamarkaði hlíti ákvæðum þessarar reglugerðar, að reida sig á lögbær yfirvöld sem hafa verið tilnefnd í samræmi við reglugerð (ESB) 2019/2088. Til að framfylgja hlítingu ættu aðildarríkin að auki að mæla fyrir um reglur um ráðstafanir og viðurlög, sem ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Lögbær landsyfirvöld og Evrópsku eftirlitsstofnanirnar ættu að beita heimildum til afurðahlutunar sem mælt er fyrir um í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014⁽⁶⁵⁾, (ESB) nr. 1286/2014⁽⁶⁶⁾ og (ESB) 2019/1238⁽⁶⁷⁾, einnig að því er varðar villandi söluaðferðir eða villandi birtingu sjálfbærnitengdra upplýsinga, þ.m.t. upplýsingar sem krafist er samkvæmt þessari reglugerð.
- 56) Til að tryggja skilvirka og sjálfbæra skipulagningu á starfi og fundum bæði vettvangsins og sérfræðingahóps aðildarríkjanna um sjálfbær fjármál og til að gera fjölda aðila kleift að taka þátt í þeim og stuðla að skilvirkum samskiptum innan hópanna, undirhópa þeirra, framkvæmdastjórnarinnar og hagsmunaaðila, ætti að taka til athugunar að auka notkun stafrænnar tækni, m.a. sýndartækni, ef við á.
- 57) Til að gefa viðkomandi aðilum nægan tíma til að kynna sér viðmiðin fyrir því að teljast vera umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi, sem sett eru fram í þessari reglugerð og til að búa sig undir beitingu hennar, ættu skyldurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð að taka gildi, fyrir sérhvert umhverfismarkmið, 12 mánuðum eftir að viðeigandi tæknilegu matsviðmiðin hafa verið fastsett.
- 58) Ákvæði í þessari reglugerð sem vísa til vottorðstengdra skattaávilnana sem voru fyrir hendi áður en reglugerð þessi öðlaðist gildi eru með fyrirvara um valdheimildir Sambandsins og aðildarríkjanna að því er varðar skattaákvæði, eins og sett er fram í sáttmálunum.
- 59) Endurskoða ætti beitingu þessarar reglugerðar reglulega til að meta, m.a., framvinduna að því er varðar gerð tæknilegra matsviðmiða fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi, mögulega þörf til að endurskoða og bæta við þess viðmið til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi telst vera umhverfislega sjálfbær, skilvirkni flokkunarkerfisins fyrir umhverfislega atvinnustarfsemi við að beina fjárfestingum einkaaðila í slíka starfsemi og einkum að því er varðar flæði fjármagns til einkafyrirtækja og annarra lögaðila, og frekari þróun á því flokkunarkerfi, m.a. með því að víkka gildissvið þess umfram umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi, til að ná yfir starfsemi sem skaðar umhverfið verulega, svo og önnur sjálfbærni-markmið, þ.m.t. félagsleg markmið.
- 60) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins vegna þarfarinnar á að innleiða á vettvangi Sambandsins samræmdar viðmiðanir fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

I. KAFLI

EFNI, GILDISSVIÐ OG SKILGREININGAR

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð eru fastsett viðmið til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi uppfyllir skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær í þeim tilgangi að ákveða að hve miklu leyti fjárfesting er umhverfislega sjálfbær.

⁽⁶⁵⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 600/2014 frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á reglugerð ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtuð. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 84).

⁽⁶⁶⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1286/2014 frá 26. nóvember 2014 um lykilupplýsingaskjöl fyrir pakkaðar og váttrygginga-tengdar fjárfestingarafurðir fyrir almenna fjárfesta (PRIIP) (Stjtuð. ESB L 352, 9.12.2014, bls. 1).

⁽⁶⁷⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/1238 frá 20. júní 2019 um samevrópska séreignarafurð (PEPP) (Stjtuð. ESB L 198, 25.7.2019, bls. 1).

2. Þessi reglugerð gildir um:

- a) ráðstafanir sem aðildarríkin eða Sambandið hafa samþykkt þar sem settar eru fram kröfur fyrir aðila á fjármálamarkaði eða útgefendur að því er varðar fjármálaafurðir eða fyrirtækjaskuldabréf sem gerð eru aðgengileg sem umhverfislega sjálfbær,
- b) aðilar á fjármálamarkaði sem gera fjármálaafurðir aðgengilegar,
- c) fyrirtæki sem falla undir skylduna um að birta skýrslu yfir ófjárhagsleg atriði eða samstæðuskýrslu yfir ófjárhagsleg atriði skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB ⁽⁶⁸⁾, í þeirri röð.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „umhverfislega sjálfbær fjárfesting“: fjárfesting í einni efnahagslegri starfsemi eða fleiri sem teljast vera umhverfislega sjálfbærar samkvæmt þessari reglugerð,
- 2) „aðili á fjármálamarkaði“: aðili á fjármálamarkaði eins og hann er skilgreindur í 1. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 og tekur til framleiðanda lífeyrisafurðar sem aðildarríki hefur ákveðið að beita þeirri reglugerð gagnvart í samræmi við 16. gr. þeirrar reglugerðar,
- 3) „fjármálaafurð“: fjármálaafurð eins og hún er skilgreind í 12. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088,
- 4) „útgefandi“: útgefandi eins og hann er skilgreindur í h-lið 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 ⁽⁶⁹⁾,
- 5) „mildun loftslagsbreytinga“: ferlið við að halda hækkun á meðalhitastigi vel undir 2 gráðum á selsíus um heim allan og keppa að því að takmarka það við 1,5 gráður á selsíus yfir gildum fyrir iðnvæðingu eins og mælt er fyrir um í Parísarsamningnum,
- 6) „aðlögun að loftslagsbreytingum“: ferli við aðlögun að raunverulegum og væntum loftslagsbreytingum og áhrifunum af þeim,
- 7) „gróðurhúsalofttegundir“: gróðurhúsalofttegundir sem taldar eru upp í I. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ⁽⁷⁰⁾,
- 8) „úrgangsmetakerfi“: úrgangsmetakerfi eins og mælt er fyrir um í 4. gr. tilskipunar 2008/98/EB,
- 9) „hringrásarhagkerfi“: efnahagskerfi þar sem virði afurða, efna og annarra jarðargæða í hagkerfinu er haldið eins lengi og mögulegt er og sem eykur skilvirka notkun þeirra í framleiðslu og neyslu og dregur þar með úr umhverfisáhrifum notkunar þeirra, lágmarkar úrgang og losun skaðlegra efna á öllum stigum lífsferils þeirra, m.a. með því að beita úrgangsmetakerfi,
- 10) „mengunarefni“: efni, titringur, varmi, hávaði, ljós eða önnur aðskotaefni í lofti, vatni eða jarðvegi sem geta verið skaðleg heilsu manna eða umhverfi, sem geta valdið skemmdum á efnislegum verðmætum eða sem getur skaðað eða að réttmæt not af umhverfinu til tómstundaiðkana eða annarra þarfa verði fyrir hindrunum eða truflunum,
- 11) „jarðvegur“: yfirborðslag jarðskorpunnar sem liggur milli berggrunnins og yfirborðsins sem samanstendur af steinefnum, lífrænu efni, vatni, lofti og lífverum,

⁽⁶⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/34/ESB frá 26. júní 2013 um árleg reikningsskil, samstæðureikningsskil og tilheyrandi skýrslur tiltekinnna tegunda fyrirtækja, um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/43/EB og niðurfellingu tilskipana ráðsins 78/660/EBE og 83/349/EBE (Stjútíð. ESB L 182, 29.6.2013, bls. 19).

⁽⁶⁹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 frá 14. júní 2017 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB (Stjútíð. ESB L 168, 30.6.2017, bls. 12).

⁽⁷⁰⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjútíð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

- 12) „mengun“:
- a) bein eða óbein losun mengunarefna út í andrúmsloftið, í vatn eða jarðveg af mannavöldum,
 - b) í tengslum sjávarumhverfið, mengun eins og hún er skilgreind í 8. lið 3. gr. tilskipunar 2008/56/EB,
 - c) í tengslum við vatn, mengun eins og hún er skilgreind í 33. lið 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB,
- 13) „vistkerfi“: lifandi kerfi jurta-, dýra- og örverusamfélaga og lífvana umhverfis þeirra sem verka hvert á annað sem starfræn eining,
- 14) „vistkerfisþjónusta“: beint og óbeint framlag vistkerfa til efnahagslegs, félagslegs, menningarlegs og annars konar ávinnings sem fólk hefur af þessum vistkerfum,
- 15) „líffræðileg fjölbreytni“: „breytileiki meðal lífvera frá öllum uppsprettum, þar með talin meðal annars vistkerfi á landi, í sjó og vötnum og þau vistfræðilegu kerfi sem þær eru hluti af og nær til fjölbreytni innan tegunda, milli tegunda og í vistkerfum,
- 16) „gott ásigkomulag“: í tengslum við vistkerfi, að vistkerfið sé í góðu náttúrulegu, efnafraðilegu og líffræðilegu ásigkomulagi eða af góðum náttúrulegum, efnafraðilegum og líffræðilegum gæðum með getu til að endurskapa sig eða endurheimta, þar sem samsetning tegunda, uppbygging vistkerfa og vistfræðilegt hlutverk hafa ekki hlotið skaða,
- 17) „orkunýtni“: hagkvæmari notkun orku á öllum stigum orkukeðjunnar frá framleiðslu til endanlegrar notkunar,
- 18) „hafsvæði“: hafsvæði eins og þau eru skilgreind í 1. lið 3. gr. tilskipunar 2008/56/EB,
- 19) „yfirborðsvatn“: yfirborðsvatn eins og það er skilgreint í 1. lið 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB,
- 20) „grunnvatn“: grunnvatn eins og það er skilgreint í 2. lið 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB,
- 21) „góð umhverfisleg staða“: góð umhverfisleg staða eins og hún er skilgreind í 5. lið 3. gr. tilskipunar 2008/56/EB,
- 22) „góð staða“:
- a) að því er varðar yfirborðsvatn, að hafa bæði „gott vistfræðilegt ástand“ eins og það er skilgreint í 22. lið 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB og „gott efnafraðilegt ástand yfirborðsvatns“ eins og það er skilgreint í 24. lið 2. gr. þeirrar tilskipunar,
 - b) að því er varðar grunnvatn, að hafa bæði „gott efnafraðilegt ástand grunnvatns“ eins og það er skilgreint í 25. lið 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB og „góða magnstöðu“ eins og hún er skilgreind í 28. lið 2. gr. þeirrar tilskipunar,
- 23) „gott vistmegin“: gott vistmegin eins og það er skilgreint í 23. lið 2. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

II. KAFLI

UMHVERFISLEGA SJÁLFBÆR ATVINNUSTARFSEMI

3. gr.

Viðmið fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi

Í þeim tilgangi að ákvarða að hve miklu leyti fjárfesting er umhverfislega sjálfbær telst atvinnustarfsemi umhverfislega sjálfbær ef sú atvinnustarfsemi:

- a) stuðlar verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í 9. gr. í samræmi við 10. til 16. gr.,
- b) skaðar ekki verulega umhverfismarkmiðin sem sett eru fram í 9. gr. í samræmi við 17. gr.,
- c) er stunduð í samræmi við lágmarksverndarráðstafanir sem mælt er fyrir um í 18. gr., og
- d) hlítir tæknilegum matsviðmiðum sem framkvæmdastjórnin hefur fastsett í samræmi við 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.).

*4. gr.***Notkun viðmiðana fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi í tengslum við opinberar ráðstafanir, staðla og merki**

Aðildarríkin og Sambandið skulu beita þeim viðmiðum sem sett eru fram í 3. gr. til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi uppfylli skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær með tilliti til allra ráðstafana þar sem settar eru fram kröfur fyrir aðila á fjármálamarkaði eða útgefendur að því er varðar fjármálaafurðir eða fyrirtækjaskuldabréf sem eru gerð aðgengileg sem umhverfislega sjálfbær.

*5. gr.***Gagnsæi umhverfislega sjálfbærra fjárfestinga í upplýsingum sem birtar eru áður en samningur er gerður og í reglubundnum skýrslum**

Ef fjármálaafurð eins og um getur í 1., 2. eða 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 fjárfestir í atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfismarkmiði í skilningi 17. liðar 2. gr. þeirrar reglugerðar, skulu upplýsingarnar sem verða birtar í samræmi við 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 11. gr. innihalda eftirfarandi:

- a) upplýsingar um umhverfismarkmiðið eða umhverfismarkmiðin sem sett eru fram í 9. gr. þessarar reglugerðar, sem undirliggjandi fjárfesting fjármálaafurðarinnar stuðlar að, og
- b) lýsingu á því hvernig og að hvaða marki undirliggjandi fjárfestingar fjármálaafurðarinnar eru í atvinnustarfsemi sem telst vera umhverfislega sjálfbær skv. 3. gr. þessarar reglugerðar.

Lýsingin sem um getur í b-lið fyrstu undirgreinar þessarar greinar skal tilgreina hlutfall fjárfestinga í umhverfislega sjálfbærri atvinnustarfsemi sem er valin fyrir fjármálaafurðina, þ.m.t. ítarlegar upplýsingar um hlutfall starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum og umbreytingarstarfsemi eins og um getur í 16. gr. og í 2. mgr. 10. gr., í þeirri röð, sem prósentu af öllum fjárfestingum sem eru valdar fyrir fjármálaafurðina.

*6. gr.***Gagnsæi fjármálaafurða sem efla umhverfislega þætti í upplýsingum sem birtar eru áður en samningur er gerður og í reglubundnum skýrslum**

Ef fjármálaafurð eins og um getur í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 eflir umhverfislega þætti gildir 5. gr. þessarar reglugerðar að breyttu breytanda.

Upplýsingunum sem verða birtar í samræmi við 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 11. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 skal fylgja eftirfarandi yfirlýsing:

„Meginreglan um að „valda ekki umtalsverðu tjóni“ gildir aðeins um þær fjárfestingar sem eru undirliggjandi fjármálaafurðinni og sem taka tillit til viðmiða ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.

Fjárfestingarnar sem eru undirliggjandi þeim hluta þessarar fjármálaafurðar sem eftir stendur taka ekki tillit til viðmiða ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.“

*7. gr.***Gagnsæi annarra fjármálaafurða í upplýsingum sem birtar eru áður en samningur er gerður og í reglubundnum skýrslum**

Ef fjármálaafurð fellur ekki undir 1. mgr. 8. gr. eða 1., 2. eða 3. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 skal eftirfarandi yfirlýsing fylgja upplýsingunum, sem verða birtar í samræmi við ákvæði sérlaga sem um getur í 3. mgr. 6. gr. og 2. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar:

„Fjárfestingarnar sem eru undirliggjandi þessari fjármálaafurð taka ekki tillit til viðmiðana ESB fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi.“

8. gr.

Gagnsæi fyrirtækja í skýrslum yfir ófjárhagsleg atriði

1. Öll fyrirtæki sem falla undir skyldu til að birta ófjárhagslegar upplýsingar skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB skulu hafa með í skýrslum yfir ófjárhagsleg atriði eða samstæðuskýrslu yfir ófjárhagsleg atriði upplýsingar um hvernig og að hvaða marki starfsemi fyrirtækisins tengist atvinnustarfsemi sem telst vera umhverfislega sjálfbær skv. 3. og 9. gr. þessarar reglugerðar.
2. Fyrirtæki utan fjármálamarkaðar skulu einkum birta eftirfarandi upplýsingar:
 - a) hlutfall veltu sinnar sem er til komin vegna afurða eða þjónustu sem tengist atvinnustarfsemi sem uppfyllir skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær skv. 3. og 9. gr., og
 - b) hlutfall fjárfestingarútgjalda sinna og hlutfall rekstrarútgjalda sem tengjast eignum eða ferlum sem tengjast atvinnustarfsemi sem uppfyllir skilyrði til að teljast umhverfislega sjálfbær skv. 3. og 9. gr.
3. Ef fyrirtæki birtir ófjárhagslegar upplýsingar skv. 19. gr. a eða 29. gr. a í tilskipun 2013/34/ESB í sérstakri skýrslu í samræmi við 4. mgr. 19. gr. a eða 4. mgr. 29. gr. a í þeirri tilskipun skal birta upplýsingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar í þeirri sérstöku skýrslu.
4. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð í samræmi við 23. gr. til að bæta við 1. og 2. mgr. þessarar greinar til að tilgreina efni og framsetningu upplýsinganna sem verða birtar samkvæmt þeim málsgreinum, m.a. aðferðina sem verður notuð til að fara að þeim, að teknu tilliti til sérstakra einkenna bæði fjárhagslegra fyrirtækja og fyrirtækja utan fjármálamarkaðar og þeirra tæknilegu matsviðmiða sem voru fastsett samkvæmt þessari reglugerð. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja þá framseldu gerð eigi síðar en 1. júní 2021.

9. gr.

Almenn umhverfismarkmið

Að því er varðar þessa reglugerð skulu eftirfarandi atriði vera umhverfismarkmið:

- a) mildun loftslagsbreytinga,
- b) aðlögun að loftslagsbreytingum,
- c) sjálfbær notkun og verndun vatns- og sjávarauðlinda
- d) umbreyting yfir í hringrásarhagkerfi,
- e) mengunarvarnir og -eftirlit,
- f) verndun og endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni og vistkerfa.

10. gr.

Verulegt framlag til mildunar loftslagsbreytinga

1. Atvinnustarfsemi uppfyllir skilyrði um að stuðla verulega að mildun loftslagsbreytinga ef sú starfsemi stuðlar verulega að því að halda styrk gróðurhúsalofttegunda í andrúmsloftinu stöðugum undir þeim mörkum sem koma í veg fyrir hættulegar veðurfarsbreytingar af mannavöldum, sem eru í samræmi við langtímamarkmið Parísarsamningsins um hitastig, með því að forðast eða draga úr losun gróðurhúsalofttegunda eða auka upptöku gróðurhúsalofttegunda, þ.m.t. fyrir tilstilli nýjunga í ferlum eða afurðum, með því að:
 - a) framleiða, miðla, geyma, dreifa eða nota endurnýjanlega orku í samræmi við tilskipun (ESB) 2018/2001, m.a. með því að nota nýsköpunartækni með mögulegan verulegan sparnað í framtíðinni eða með nauðsynlegri styrkingu eða útvíkkun dreifikerfisins,
 - b) bæta orkunýtni, fyrir utan orkuframleiðslu eins og um getur í 3. mgr. 19. gr.,
 - c) auka hreinar eða loftslagshlutlausar samgöngur,

- d) skipta yfir í notkun endurnýjanlegra efniviða sem eru fengnir með sjálfbærum hætti,
- e) auka notkun á sviði umhverfissvænnar föngunar og notkunar kolefnis og föngunar og geymslu kolefnis sem leiða til hreins samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda,
- f) styrkja kolefnisviðtaka á landi, m.a. með því að komast hjá eyðingu skóga og niðurníðslu skóga, að enduruppbyggja skóga, stjórna á sjálfbæran hátt og enduruppbyggja ræktarland, graslendi og votlendi, nýskógrækt og endurlífgandi landbúnað,
- g) koma á fót orkuinnviðum sem eru nauðsynlegir til að gera afkolun orkukerfa mögulega,
- h) framleiða hreint og nýtið eldsneyti úr endurnýjanlegum eða kolefnishlutlausum lindum eða
- i) gera mögulegt að stunda þá starfsemi sem talin er upp í a- til h-lið þessarar málsgreinar í samræmi við 16. gr.

2. Að því er varðar 1. mgr. telst atvinnustarfsemi, þar sem tæknilega og fjárhagslega hagkvæmir valkostir sem losa lítið af koltvísýringi eru ekki fyrir hendi, stuðla verulega að mildun loftslagsbreytinga þegar hún styður við umbreytingu yfir í loftslagshlutlaust hagkerfi sem er í samræmi við ferli til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5°C miðað við gildin fyrir iðnvæðingu, m.a. með því að draga smám saman úr losun gróðurhúsalofttegunda, einkum losun frá jarðefnaeldsneyti og ef sú starfsemi:

- a) losar magn gróðurhúsalofttegunda sem samsvarar besta árangri í geiranum eða atvinnugreininni,
- b) hindrar ekki þróun og dreifingu valkosta sem losa lítið af koltvísýringi og
- c) leiðir ekki til bindingar eigna sem losa mikið kolefni, með tilliti til efnahagslegs líftíma þeirra eigna.

Framkvæmdastjórnin skal, að því er varðar þessa málsgrein og fastsetningu tæknilegu matsviðmiðanna skv. 19. gr., meta mögulegt framlag og hagkvæmni allrar fyrirliggjandi tækni.

3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð, í samræmi við 23. gr., til að:

- a) bæta við 1. og 2. mgr. þessarar greinar með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða þau skilyrði þar sem tiltekin atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að því að milda loftslagsbreytingar og
- b) bæta við 17. gr. með því að fastsetja tæknileg matsviðmið fyrir hvert umhverfismarkmið sem skiptir máli til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi, sem tæknileg matsviðmið hafa verið fastsett fyrir skv. a-lið þessarar málsgreinar, veldur umtalsverðu tjóni á einu eða fleiri þessara markmiða.

4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en hún samþykkir framseldu gerðina sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, hafa samráð við vettvanginn sem um getur í 20. gr. að því er varðar tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.

5. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar í einni framseldri gerð, að teknu tilliti til krafanna í 19. gr.

6. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2020, samþykkja framseldu gerðina sem um getur í 3. mgr., í því skyni að tryggja framkvæmd hennar frá 1. janúar 2022.

11. gr.

Verulegt framlag til aðlögunar að loftslagsbreytingum

1. Atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að aðlögun að loftslagsbreytingum ef sú starfsemi:

- a) felur í sér aðlögunarlausnir sem annaðhvort draga verulega úr áhættu á neikvæðum áhrifum núverandi loftslags og vænts loftslags í framtíðinni á þá atvinnustarfsemi eða draga verulega úr þeim neikvæðu áhrifum, án þess að auka hættu á neikvæðum áhrifum á fólk, náttúru eða eignir, eða
- b) veitir aðlögunarlausnir sem, auk þess að fullnægja skilyrðunum sem sett eru fram í 16. gr., stuðla verulega að því að koma í veg fyrir eða draga úr hættunni á neikvæðum áhrifum núverandi loftslags og vænts loftslags í framtíðinni á fólk, náttúru eða eignir, án þess að auka hættu á neikvæðum áhrifum á annað fólk, náttúru eða eignir.

2. Aðlögunarlausnirnar sem um getur í a-lið 1. mgr. skulu metnar og þeim forgangsraðað með því að nota bestu fánlegu loftslagsspár og skulu, að lágmarki, koma í veg fyrir eða draga úr:
 - a) staðsértækum og samhengissértækum neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á atvinnustarfsemi eða
 - b) mögulegum neikvæðum áhrifum loftslagsbreytinga á umhverfið þar sem þessi atvinnustarfsemi fer fram
3. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð, í samræmi við 23. gr., til að:
 - a) bæta við 1. og 2. mgr. þessarar greinar með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða skilyrðin fyrir því að tiltekin atvinnustarfsemi teljist stuðla verulega að aðlögun að loftslagsbreytingum og
 - b) bæta við 17. gr. með því að fastsetja tæknileg matsviðmið fyrir hvert umhverfismarkmið sem skiptir máli til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi, sem tæknileg matsviðmið hafa verið fastsett fyrir skv. a-lið þessarar málsgreinar, veldur umtalsverðu tjóni á einu eða fleiri þessara markmiða.
4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en hún samþykkir framseldu gerðina sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar, hafa samráð við vettvanginn sem um getur í 20. gr. að því er varðar tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar.
5. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar í einni framseldri gerð, að teknu tilliti til krafanna í 19. gr.
6. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2020, samþykkja framseldu gerðina sem um getur í 3. mgr., í því skyni að tryggja framkvæmd hennar frá 1. janúar 2022.

12. gr.

Verulegt framlag til sjálfbærrar notkunar og verndar vatns- og sjávarauðlinda

1. Atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að sjálfbærri notkun og vernd vatns- og sjávarauðlinda ef sú starfsemi stuðlar annaðhvort verulega að því að ná fram góðu ástandi vatnshlota, m.a. yfirborðsvatnshlota og grunnvatns, eða að koma í veg fyrir hnignun vatnshlota sem þegar eru í góðu ásigkomulagi eða stuðlar verulega að því að ná góðri umhverfislegri stöðu hafsvæða eða til að koma í veg fyrir að hafsvæði, sem þegar eru í góðri umhverfislegri stöðu, spillist, með því að:
 - a) vernda umhverfið fyrir neikvæðum áhrifum af frárennsli skólps frá borgum og iðnaði, m.a. frá aðskotaefnum sem eru vaxandi áhyggjuefni, svo sem lyf og örplast, t.d. með því að tryggja fullnægjandi söfnun, hreinsun og losun skólps frá þéttbýli og iðnaði,
 - b) vernda heilsu manna fyrir neikvæðum áhrifum af spillingu neysluvatns með því að tryggja að það sé laust við allar örverur, sníkla og efni sem heilsu manna getur mögulega stafað hættu af, ásamt því að auka aðgang almennings að hreinu drykkjarvatni,
 - c) bæta stjórnun vatns og skilvirkni, m.a. með því að vernda og bæta stöðu vatnavistkerfa, með því að stuðla að sjálfbærri notkun vatns með langtímavernd vatnslinda sem eru fyrir hendi, m.a. með ráðstöfunum s.s. endurnotkun vatns, með því að tryggja stigvaxandi minnkun losunar skaðlegra mengunarefna í yfirborðsvatn og grunnvatn, með því að stuðla að mildun áhrifa flóða og þurrka eða fyrir tilstilli hvers kyns starfsemi sem verndar eða bætir eigindlega og meginlega stöðu vatnshlota,

- d) tryggja sjálfbæra notkun á þjónustu við sjávarvistkerfi eða stuðla að góðri umhverfislegri stöðu hafsvæða, m.a. með því að vernda, varðveita eða endurheimta sjávarumhverfið og með því að koma í veg fyrir eða draga úr flögum í sjávarumhverfið, eða
 - e) gera mögulegt að stunda þá starfsemi sem talin er upp í a- til d-lið þessarar málsgreinar í samræmi við 16. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð í samræmi við 23. gr. til að:
- a) bæta við 1. mgr. þessarar greinar með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða með hvaða skilyrðum tiltekin atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að sjálfbærri notkun og verndun vatns og sjávarauðlinda, og
 - b) bæta við 17. gr. með því að fastsetja, fyrir hvert viðeigandi umhverfismarkmið, tæknileg matsviðmið, til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi, sem tæknileg matsviðmið hafa verið fastsett fyrir skv. a-lið þessarar málsgreinar, valdi umtalsverðu tjóni á einu eða fleiri þessarar markmiða.
3. Framkvæmdastjórnin skal, áður en hún samþykkir framseldu gerðina sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, hafa samráð við vettvanginn sem um getur í 20. gr. að því er varðar tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.
4. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar í einni framseldri gerð, að teknu tilliti til krafanna í 19. gr.
5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2021, samþykkja framseldu gerðina sem um getur í 2. mgr., í því skyni að tryggja framkvæmd hennar frá 1. janúar 2023.

13. gr.

Verulegt framlag til umbreytingar yfir í hringrásarhagkerfi

1. Atvinnustarfsemi skal teljast stuðla verulega að umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi, þ.m.t. forvarnir gegn myndun úrgangs, endurnotkun og endurvinnsla, ef sú starfsemi:
 - a) notar náttúruauðlindir, m.a. lífgrunduð hráefni frá sjálfbærum lindum og önnur hráefni, við framleiðslu á skilvirkari hátt, m.a.:
 - i. með því að draga úr notkun frumhráefna eða auka notkun aukaafurða og endurvinnsluhráefna, eða
 - ii. með ráðstöfunum um auðlinda- og orkunýtni,
 - b) eykur endingu, möguleika á viðgerðum, uppfærslugetu eða endurnotkun afurða, einkum í hönnunar- og framleiðslustarfsemi,
 - c) eykur endurvinnanleika afurða, m.a. endurvinnanleika einstakra efniviða sem eru í þessum afurðum, m.a. með því að skipta þeim út eða draga úr notkun afurða og efniviða sem eru ekki endurvinnanleg, einkum í hönnunar- og framleiðslustarfsemi,
 - d) dregur verulega úr innihaldi hættulegra efna og skipta út sérlega varasömum efnum í efniviði og afurðum allan lífsferil þeirra, í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í löggjöf Sambandsins, m.a. með því að skipta úr slíkum efnum fyrir öruggari valkosti og tryggja rekjanleika,
 - e) framlengir notkun afurða, m.a. með endurnotkun, hönnun fyrir langan líftíma, til annarra nota, sundurhlutun, endurframleiðslu, uppfærslu og viðgerðum og afurðum ætluðum til deilingar,
 - f) eykur notkun endurvinnsluhráefna og gæði þeirra, m.a. með hágæða endurvinnslu úrgangs,
 - g) kemur í veg fyrir eða dregur úr myndun úrgangs, m.a. myndun úrgangs frá vinnslu jarðefna og úrgang frá byggingarframkvæmdum og niðurrifi bygginga,

- h) eykur undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu úrgangs,
 - i) hraðar þróun grunnvirkja úrgangsstjórnunar sem eru nauðsynleg í tengslum við forvarnir, undirbúning fyrir endurnotkun og endurvinnslu, ásamt því að tryggja að endurheimt efni séu endurnýtt sem hágæða endurvinnsluhráefnisflög í framleiðslu og komast þannig hjá niðurvinnslu,
 - j) lágmarkar brennslu úrgangs og kemur í veg fyrir förgun úrgangs, m.a. urðun, í samræmi við meginreglur um úrgangsmetakerfi,
 - k) kemst hjá og minnkar rusl eða
 - l) gerir alla starfsemi, sem talin er upp í a- til k-lið þessarar málsgreinar í samræmi við 16. gr., mögulega.
2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð, í samræmi við 23. gr., til að:
- a) bæta við 1. mgr. þessarar greinar með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða skilyrðin þar sem tiltekin atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að umbreytingu yfir í hringrásarhagkerfi, og
 - b) bæta við 17. gr. með því að fastsetja, fyrir hvert viðeigandi umhverfismarkmið, tæknileg matsviðmið til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi, sem tæknileg matsviðmið hafa verið fastsett fyrir skv. a-lið þessarar málsgreinar, valdi umtalsverðu tjóni á einu eða fleiri þessara markmiða.
3. Framkvæmdastjórnin skal, áður en hún samþykkir framseldu gerðina sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, hafa samráð við vettvanginn sem um getur í 20. gr. að því er varðar tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.
4. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar í einni framseldri gerð, að teknu tilliti til krafanna í 19. gr.
5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2021, samþykkja framseldu gerðina sem um getur í 2. mgr., í því skyni að tryggja framkvæmd hennar frá 1. janúar 2023.

14. gr.

Verulegt framlag til mengunarvarna og -eftirlits

1. Atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að mengunarvörnum og -eftirliti þegar sú starfsemi stuðlar verulega að vernd umhverfisins fyrir mengun með því að:
- a) koma í veg fyrir eða, ef því verður ekki við komið, draga úr losun mengunarefna, annarra en gróðurhúsalofttegunda, út í andrúmsloftið, í vatn eða jörð,
 - b) bæta gæði lofts, vatns eða jarðvegs á svæðum þar sem atvinnustarfsemi fer fram og draga samtímis úr neikvæðum áhrifum á eða áhættu fyrir heilbrigði manna og umhverfið,
 - c) koma í veg fyrir eða lágmarka hvers kyns neikvæð áhrif á heilbrigði manna í tengslum við framleiðslu, notkun eða förgun íðefna,
 - d) tína upp rusl og önnur mengandi efni, eða
 - e) gera mögulegt að stunda þá starfsemi sem talin er upp í a- til d-lið þessarar málsgreinar í samræmi við 16. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð, í samræmi við 23. gr., til að:
- a) bæta við 1. mgr. þessarar greinar með því að fastsetja tæknileg matsviðmið til að ákvarða skilyrðin fyrir því að tiltekin atvinnustarfsemi teljist stuðla verulega að mengunarvörnum og -eftirliti, og
 - b) bæta við 17. gr. með því að fastsetja tæknileg matsviðmið fyrir hvert umhverfismarkmið sem skiptir máli til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi, sem tæknileg matsviðmið hafa verið fastsett fyrir skv. a-lið þessarar málsgreinar, veldur umtalsverðu tjóni á einu eða fleiri þessara markmiða.

3. Framkvæmdastjórnin skal, áður en hún samþykkir framseldu gerðina sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, hafa samráð við vettvanginn sem um getur í 20. gr. að því er varðar tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.
4. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar í einni framseldri gerð, að teknu tilliti til krafanna í 19. gr.
5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2021, samþykkja framseldu gerðina sem um getur í 2. mgr., í því skyni að tryggja framkvæmd hennar frá 1. janúar 2023.

15. gr.

Verulegt framlag til að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi

1. Atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að því að vernda og endurheimta líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi ef sú starfsemi stuðlar verulega að því að vernda, varðveita eða endurheimta líffræðilega fjölbreytni eða tryggja gott ástand vistkerfa eða til að vernda vistkerfi sem eru þegar í góðu ásigkomulagi, með því að:
 - a) varðveita náttúruna og líffræðilega fjölbreytni, m.a. með því að ná hagstæðri varðveislustöðu náttúrlegra og hálfnáttúrlegra búsvæða og tegunda eða koma í veg fyrir hnignun þeirra ef þau hafa nú þegar góða verndarstöðu og vernda og endurheimta vistkerfi á landi, í sjó og vötnum til að bæta stöðu þeirra og efla getu þeirra til að veita vistkerfisþjónustu,
 - b) nýta og stjórna landi á sjálfbæran hátt, m.a. með fullnægjandi vernd líffræðilegrar fjölbreytni í jarðvegi, landeyðingarhlutleysi og hreinsun mengaðra svæða,
 - c) beita sjálfbærum ræktunaraðferðum, m.a. þeim sem stuðla að því að efla líffræðilega fjölbreytni eða stöðva eða koma í veg fyrir eyðingu jarðvegs og annarra vistkerfa, eyðingu skóga og tap búsvæða,
 - d) beita sjálfbærri skógarstjórnun, m.a. aðferðum og notkun skógar og skóglendis sem stuðla að aukinni líffræðilegri fjölbreytni eða koma í veg fyrir hnignun vistkerfa, eyðingu skógar og tap á búsvæði, eða
 - e) gera mögulegt að stunda þá starfsemi sem talin er upp í a- til d-lið þessarar málsgreinar í samræmi við 16. gr.
2. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framselda gerð, í samræmi við 23. gr., til að:
 - a) bæta við 1. mgr. þessarar greinar með því að fastsetja tæknilegu matsviðmiðin til að ákvarða skilyrðin fyrir því að tiltekin atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að verndun og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa, og
 - b) bæta við 17. gr. með því að fastsetja tæknileg matsviðmið fyrir hvert umhverfismarkmið sem skiptir máli til að ákvarða hvort atvinnustarfsemi, sem tæknileg matsviðmið hafa verið fastsett fyrir skv. a-lið þessarar málsgreinar, veldur umtalsverðu tjóni á einu eða fleiri þessara markmiða.
3. Framkvæmdastjórnin skal, áður en hún samþykkir framseldu gerðina sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, hafa samráð við vettvanginn sem um getur í 20. gr. að því er varðar tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar.
4. Framkvæmdastjórnin skal fastsetja tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar í einni framseldri gerð, að teknu tilliti til krafanna í 19. gr.
5. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2021, samþykkja framseldu gerðina sem um getur í 2. mgr., í því skyni að tryggja framkvæmd hennar frá 1. janúar 2023.

16. gr.

Starfsemi sem gerir annarri starfsemi kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum

- Atvinnustarfsemi telst stuðla verulega að einu eða fleiri umhverfismarkmiðum sem sett eru fram í 9. gr. ef hún gerir annarri starfsemi kleift að stuðla verulega að einu eða fleiri þessara markmiða, að því tilskildu að slík atvinnustarfsemi:
- a) leiði ekki til þess að eignir læsist inni og grafi undan langtíma umhverfismarkmiðum, að teknu tilliti til efnahagslegs líftíma þessara eigna, og
 - b) hafi verulega jákvæð umhverfisleg áhrif, á grundvelli lífsferilsins.

17. gr.

Umtalsvert tjón á umhverfismarkmiðum

1. Að því er varðar b-lið 3. gr., að teknu tilliti til lífsferils afurðanna og þjónustu sem atvinnustarfsemi veitir, m.a. gögn í fyrirliggjandi mati á lífsferli, skal líta svo á að sú atvinnustarfsemi valdi umtalsverðu tjóni að því er varðar:
 - a) mildun loftslagsbreytinga, ef sú starfsemi leiðir til verulegrar losunar gróðurhúsalofttegunda,
 - b) aðlögun að loftslagsbreytingum, ef sú starfsemi leiðir til aukinna neikvæðra áhrifa núverandi loftslags og vænts loftslags í framtíðinni, á starfsemina sjálfa eða á fólk, náttúru eða eignir,
 - c) sjálfbæra nýtingu og verndun vatns og sjávarauðlinda, ef sú starfsemi er skaðleg:
 - i. góða stöðu eða gott vistmegni vatnshlota, þ.m.t. yfirborðsvatn og grunnvatn, eða
 - ii. góða umhverfislega stöðu hafsvæða,
 - d) hringrásarhagkerfið, þ.m.t. forvarnir gegn myndun úrgangs og endurvinnsla, ef:
 - i. sú starfsemi leiðir til verulegrar óskilvirkni í notkun efniviðar eða í beinni eða óbeinni notkun náttúruauðlinda eins og óendurnýjanlegra orkugjafa, hráefna, vatns og lands á einu eða fleiri stigum lífsferils afurða, m.a. að því er varðar endingartíma, möguleika á viðgerðum, uppfærslu, endurnotkun eða endurvinnslu þeirra,
 - ii. sú starfsemi leiðir til verulegrar aukningar á myndun, brennslu eða förgun úrgangs, að undanskilinni brennslu hættulegs úrgangs sem ekki er hægt að endurvinna, eða
 - iii. langtímaförgun úrgangs getur valdið verulegum og langtíma skaða á umhverfinu,
 - e) mengunarvarnir og -eftirlit ef sú starfsemi leiðir til verulegrar aukningar á losun mengunarefna í andrúmsloft, vatn eða jarðveg, samanborið við stöðuna áður en starfsemin byrjaði, eða
 - f) verndun og endurheimt líffræðilegs fjölbreytileika og vistkerfa ef þessi starfsemi er:
 - i. verulega skaðleg fyrir gott ásigkomulag og viðnám vistkerfa, eða
 - ii. skaðleg fyrir varðveislustöðu búsvæða og tegunda, m.a. þeirra sem hafa mikla þýðingu fyrir Sambandið.

2. Þegar atvinnustarfsemi er metin með hliðsjón af viðmiðunum sem sett eru fram í 1. mgr., skal taka tillit til bæði umhverfislegra áhrifa sjálfrar starfseminnar og umhverfisáhrifa þeirra afurða og þjónustu sem þessi starfsemi veitir á lífsferli þeirra, einkum með því að taka tillit til framleiðslu, notkunar og endingartíma þessara afurða og þjónustu.

18. gr.

Lágmarks verndarráðstafanir

1. Lágmarksverndarráðstafanir, sem um getur í c-lið 3. gr., eru verkferlar sem framkvæmdir eru af fyrirtæki sem stundar atvinnustarfsemi til að tryggja samræmingu við viðmiðunareglur Efnahags- og framfarastofnunarinnar fyrir fjölþjóðleg fyrirtæki og leiðbeinandi meginreglur Sameinuðu þjóðanna um viðskipti og mannréttindi, þ.m.t. meginreglur og réttindi sem sett eru fram í átta grundvallarsamþykktum sem getið er í yfirlýsingu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar um grundvallarreglur og réttindi við vinnu og í alþjóðréttindaskránni.
2. Þegar verkferlarnir sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar eru framkvæmdir skulu fyrirtæki fylgja meginreglunni um að „valda ekki umtalsverðu tjóni“ sem um getur í 17. lið 2. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088.

19. gr.

Kröfur fyrir tæknileg matsviðmið

1. Tæknilegu matsviðmiðin sem voru fastsett skv. 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.) skulu:

- a) auðkenna þau framlög til tiltekins umhverfismarkmiðs sem mestu máli skipta á sama tíma og meginreglan um tæknilegt hlutleysi er virt, með hliðsjón af bæði skammtíma- og langtímaáhrifum tiltekinnar atvinnustarfsemi,
- b) tilgreina lágmarkskröfurnar sem þarf að fullnægja til að komast hjá umtalsverðu tjóni á viðkomandi umhverfismarkmiðum, með hliðsjón af bæði skammtíma- og langtímaáhrifum tiltekinnar atvinnustarfsemi,
- c) vera meginlegar og innihalda viðmiðunarmörk að því marki sem mögulegt er en vera annars eigindlegar,
- d) ef við á, byggjast á merkingar- og vottunarkerfi Sambandsins, aðferðafræði Sambandsins við að meta umhverfisspor og atvinnugreinaflokkun Sambandsins, og hafa hliðsjón af viðkomandi, gildandi löggjöf Sambandsins,
- e) ef mögulegt er, nota sjálfbærnivísa eins og um getur í 6. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088,
- f) byggjast á endanlegum vísindalegum sönnunum og varúðarreglunni sem sett er fram í 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,
- g) taka tillit til lífsferilsins, þ.m.t. gögn frá fyrirliggjandi lífsferilsmati, með því að huga að bæði umhverfisáhrifum atvinnustarfseminnar sjálfar og umhverfisáhrifum afurðanna og þjónustunnar sem sú atvinnustarfsemi lætur í té, einkum með því að huga að framleiðslu, notkun og lokum endingartíma þessara afurða og þjónustu,
- h) taka tillit til eðlis og umfangs atvinnustarfseminnar, m.a.:
 - i. hvort það er starfsemi sem gerir annari kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum, eins og um getur í 16. gr., eða
 - ii. hvort það er umbreytingastarfsemi, eins og um getur í 2. mgr. 10. gr.,
- i) taka tillit til hugsanlegra áhrifa á markaðinn af umbreytingu yfir í sjálfbærara hagkerfi, m.a. hættuna á að tiltekna eignir verði strandaðar vegna slíkrar umbreytingar, ásamt hættu á að skapa mótsagnakennda hvata fyrir sjálfbærar fjárfestingar,
- j) ná yfir alla viðkomandi atvinnustarfsemi innan tiltekins geira og tryggja að sú starfsemi sé meðhöndluð eins ef hún stuðlar jafnmikið að umhverfismarkmiðunum sem sett eru fram í 9. gr. þessarar reglugerðar, til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni á markaðinum, og
- k) vera auðveldar í notkun og fastsettar þannig að auðvelt verði að sannreyna hlífingu þeirra.

Ef atvinnustarfsemin tilheyrir einum þeirra flokka sem um getur í h-lið, skulu tæknilegu matsviðmiðin tilgreina það með skýrum hætti.

2. Tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 1. mgr. skulu einnig taka til viðmiða fyrir starfsemi sem tengist umbreytingu yfir í hreina orku í samræmi við ferli til að takmarka hækkun hitastigs við 1,5°C yfir gildum fyrir iðnvæðingu, einkum orkunýtni og endurnýjanlega orku, að því marki sem þessi starfsemi stuðlar verulega að umhverfismarkmiðunum.

3. Tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 1. mgr. skulu tryggja að starfsemi á sviði orkuframleiðslu sem notar jarðefnaeldsneyti teljist ekki vera umhverfislega sjálfbær atvinnustarfsemi.

4. Tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 1. mgr. skulu einnig taka til viðmiða fyrir starfsemi sem tengist hreinum eða loftslagshlutlausum hreyfanleika, m.a. fyrir tilstilli umskipta, ráðstafana um nýtni og óhefðbundins eldsneytis, að því marki sem þessar leiðir stuðli verulega að umhverfismarkmiðunum.

5. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 1. mgr. og, ef við á, breyta framseldum gerðum sem voru samþykkar í samræmi við þessa reglugerð í samræmi við þróun á sviði vísinda og tækni.

Framkvæmdastjórnin skal, í því sambandi og áður en hún breytir eða skiptir út framseldri gerð, meta framkvæmd þessara viðmiða, að teknu tilliti til niðurstöðu beitingar þeirra af hálfu aðila á fjármálamarkaði og áhrifa þeirra á fjármagnsmarkaði, þ.m.t. á að fjárfestingum sé beint til umhverfislega sjálfbærrar atvinnustarfsemi.

Framkvæmdastjórnin skal, til að tryggja að atvinnustarfsemi eins og um getur í 2. mgr. 10. gr. fylgi trúverðugri umbreytingu sem er í samræmi við loftslagshlutlaust hagkerfi, endurskoða tæknilegu matsviðmiðin fyrir þessa starfsemi á þriggja ára fresti hið minnsta og, ef við á, breyta framseldu gerðinni sem um getur í 3. mgr. 10. gr. í samræmi við þróun á sviði vísinda og tækni.

20. gr.

Vettvangur fyrir sjálfbær fjármál

1. Framkvæmdastjórnin skal setja á fót vettvang um sjálfbær fjármál („vettvangurinn“). Hann skal samanstanda af eftirfarandi hópum þannig að jafnvægis sé gætt:

- a) fulltrúum:
 - i. Umhverfisstofnunar Evrópu,
 - ii. Evrópsku eftirlitsstofnananna,
 - iii. Fjárfestingarbanka Evrópu og Fjárfestingarsjóðs Evrópu og
 - iv. Evrópustofnunar grundvallarmannréttinda,
- b) sérfræðingum sem eru fulltrúar viðeigandi hagsmunaaðila í einkageiranum, þ.m.t. aðila á fjármálamarkaði og ófjárhagslegra aðila og viðskiptasviða, fulltrúar viðkomandi atvinnugreina og einstaklingum sem hafa sérþekkingu á reikningshaldi og skýrslugjöf,
- c) sérfræðingum sem eru fulltrúar hins borgaralega samfélags, þ.m.t. aðilar sem eru sérfræðingar á sviði umhverfismála, félagsmála, atvinnumála og stjórnarháttá,
- d) sérfræðingum sem eru skipaðir sem einstaklingar og búa yfir sannreyntri þekkingu og reynslu á þeim sviðum sem þessi reglugerð tekur til,
- e) sérfræðingum sem eru fulltrúar háskólasamfélagsins, þ.m.t. háskóla, rannsóknarsetra og annarra vísindastofnana, m.a. einstaklingar sem búa yfir alþjóðlegri sérfræðiþekkingu.

2. Vettvangurinn skal:

- a) veita framkvæmdastjórninni ráð um tæknilegu matsviðmiðin sem um getur í 19. gr., svo og um mögulega þörf á að uppfæra þau viðmið,
- b) greina áhrif tæknilegu matsviðmiðanna með tilliti til mögulegs kostnaðar og ávinnings af beitingu þeirra,
- c) aðstoða framkvæmdastjórnina við að greina beiðnir frá hagsmunaaðilum til að þróa eða endurskoða tæknileg matsviðmið fyrir tiltekna atvinnustarfsemi,
- d) veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf, ef við á, um mögulegt hlutverk staðla fyrir sjálfbær reikningsskil og skýrslugjöf til stuðnings við beitingu tæknilegu matsviðmiðanna,
- e) fylgjast með og leggja reglubundið skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um þróun á vettvangi Sambandsins og aðildarríkjanna varðandi fjármagnsstreymi í sjálfbæra fjárfestingu,
- f) veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um mögulega þörf á að þróa frekari ráðstafanir til að bæta aðgengi að, og, gæði gagna,
- g) veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um nothæfi tæknilegu matsviðmiðanna, í ljósi þess að nauðsynlegt er að draga úr óþarfa stjórnsýsluálagi,

- h) veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um mögulega þörf á að breyta þessari reglugerð,
 - i) veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um mat á og þróun sjálfbærrar fjármálastefnu, m.a. að því er varðar álitamál sem tengjast samfellu í stefnu,
 - j) veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um að taka á öðrum sjálfbærnimarkmiðum, m.a. félagslegum markmiðum,
 - k) veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um beitingu 18. gr. og mögulega þörf á að bæta við kröfurnar í henni.
3. Vettvangurinn skal taka tillit til skoðana margvíslegra hagsmunaaðila.
4. Framkvæmdastjórnin gegnir formennsku í vettvanginum og er skipað í hann í samræmi við þverlægar reglur um stofnun og rekstur sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar. Í því samhengi getur framkvæmdastjórnin boðið sérfræðingum með tiltekna sérþekkingu í hverju tilviki fyrir sig.
5. Vettvangurinn skal sinna verkefnum sínum í samræmi við meginregluna um gagnsæi. Framkvæmdastjórnin skal birta fundargerð frá fundum vettvangsins og önnur viðeigandi skjöl á vefsetri framkvæmdastjórnarinnar.
6. Ef aðilar á fjármálamarkaði telja að atvinnustarfsemi, sem hlítir ekki tæknilegu matsviðmiðunum sem eru fastsett samkvæmt þessari reglugerð, eða sem slík tæknileg matsviðmið hafa ekki enn verið fastsett fyrir, ætti að teljast vera umhverfislega sjálfbær, geta þeir upplýst vettvanginn um það.

21. gr.

Lögbær yfirvöld

1. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbæru yfirvöldin sem um getur í 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) 2019/2088 fylgist með því að aðilar á fjármálamarkaði fari að kröfunum sem mælt er fyrir um í 5., 6. og 7. gr. þessarar reglugerðar. Aðildarríkin skulu tryggja að lögbær yfirvöld þeirra hafi þær eftirlits- og rannsóknarheimildir sem þarf til að gegna hlutverki sínu samkvæmt þessari reglugerð.
2. Lögbær yfirvöld skulu, að því er varðar þessa reglugerð, starfa saman og skulu afhenda hvert öðru, án ástæðulausrar tafar, þær upplýsingar sem skipta máli til að þau geti sinnt skyldum sínum samkvæmt þessari reglugerð.

22. gr.

Ráðstafanir og viðurlög

Aðildarríkin skulu setja reglur um ráðstafanir og viðurlög við brotum á ákvæðum 5., 6. og 7. gr. Ráðstafanirnar og viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.

23. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 8. gr. (4. mgr.), 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.), í óákveðinn tíma frá 12. júlí 2020.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 8. gr. (4. mgr.), 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) og 15. gr. (2. mgr.). Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Framkvæmdastjórnin skal safna saman allri sérfræðipækkingu áður en hún samþykkir og mótar framseldar gerðir, m.a. fyrir milligöngu samráðs við sérfræðinga úr sérfræðingahópi aðildarríkjanna um sjálfbær fjármál sem um getur í 24. gr. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin aðhafast í samræmi við meginreglur og málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 8. gr. (4. mgr.), 10. gr. (3. mgr.), 11. gr. (3. mgr.), 12. gr. (2. mgr.), 13. gr. (2. mgr.), 14. gr. (2. mgr.) eða 15. gr. (2. mgr.), skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan fjögurra mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlun sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

24. gr.

Sérfræðingahópur aðildarríkjanna um sjálfbær fjármál

1. Sérfræðingahópur aðildarríkjanna um sjálfbær fjármál („sérfræðingahópur aðildarríkjanna“) skal veita framkvæmdastjórninni ráðgjöf um hvort tæknilegu matsviðmiðin og nálgun vettvangsins varðandi þróun þessara viðmiða í samræmi við 19. gr. séu viðeigandi.
2. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa aðildarríkin með því að skipuleggja fundi sérfræðingahóps aðildarríkjanna til að greiða tímanlega fyrir skoðanaskiptum milli aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar, einkum að því er varðar helsta framlag vettvangsins, s.s. ný tæknileg matsviðmið eða efnislegar uppfærslur á þeim, eða drög að skýrslum.

III. KAFLI

LOKAÁKVÆÐI

25. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) 2019/2088

Reglugerð (ESB) 2019/2088 er breytt sem hér segir:

- 1) eftirfarandi grein er bætt við:

„2. gr. a

Meginregla um að valda ekki umtalsverðu tjóni

1. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar sem komið var á fót með reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010 (einu nafni „evrópsku eftirlitsstofnanirnar“) skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina efni og framsetningu upplýsinganna í tengslum við meginregluna um að „valda ekki umtalsverðu tjóni“ sem um getur í 17. lið 2. gr. þessarar reglugerðar sem eru í samræmi við efni, aðferðir og framsetningu að því er varðar sjálfbærnivísa í tengslum við neikvæðu áhrifin sem um getur í 6. og 7. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.
2. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum, sem um getur í 1. mgr., eigi síðar en 30. desember 2020.
3. Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í 1. mgr. þessarar greinar í samræmi við 10.–14. gr. reglugerða (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.“

2) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„2a. Ef aðilar á fjármálamarkaði gera fjármálaafurð aðgengilega eins og um getur í 6. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 (*), skulu þeir hafa með í upplýsingunum, sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, upplýsingarnar sem gerð er krafa um í 6. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2020/852 frá 18. júní 2020 um að koma á fót ramma til að greiða fyrir sjálfbærri fjárfestingu og um breytingu á reglugerð (ESB) 2019/2088 (Stjtið. ESB L, 22.6.2020, bls. 13).“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 3. mgr. kemur eftirfarandi:

„3. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina atriðin er varða efni og framsetningu upplýsinganna sem verða birtar skv. 1. og 2. mgr. þessarar greinar.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina atriðin er varða efni og framsetningu upplýsinganna sem um getur í 2. mgr. a í þessari grein.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þegar þær semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, taka tillit til margvíslegra fjármálaafurða, einkenna þeirra og munarins á þeim, svo og þess markmiðs að upplýsingagjöf eigi að vera nákvæm, sanngjörn, skýr, ekki villandi, einföld og hnitmiðuð og, ef nauðsynlegt reynist til að ná því markmiði, skulu semja drög að breytingum á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í 3. mgr. þessarar greinar. Í drögunum að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal taka tillit til viðkomandi gildistöku-dagsetninga sem settar eru fram í a- og b-lið 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 að því er varðar umhverfismarkmið sem sett eru fram í 9. gr. þeirrar reglugerðar.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein:

a) að því er varðar umhverfismarkmiðin sem um getur í a- og b-lið 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, eigi síðar en 1. júní 2021, og

b) að því er varðar umhverfismarkmiðin sem um getur í c- til f-lið 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, eigi síðar en 1. júní 2022.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.“

3) Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4a. Aðilar á fjármálamarkaði skulu hafa með í upplýsingum, sem verða birtar skv. 1. og 3. mgr. 6. gr. þessarar reglugerðar, upplýsingarnar sem krafist er skv. 5. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852.“

b) Í stað fyrstu undirgreinar 5. mgr. kemur eftirfarandi:

„5. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina atriðin er varða efni og framsetningu upplýsinganna sem verða birtar skv. 1. til 4. mgr. þessarar greinar.“

c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„6. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna sem um getur í 4. mgr. a í þessari grein.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu þegar þær semja drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, taka tillit til margvíslegra fjármálaafurða, markmiða þeirra eins og um getur í 4. mgr. a í þessari grein og munarins á þeim, svo og þess markmiðs að upplýsingagiöf eigi að vera nákvæm, sanngjörn, skýr, ekki villandi, einföld og hnitmiðuð, og, þar sem það er nauðsynlegt til að ná því markmiði, skal semja drög að breytingum á tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar. Í drögunum að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal taka tillit til viðkomandi gildistökdagsetninga sem settar eru fram í a- og b-lið 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 að því er varðar umhverfismarkmiðin sem sett eru fram í 9. gr. þeirrar reglugerðar.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein:

- a) að því er varðar umhverfismarkmiðin sem um getur í a- og b-lið 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, eigi síðar en 1. júní 2021, og
- b) að því er varðar umhverfismarkmiðin sem um getur í c- til f-lið 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, eigi síðar en 1. júní 2022.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.“

4) Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Eftirfarandi liðir bætast við 1. mgr.:

„c) að því er varðar fjármálaafurð sem fellur undir 5. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þeirri grein,

d) að því er varðar fjármálaafurð skv. 6. gr. reglugerðar 2020/852, upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þeirri grein.“

- b) Í stað fyrstu undirgreinar 4. mgr. kemur eftirfarandi:

„4. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna sem um getur í a- og b-lið 1. mgr.“,

- c) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, fyrir milligöngu sameiginlegu nefndarinnar, semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem tilgreina atriði er varða efni og framsetningu upplýsinganna sem um getur í c- og d-lið 1. mgr.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu, þegar þær semja drög að tæknilegum eftirlitsstöðlum sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, taka tillit til margvíslegra fjármálaafurða, einkenna þeirra og markmiða og munarins milli þeirra og, ef nauðsyn krefur, skulu semja drög að breytingum á tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í 4. mgr. þessarar greinar. Í drögunum að tæknilegum eftirlitsstöðlum skal taka tillit til viðkomandi gildistökdagsetninga sem settar eru fram í a- og b-lið 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852 að því er varðar umhverfismarkmiðin sem sett eru fram í 9. gr. þeirrar reglugerðar. Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu reglulega uppfæra tæknilegu eftirlitsstaðlana í ljósi þróunar á sviði eftirlits og tækni.

Evrópsku eftirlitsstofnanirnar skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina drög að tæknilegu eftirlitsstöðlunum sem um getur í fyrstu undirgrein:

- a) að því er varðar umhverfismarkmiðin sem um getur í a- og b-lið 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, eigi síðar en 1. júní 2021, og
- b) að því er varðar umhverfismarkmiðin sem um getur í c- til f-lið 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, eigi síðar en 1. júní 2022.

Framkvæmdastjórninni er veitt vald til að bæta við þessa reglugerð með því að samþykkja tæknilegu eftirlitsstaðlana sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar í samræmi við 10.–14. gr. í reglugerðum (ESB) nr. 1093/2010, (ESB) nr. 1094/2010 og (ESB) nr. 1095/2010.“

5) Í stað 3. mgr. 20. gr. kemur eftirfarandi:

„3. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. þessarar greinar:

- a) Ákvæði 4. gr. (6. og 7. mgr.) 8. gr. (3. mgr.), 9. gr. (5. mgr.), 10. gr. (2. mgr.), 11. gr. (4. mgr.) og 13. gr. (2. mgr.) skulu koma til framkvæmda frá og með 29. desember 2019,
- b) ákvæði 2. gr. a, 8. gr. (4. mgr.), 9. gr. (6. mgr.) og 11. gr. (5. mgr.) skulu koma til framkvæmda frá 12. júlí 2020,
- c) ákvæði 2. mgr. a í 8. gr. og 4. mgr. a í 9. gr. skulu koma til framkvæmda:
 - i. að því er varðar umhverfismarkmiðin sem um getur í a- til b-lið 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, frá 1. janúar 2022, og
 - ii. að því er varðar umhverfismarkmiðin sem um getur í c- til f-lið 9. gr. reglugerðar (ESB) 2020/852, frá 1. janúar 2023,
- d) ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 11 gr. skulu koma til framkvæmda frá 1. janúar 2022.“

26. gr.

Endurskoðun

1. Eigi síðar en 13. júlí 2022 og á þriggja ára fresti eftir það skal framkvæmdastjórnin birta skýrslu um beitingu þessarar reglugerðar. Sú skýrsla skal meta eftirfarandi:

- a) framvindu við framkvæmd þessarar reglugerðar að því er varðar þróun tæknilegra matsviðmiðana fyrir umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi,
- b) mögulega þörf á að endurskoða og bæta við viðmiðin sem sett eru fram í 3. gr. til að atvinnustarfsemi geti talist umhverfislega sjálfbær,
- c) notkun á skilgreiningu á umhverfislega sjálfbærri fjárfestingu í lögum Sambandsins og á vettvangi aðildarríkjanna, þ.m.t. ákvæðin sem þörf er á til að koma á fót sannprófunarkerfi fyrir hlítinu viðmiðanna sem sett eru fram í þessari reglugerð,
- d) árangurinn af beitingu tæknilegu matsviðmiðanna sem eru fastsett samkvæmt þessari reglugerð við að beina fjárfestingum einkaaðila í umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi og einkum að því er varðar fjármagnsstreymi, þ.m.t. eigið fé, til einkafyrirtækja og annarra lögaðila, bæði fyrir milligöngu fjármálaafurða sem reglugerð þessi tekur til og annarra fjármálaafurða,
- e) aðgang aðila á fjármálamarkaði, sem reglugerð þessi nær yfir, og fjárfesta að áreiðanlegum, tímanlegum og sannprófanlegum upplýsingum og gögnum sem varða einkafyrirtæki og aðra lögaðila, m.a. fyrirtæki sem fjárfest er í innan og utan gildissviðs þessarar reglugerðar og, í hvoru tveggja tilvikanna, að því er varðar eigið fé og lánsfé, að teknu tilliti til tengdrar stjórnsýslubyrði, svo og verkferlana til að sannprófa gögnin sem eru nauðsynleg til að ákvarða samræmingu við tæknilegar matsviðmiðanir og til að tryggja hlítinu við þessa verkferla,
- f) beitingu 21. gr. og 22. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2021, birta skýrslu þar sem lýst er ákvæðum sem þörf væri á til að rýmka gildissvið þessarar reglugerðar umfram umhverfislega sjálfbæra atvinnustarfsemi og lýsa ákvæðunum sem gerð yrði krafa um að tækju til:

- a) atvinnustarfsemi sem hefur ekki veruleg áhrif á umhverfislega sjálfbærni og atvinnustarfsemi sem skaðar umhverfislega sjálfbærni verulega svo og endurskoðun á því hvort sérstakar kröfur um upplýsingagjöf sem tengjast umbreytingarstarfsemi og starfsemi sem gerir annarri kleift að stuðla að umhverfismarkmiðum séu viðeigandi og
- b) önnur sjálfbærnimarkmið, svo sem félagsleg markmið.

3. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 13. júlí 2022, meta árangur samráðsreglna fyrir þróun tæknilegu matsviðmiðanna sem eru fastsett samkvæmt þessari reglugerð.

27. gr.

Gildistaka og framkvæmd

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
2. Ákvæði 4., 5., 6. og 7. gr. og 8. gr. (1., 2. og 3. mgr.) skulu koma til framkvæmda:
 - a) að því er varðar umhverfismarkmiðin sem um getur í a- og b-lið 9. gr. frá 1. janúar 2022, og
 - b) að því er varðar umhverfismarkmiðin sem um getur í c- til f-lið 9. gr. frá 1. janúar 2023.
3. Ákvæði 4. gr. skulu ekki gilda um skattaávilnanir sem byggjast á vottorðum sem voru fyrir hendi fyrir gildistöku þessarar reglugerðar og setja fram kröfur fyrir fjármálaafurðir sem miða að því að fjármagna sjálfbær verkefni.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. júní 2020.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

D. M. SASSOLI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

N. BRNJAC

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/2228****2022/EES/38/03****frá 14. desember 2021****um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2082 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012 frá 13. júní 2012 um reiki á almennum farsímanetum innan Sambandsins ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 6. gr. e,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samkvæmt 6. gr. a reglugerðar (ESB) nr. 531/2012 ættu veitendur landsbundinnar þjónustu, frá 15. júní 2017, ekki að leggja aukagjald, til viðbótar við landsbundna smásöluverðið, á viðskiptavini reikiþjónustu í neinu aðildarríki fyrir móttækin reikisímtöl, sem reglur eru settar um, ef þau símtöl eru innan þeirra marka sem heimilud eru samkvæmt viðmiðunarreglum um eðlilega notkun.
- 2) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 531/2012 er heimilt að leggja á aukagjald þar sem slíkt aukagjald, sem lagt er á fyrir að taka á móti reikisímtölum sem reglur eru settar um, takmarkast þó við vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu.
- 3) Í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2082 ⁽²⁾ er sett fram vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu sem á að gilda árið 2021 á grundvelli gagnagildanna frá og með 1. júlí 2020.
- 4) Evrópskur hópur eftirlitsaðila á sviði rafrænna fjarskipta hefur látið framkvæmdastjórninni í té uppfærðar upplýsingar frá eftirlitsyfirvöldum aðildarríkjanna um hámarksverð fyrir lúkningu símtala í farsíma, sem lögð voru á í samræmi við 32., 67. og 74. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 ⁽³⁾ á hverjum landsbundnum markaði fyrir heildsölu á lúkningu símtala í talsímabjónustu í einstökum farsímanetum, og um heildarfjölda áskrifenda í aðildarríkjunum.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur, samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 531/2012, reiknað út vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu með því að margfalda hæsta verð fyrir lúkningu símtala í farsíma, sem leyfilegt er í tilteknu aðildarríki, með heildarfjölda áskrifenda í því aðildarríki, leggja það margfeldi saman fyrir öll aðildarríkin og deila síðan í heildarútkomuna með heildarfjölda áskrifenda í öllum aðildarríkjunum á grundvelli gagnagildanna frá og með 30. júní 2021. Að því er varðar aðildarríki, sem hafa ekki evru sem gjaldmiðil, miðast viðeigandi gengi við meðaltal annars ársfjórðungs 2021 sem er fengið úr gagnagrunni Seðlabanka Evrópu.
- 6) Því er þörf á að uppfæra gildið fyrir vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu.
- 7) Því ætti að fella framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2082 úr gildi.
- 8) Samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 531/2012 ætti framkvæmdastjórnin að endurskoða árlega vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu, eins og ákvarðað er með þessari framkvæmdarreglugerð.
- 9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fjarskiptanefndarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtd. ESB L 448, 15.12.2021, bls. 50. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjtd. ESB L 172, 30.6.2012, bls. 10.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2082 frá 14. desember 2020 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2019/2116 (Stjtd. ESB L 423, 15.12.2020, bls. 18).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1972 frá 11. desember 2018 um setningu evrópskra reglna um rafræn fjarskipti (Stjtd. ESB L 321, 17.12.2018, bls. 36).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu skal vera 0,0072 evrur á mínútu.

2. gr.

Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2082 er felld úr gildi.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2022.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. desember 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

**TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS
(ESB) 2018/645****2022/EES/38/04****frá 18. apríl 2018****um breytingu á tilskipun 2003/59/EB um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun öikumanna tiltekinna
ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga og á tilskipun ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini (*)**

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 91. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í hvítbók sinni frá 28. mars 2011, sem ber titilinn „Vegvísir að einu samevrópsku flutningasvæði – í átt að samkeppnishæfu og auðlindanýtnu flutningakerfi“, setti framkvæmdastjórnin fram markmið um „núllsýn“ en samkvæmt því ætti Sambandið nánast að koma alveg í veg fyrir dauðaslys í flutningum á vegum eigi síðar en 2050.
- 2) Í orðsendingu sinni um stefnumið um umferðaröryggi 2011-2020, sem ber titilinn „Leiðin til evrópsks umferðaröryggis-svæðis: stefnumið um umferðaröryggi 2011-2020“, lagði framkvæmdastjórnin enn fremur til það markmið að dauðaslysum á vegum í Sambandinu yrði fækkað um helming eigi síðar en 2020, þar sem upphafsárið er 2010. Í því skyni að ná þessu markmiði mælti framkvæmdastjórnin fyrir um sjö stefnumarkmið, þ.m.t. að bæta menntun og þjálfun vegfarenda og að vernda óvarða vegfarendur.
- 3) Leiðtogaráðið studdi á fundi sínum 23.–24. október 2014 bindandi markmið fyrir ESB um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá öllu hagkerfinu um a.m.k. 40%, samanborið við árið 1990, eigi síðar en 2030. Þetta markmið fyrir losunarskerðingu mun stuðla að því að uppfylla langtíamarkmið Parísarsamningsins og allar greinar atvinnulífsins ættu að leggja sitt af mörkum til að ná því. Flutningageirinn þarfnast heildstæðrar nálgunar til að stuðla að losunarskerðingu og orkunýtni. Beina ætti þróuninni í þá átt að samgöngur hafi í för með sér litla losun, m.a. með rannsóknunum og innleiðingu tiltækra tækniframfara. Nauðsynlegt er að öikumenn fái tilhlýðilega akstursþjálfun á sem skilvirkastan hátt.
- 4) Eftir að hafa metið framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB ⁽³⁾ tilgreindi framkvæmdastjórnin ýmsa ágalla. Helstu ágallarnir, sem voru tilgreindir, voru vandkvæði að því er varðar túlkanirnar á undanþágum og réttaróvissa tengd þeim, vandkvæði varðandi inntak þjálfunarinnar sem virtist einungis, að hluta til, henta þörfum öikumanna, vandkvæði öikumanna að öðlast gagnkvæma viðurkenningu á þjálfun sem þeir ljúka að hluta til eða

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 112, 2.5.2018, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 155/2022 frá 29. apríl 2022 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjttð. ESB C 288, 31.8.2017, bls. 115.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 13. mars 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 12. apríl 2018.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB frá 15. júlí 2003 um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun öikumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og tilskipun ráðsins 91/439/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/914/EBE (Stjttð. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 4).

að fullu í öðru aðildarríki og misræmi varðandi kröfur um lágmarksaldur í tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB og 2006/126/EB ⁽¹⁾.

- 5) Í því skyni að auka skýrleika laga í tilskipun 2003/59/EB ætti að fella brott eða breyta öllum tilvísunum í gerðir Sambandsins sem hafa verið felldar úr gildi eða skipt út.
- 6) Í því skyni að kveða á um réttarvissu og samræmi við aðrar gerðir Sambandsins ætti að gera nokkrar breytingar á undanþágunum í tilskipun 2003/59/EB, að teknu tilliti til svipaðra undanþága samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 ⁽²⁾. Sumar af þessum undanþágum varða aðstæður þar sem akstur er ekki meginstarfssvið ökumannsins og það myndi leggja óhóflega byrði á ökumenn ef þeir yrðu krafðir um að uppfylla kröfurnar í tilskipun 2003/59/EB. Almennt séð telst akstur ekki vera meginstarfssvið ökumanns ef hann tekur til minna en 30% af mánaðarlegum vinnutíma.
- 7) Ef aksturinn er stundaður sjaldan, stundaður í dreifbýli og ef ökumenn, sem starfa við eigin rekstur, stunda aksturinn ættu undanþágurnar að gilda, að því tilskildu að umferðaröryggi sé enn tryggt. Vegna mismunandi skilyrða í dreifibýli innan Sambandsins, með tilliti til landfræðilegrar legu, loftslags og þéttleika byggðar, ættu aðildarríkin að hafa rétt á að ákvarða hvort slíkur akstur geti talist vera tilfallandi og hvort slík undanþága hafi áhrif á umferðaröryggi, t.d. á grundvelli tiltekinna gerðar vegarins, umferðarþunga eða tilvist óvarinna vegfarenda.
- 8) Þar sem vegalengdin sem einstaklingar starfandi við landbúnað, garðyrkju, skógrækt, búskap og fiskvinnslu, sem eru undanþegnir þessari tilskipun, verða að ferðast vegna vinnu sinnar er breytileg innan Sambandsins ættu aðildarríkin að fá að ákvarða í eigin lögum leyfilega hámarksvegalengd sem er reiknuð út frá bækistöðvum fyrirtækisins sem undanþágurnar gilda um.
- 9) Ökumennirnir, sem voru undanþegnir kröfunni um grunnþjálfun, ættu, á meðan þeir halda áfram að njóta góðs af þessari undanþágu, engu að síður að þurfa að gangast undir reglubundna þjálfun til að tryggja að þekking þeirra á málefnum sem eru mikilvæg fyrir starf þeirra sé uppfærð.
- 10) Aðildarríkin ættu, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, að skiptast rafrænt á upplýsingum um starfshæfnisvottorð. Þau ættu að þróa nauðsynlegan rafrænan vettvang, að teknu tilliti til kostnaðar- og ábatagreiningu framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t. möguleikinn á að víkka út ökuskírteinakerfi ESB sem komið var á fót samkvæmt tilskipun 2006/126/EB. Þetta felur m.a. í sér þann ávinning að aðildarríkin fá greiðan aðgang að upplýsingum um þjálfun sem lokið er og ekki er skráð á ökuskírteini ökumannsins. Mikilvægt er að aðildarríkin og framkvæmdastjórnin leitist við að þróa þessa starfsemi enn frekar með það að markmiði að fá aðgang að upplýsingum á rauntíma við vegaeftirlit.
- 11) Að teknu tilliti til þróunar í þjálfun og menntun og til að auka framlag tilskipunar 2003/59/EB til umferðaröryggis og mikilvægi þjálfunar fyrir ökumenn ætti að styrkja viðfangsefnið sem varða umferðaröryggi á þjálfunarnámskeiðunum, eins og meðvitund um hættu, verndun óvarðra vegfarenda, einkum gangandi vegfarenda, hjólréiðamanna og einstaklinga með takmarkaða hreyfigetu, eldsneytisnýttinn akstur, akstur við öfgafull veðurskilyrði og flutning óvenjulegs farms. Í þessu samhengi ættu námskeiðin einnig að varða skynvædd flutningakerfi og þau ættu að taka breytingum til að halda í við tækniþróun.
- 12) Gefa ætti aðildarríkjunum með skýrum hætti þann kost að bæta og nútímavæða þjálfunaraðferðir með því að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað, eins og rafrænt nám og blandað nám, sem hluta af þjálfuninni, á sama tíma og gæði þjálfunarinnar eru tryggð. Þegar verið er að bæta og nútímavæða þjálfunaraðferðir með því að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað, er mikilvægt að taka tillit til þess að tiltekin viðfangsefni krefjast verklegrar þjálfunar sem ekki er hægt að útkljá á tilhlýðilegan hátt með þessum tæknibúnaði, t.d. setja á snjókeðjur, festa farm eða önnur þjálfunaratríði þar sem verklega hliðin vegur þungt. Verklegr þjálfun gæti, en þarf þess ekki, falið í sér akstur. Talsverður hluti af þjálfuninni, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, ætti að fara fram á viðurkenndri þjálfunarmiðstöð.
- 13) Til að tryggja samræmi á milli mismunandi tegunda þjálfunar, sem krafist er samkvæmt lögum Sambandsins, ættu aðildarríkin að hafa þann kost að sameina mismunandi tegundir þjálfunar, t.d. ætti að vera kleift að sameina þjálfun í tengslum við flutning á hættulegum farmi, þjálfun sem miðar að því að auka vitneskju um fötlun eða flutning á dýrum, þeirri þjálfun sem kveðið er á um í tilskipun 2003/59/EB.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini (Stjttð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18).

⁽²⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálaggjafarinnar varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjttð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

- 14) Til að koma í veg fyrir að mismunandi aðferðir í aðildarríkjunum torveldi gagnkvæma viðurkenningu og takmarki rétt ökumanna til að gangast undir reglubundna þjálfun í aðildarríkinu sem þeir vinna í ætti, ef ekki er hægt að skrá þjálfun, sem lokið er, á ökuskírteinið, að krefja yfirvöld í aðildarríkjunum um að gefa út atvinnuskírteini ökumanns samkvæmt stöðluðu fyrirmyndunum, sem mælt er fyrir um, sem mun tryggja gagnkvæma viðurkenningu fyrir alla ökumenn sem uppfylla kröfur tilskipunar 2003/59/EB.
- 15) Þegar ökumenn frá þriðju löndum nota ökumannsvottorð sem sönnun þess að farið sé að þjálfunarkröfunum gæti það haft hamlandi áhrif fyrir ökumenn þegar farmflytjandi skilar vottorðinu til útgáfuyfirvaldanna, sér í lagi þegar þeir ökumenn óska eftir að hefja störf í öðru aðildarríki. Til að koma í veg fyrir að ökumenn þurfi við slíkar aðstæður að endurtaka þjálfun sína við upphaf nýs starfs ætti að hvetja aðildarríkin til að vinna saman og skiptast á upplýsingum um menntun og hæfi ökumanna.
- 16) Til að tryggja snuðulaus umskipti ættu gild ökumannsvottorð og atvinnuskírteini ökumanns, sem gefin eru út í samræmi við reglurnar sem gilda áður en ákvæðunum, sem þessi tilskipun breytir, er breytt að vera viðurkennd fram að þeim degi sem þau falla úr gildi. Þær breytingar ógilda ekki undangengna þjálfun, eða ökuskírteinin sem gefin eru út til að votta slíka þjálfun, áður en þeim er beitt.
- 17) Til að kveða á um skýrleika laga og tryggja samræmdar kröfur um lágmarksaldur, í þeim tilgangi sem mælt er fyrir um í tilskipun 2003/59/EB, ætti í tilskipun 2006/126/EB að kveða á um skýra undanþágu þar sem mælt er fyrir um að gefa megi út þau ökuskírteini við þann lágmarksaldur sem kveðið er á um í tilskipun 2003/59/EB. Þessi nánari útlistun varðar almennan lágmarksaldur fyrir ökumenn í tilteknum ökutækjaflokkum sem eru handhafar starfshæfnisvottorðs og hefur ekki áhrif á tiltæka möguleika til að fækka undanþágum eða veita undanþágur frá slíkum kröfum um lágmarksaldur.
- 18) Breytingar á tilskipun 2006/126/EB ættu að takmarkast við þær breytingar sem tengjast með beinum hætti endurskoðun tilskipunar 2003/59/EB og greiða fyrir notkun ökutækja sem eru knúin óhefðbundnu eldsneyti. Ítarlegri greining á framkvæmd og beitingu tilskipunar 2006/126/EB, þ.m.t. afmörkun tiltekinna flokka ökutækja, virðist æskileg og ætti að fella hana inn í síðari endurskoðun tilskipunar 2006/126/EB.
- 19) Til að stuðla að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og auka loftgæði, með því að greiða fyrir notkun ökutækja sem eru knúin óhefðbundnu eldsneyti, ættu aðildarríkin að hafa þann möguleika á yfirráðasvæði sínu að leyfa handhöfum ökuskírteinis í flokki B að keyra tilteknar gerðir ökutækja, sem eru knúnar óhefðbundnu eldsneyti, með leyfilegan hámarks massa sem er meiri en 3500 kg en fer ekki yfir 4250 kg. Sá möguleiki að fara yfir 3500 kg ætti að vera háður því að leyfilegi viðbótarmassinn sé eingöngu tilkominn vegna umframmassans, sem stafar af annars konar knúningskerfum, og ætti að vera með fyrirvara um takmarkanir og skilyrði sem ætluð eru til að forðast neikvæð áhrif á umferðaröryggi.
- 20) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar tilskipunar, þ.e. að gera endurbætur á stöðlum innan alls Evrópusambandsins um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna eðlis flutninganna á vegum sem ná yfir landamæri og málefna sem á að fjalla um í þessari tilskipun, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari tilskipun til að ná þessu markmiði.
- 21) Því ber að breyta tilskipunum 2003/59/EB og 2006/126/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 2003/59/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. kemur eftirfarandi:

„1. gr.

Gildissvið

Þessi tilskipun gildir um akstursstarfsemi sem stunduð er af:

- a) ríkisborgurum aðildarríkis og

b) ríkisborgurum þriðju landa sem eru launþegar eða sem fyrirtæki með staðfestu í aðildarríki notar,

sem hér á eftir eru nefndir „ökumenn“ sem stunda flutninga á vegum innan Sambandsins, á vegum sem eru opnir almennri umferð, og nota:

- ökutæki, sem krafist er ökuskráteinis fyrir í flokki C1, C1 + E, C eða C + E, eins og skilgreint er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB (*), eða ökuskráteinis sem viðurkennt er að jafngildi því,
- ökutæki, sem krafist er ökuskráteinis fyrir í flokki D1, D1 + E, D eða D + E, eins og skilgreint er í tilskipun 2006/126/EB, eða ökuskráteinis sem viðurkennt er að jafngildi því.

Að því er þessa tilskipun varðar skal lesa tilvísanirnar í flokka ökuskráteina sem innihalda plústákn („+“) í samræmi við samanburðartöfluna sem sett er fram í III. viðauka.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskráteini (Stjttíð. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18).“

2) Í stað 2. gr. kemur eftirfarandi:

„2. gr.

Undanþágur

1. Þessi tilskipun gildir ekki um öikumenn ökutækja:

- a) ef hámarkshraði fer ekki yfir 45 km á klukkustund,
- b) sem herafli, almannavarnir, slökkvilið, liðsaflí, sem sér um að halda uppi allsherjarreglu, og neyðarsjúkraflutningaþjónusta notar eða hefur umráð yfir ef flutningarnir eru vegna verkefna sem þeim er úthlutað,
- c) sem er reynsluekið á vegum vegna tækniþróunar, viðgerða eða viðhalds eða öikumenn nýrra eða endurbyggðra ökutækja hafa ekki enn tekið í notkun,
- d) sem krafist er ökuskráteinis fyrir í flokki D eða D1 og sem viðhaldsstarfsfólk ekur án farþega til eða frá viðhaldsstöð sem staðsett er í nágrenni næstu viðhaldsmiðstöðvar sem flutningsaðilinn notar, að því tilskildu að akstur ökutækisins sé ekki meginstarfssvið öikumannsins,
- e) sem notuð eru í neyðartilvikum eða eru ætluð til björgunarstarfa, þ.m.t. ökutæki til flutninga, sem eru ekki í atvinnuskyni, í tengslum við hjálparstarf,
- f) sem notuð eru til ökukennslu og í ökuþrófi fyrir alla einstaklinga sem óska eftir því að fá ökuskráteini eða starfshæfnisvottorð, í samræmi við 6. gr. og 1. mgr. 8. gr., að því tilskildu að ökutækin séu ekki notuð til vöru- og farþegaflutninga í atvinnuskyni,
- g) sem notuð eru til farþegaflutninga, sem ekki eru stundaðir í atvinnuskyni, eða vöruflutninga,
- h) sem flytja efni, búnað eða vélar sem öikumenn nota við vinnu sína, að því tilskildu að akstur ökutækjanna sé ekki meginstarfssvið öikumannsins.

Að því er varðar f-lið þessarar málsgreinar skal þessi tilskipun ekki gilda um einstakling sem óskar eftir því að fá ökuskráteini eða starfshæfnisvottorð, í samræmi við 6. gr. og 1. mgr. 8. gr., ef þessi einstaklingur gengst undir viðbótarökuþjálfun samtímis námi á vinnustað þar sem hann nýtur leiðsagnar annars einstaklings með starfshæfnisvottorð eða ökukennara, í ökutækjaflokknum sem notaður er í þeim tilgangi sem settur er fram í þeim lið.

2. Þessi tilskipun gildir ekki ef öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt:

- a) öikumenn ökutækja aka í dreifbýli og starfa við eigin rekstur,
- b) öikumenn bjóða ekki upp á flutningaþjónustu og
- c) aðildarríki telja að flutningurinn sé tilfallandi og hafi ekki áhrif á umferðaröryggi.

3. Þessi tilskipun gildir ekki um ökumenn ökutækja sem fyrirtæki á sviði landbúnaðar, garðyrkju, skógræktar, búskapar eða fiskvinnslu nota eða leigja, án ökumanns, til vöruflutninga í tengslum við eigin atvinnurekstur, nema aksturinn sé hluti af meginstarfssviði ökumannsins eða fer yfir tiltekna vegalengd, sem ákvörðuð er í landslögum, frá bækistöð fyrirtækisins sem á eða leigir ökutækið til lengri eða skemmri tíma.“

3) Í stað 7. gr. kemur eftirfarandi:

„7. gr.

Reglubundin þjálfun

Reglubundin þjálfun skal fela í sér þjálfun til að gera handhöfum starfshæfnisvottorða kleift að endurnýja þekkingu sem er nauðsynleg í starfi þeirra, með sérstaka áherslu á öryggi á vegum, heilbrigði og öryggi á vinnustað og minnkun umhverfisáhrifa á akstur.

Viðurkennd þjálfunarmiðstöð skal skipuleggja þá þjálfun í samræmi við 5. þátt I. viðauka. Þjálfunin skal samanstanda af kennslu í kennslustofu, verklegri þjálfun og, ef mögulegt er, þjálfun með því að nota upplýsinga- og fjarskiptatækniþúnað eða hágæða herma. Ef ökumaður fer til starfa hjá öðru fyrirtæki skal tekið tillit til reglubundinnar þjálfunar sem hann hefur þegar fengið.

Reglubundin þjálfun skal hafa það markmið að víkka út og endurskoða sum viðfangsefni sem um getur í 1. þætti I. viðauka. Hún skal taka til mismunandi viðfangsefna og ávallt fela í sér a.m.k. eitt viðfangsefni sem snýr að umferðaröryggi. Í viðfangsefnum þjálfunarinnar skal tekið tillit til þróunar viðeigandi löggjafar og tækni og tekið skal tillit til þarfa ökumannsins um sérþjálfun eins og mögulegt er.“

4) Í stað fyrstu málsgreinar 9. gr. kemur eftirfarandi:

„Ökumennirnir, sem um getur í a-lið 1. gr. þessarar tilskipunar, skulu fá grunnþjálfunina, sem um getur í 5. gr. þessarar tilskipunar, í því aðildarríki sem þeir hafa fasta búsetu, eins og skilgreint er í 12. gr. tilskipunar 2006/126/EB.“

5) Í stað 10. gr. kemur eftirfarandi:

„10. gr.

Táktölu Sambandsins

1. Á grundvelli starfshæfnisvottorðs sem vottar grunnþjálfun og starfshæfnisvottorðs sem vottar reglubundna þjálfun skulu lögbær yfirvöld aðildarríkis, að teknu tilliti til ákvæða 2. og 3. mgr. 5. og 8. gr. þessarar tilskipunar, skrá samræmda táktölu Sambandsins „95“ sem kveðið er á um í I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB ásamt samsvarandi flokkum skírteina:

— á ökuskírteinið eða

— á atvinnuskírteini ökumannsins sem er útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem sýnd er í II. viðauka við þessa tilskipun.

Ef lögbær yfirvöld aðildarríkisins þar sem starfshæfnisvottorðið var fengið geta ekki fært táktölu Sambandsins á ökuskírteinið skulu þau gefa út atvinnuskírteini ökumanns til handa ökumanninum.

Atvinnuskírteini ökumanns, sem er gefið út í aðildarríkjunum, skal njóta gagnkvæmrar viðurkenningar. Þegar skírteinið er gefið út skulu lögbær yfirvöld kanna hvort ökuskírteinið sé í gildi fyrir viðkomandi ökutækjaflokk.

2. Ökumaður, sem um getur í b-lið 1. gr., sem ekur ökutækjum til vöruflutninga á vegum, skal einnig hafa rétt á að færa sönnur á að hann hafi þá menntun og hæfi og þjálfun, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, með því að nota ökumannsvottorðið, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 (*), að því tilskildu að það beri táktölu Sambandsins „95“. Að því er þessa tilskipun varðar skal útgáfuáðildarríkið tilgreina táktölu Sambandsins „95“ í athugasemdashluta vottorðsins ef ökumaðurinn sem um er að ræða hefur uppfyllt kröfurnar um menntun og hæfi og þjálfun sem kveðið er á um í þessari tilskipun.

3. Ökumannsvottorð, sem bera ekki táktölu Sambandsins „95“ og sem gefin voru út fyrir 23. maí 2020 í samræmi við 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1072/2009, einkum 7. mgr., í því skyni að votta að farið hafi verið að þjálfunarkröfunum samkvæmt þessari tilskipun, skulu tekin gild sem sönnun fyrir menntun og hæfi þar til gildistími þeirra rennur út.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1072/2009 frá 21. október 2009 um sameiginlegar reglur um aðgang að mörkuðum fyrir farmflutninga á vegum milli landa (Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 72).“

6) Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. a

Framfylgdarkerfi

1. Í þágu framfylgdar skulu aðildarríkin skiptast á upplýsingum um starfshæfnisvottorð sem hafa verið gefin út eða afturkölluð. Að því er þetta varðar skulu aðildarríkin, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, þróa rafrænt kerfi eða vinna að útvíkkun fyrirbyggjandi kerfis, að teknu tilliti til mats framkvæmdastjórnarinnar á kostnaðarhagkvæmasta kostinum.
2. Kerfið getur innihaldið upplýsingar sem tilgreindar eru í starfshæfnisvottorðunum auk upplýsinga um stjórnsýslumeðferð í tengslum við starfshæfnisvottorðin.
3. Aðildarríkin skulu tryggja að vinnsla persónuupplýsinga fari eingöngu fram til að sannreyna að farið sé að ákvæðum þessarar tilskipunar, einkum þjálfunarkröfunum sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (*).
4. Aðgangur að kerfinu skal vera tryggður. Aðildarríkjum er aðeins heimilt að veita lögbærum yfirvöldum, sem bera ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með því að farið sé að þessari tilskipun, aðgang að kerfinu.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).“

7) Ákvæðum I. og II. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

Tilskipun 2006/126/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum 4. gr. er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 4. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað þriðja undirliðar e-liðar kemur eftirfarandi:
„— lágmarksaldur fyrir flokka C1 og C1E skal vera 18 ár.“
- ii. Í stað annars undirliðar g-liðar kemur eftirfarandi:
„— lágmarksaldur fyrir flokka C og CE skal vera 21 ár.“
- iii. Í stað annars undirliðar i-liðar kemur eftirfarandi:
„— lágmarksaldur fyrir flokka D1 og D1E skal vera 21 ár.“
- iv. Í stað annars undirliðar k-liðar kemur eftirfarandi:
„— lágmarksaldur fyrir flokka D og DE skal vera 24 ár.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Þrátt fyrir lágmarksaldurinn, sem mælt er fyrir um í g-, i- og k-lið 4. mgr. þessarar greinar, skal lágmarksaldurinn fyrir útgáfu ökuskrteinis í flokkum C og CE, D1 og D1E og D og DE vera sá lágmarksaldur sem mælt er fyrir um fyrir akstur slíkra ökutækja fyrir handhafa starfshæfnisvottorðs, sem mælt er fyrir um í 5. gr. (2. mgr.), 5. gr. (fyrsta málsgrein i. liðar í a-lið 3. mgr.), 5. gr. (fyrsta málsgrein ii. liðar í a-lið 3. mgr.) eða 5. gr. (b-liður 3. mgr.) tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB (*), eftir því sem við á.

Ef aðildarríki, í samræmi við 5. gr. (önnur málsgrein i. liðar í a-lið 3. mgr.) eða 5. gr. (önnur málsgrein ii. liðar í a-lið 3. mgr.) tilskipunar 2003/59/EB, heimilar akstur innan yfirráðasvæðis síns frá lægri aldri, skal gildi ökuskrteinisins takmarkast við yfirráðasvæði útgáfuaðildarríkisins þar til handhafi skírteinisins hefur náð viðeigandi lágmarksaldri, sem um getur í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar, og er handhafi starfshæfnisvottorðs.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB frá 15. júlí 2003 um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun ökumanna tiltekinna ökutækja til vöru- eða farþegaflutninga, um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 og tilskipun ráðsins 91/439/EBE og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 76/914/EBE (Stjtið. ESB L 226, 10.9.2003, bls. 4).“

2) Í 4. mgr. 6. gr. er eftirfarandi lið bætt við:

„c) ökutæki sem eru knúin óhefðbundnu eldsneyti, sem um getur í 2. gr. tilskipunar ráðsins 96/53/EB (*), með leyfilegan hámarks massa yfir 3500 kg en sem fer ekki yfir 4250 kg við flutning á vörum án eftirvagns, þar sem aksturinn er í höndum handhafa ökuskráteinis í flokki B sem var gefið út a.m.k. tveimur árum áður, að því tilskildu að massinn sem fer yfir 3500 kg sé eingöngu vegna umframmassa knúningskerfisins í tengslum við knúningskerfi ökutækis með sömu mál sem búið er hefðbundnum brunahreyfli með rafkveikju eða þjöppukveikju, og að því tilskildu að flutningsgetan hafi ekki aukist í tengslum við sama ökutæki.

(*) Tilskipun ráðsins 96/53/EB frá 25. júlí 1996 um að ákveða leyfileg hámarksmál vegna umferðar innan aðildarríkja og milli landa og leyfilega hámarksþyngd vegna umferðar milli landa fyrir tiltekin ökutæki sem eru í notkun í Bandalaginu (Stjtið. EB L 235, 17.9.1996, bls. 59).“

3) Í stað 15. gr. kemur eftirfarandi:

„15. gr.

Gagnkvæm aðstoð

1. Aðildarríkin skulu aðstoða hvert annað við framkvæmd þessarar tilskipunar og, ef þörf krefur, skiptast á upplýsingum um ökuskráteini sem þau hafa gefið út, skipt um, skipt út, endurnýjað eða afturkallað. Þau skulu nota ökuskráteinakerfi ESB, sem komið er á fót í þessu skyni, þegar það kerfi er komið í gagnið.

2. Einnig er hægt að nota kerfið til að skiptast á upplýsingum í eftirlitsskyni eins og kveðið er á um í löggjöf Sambandsins.

3. Aðildarríkin skulu tryggja að vinnsla persónuupplýsinganna, sem um getur í þessari tilskipun, fari eingöngu fram í þeim tilgangi að hrinda í framkvæmd þessari tilskipun og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/59/EB og (ESB) 2015/413 (*). Öll vinnsla persónuupplýsinga, sem fram fer innan ramma þessarar tilskipunar, skal vera í samræmi við reglugerðir Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 (***) og (EB) nr. 45/2001 (***).

4. Aðgangur að kerfinu skal vera tryggður. Aðildarríkjunum er aðeins heimilt að veita lögbærum yfirvöldum aðgang sem bera ábyrgð á framkvæmd og eftirliti með því að farið sé að þessari tilskipun og tilskipunum 2003/59/EB og (ESB) 2015/413.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/413 frá 11. mars 2015 um að greiða fyrir upplýsingaskiptum yfir landamæri í tengslum við umferðarlagabrot sem tengjast umferðaröryggi (Stjtið. ESB L 68, 13.3.2015, bls. 9).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin) (Stjtið. ESB L 119, 4.5.2016, bls. 1).

(***) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 45/2001 frá 18. desember 2000 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga, sem stofnanir og aðilar Bandalagsins hafa unnið, og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga (Stjtið. EB L 8, 12.1.2001, bls. 1).“

3. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 23. maí 2020, nema að því er varðar lög og stjórnsýslufyrirmæli sem nauðsynleg eru til að fara að 6. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, sem öðlast gildi eigi síðar en 23. maí 2021. Þau skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um það þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 18. apríl 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. PAVLOVA

forseti.

VIÐAUKI

Viðaukunum við tilskipun 2003/59/EB er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Ákvæðum 1. þáttar er breytt sem hér segir:

i. Í stað annarrar málsgreinar kemur eftirfarandi:

„Lágmarksmenntun og -hæfi skal a.m.k. vera sambærileg 2. stigi evrópska viðmiðarammans um menntun og hæfi eins og kveðið er á um í II. viðauka við tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 (*).“

(*) Tilmæli Evrópuþingsins og ráðsins frá 23. apríl 2008 um að koma á fót evrópskum ramma um menntun og hæfi að því er varðar símenntun (Stjtið. ESB C 111, 6.5.2008, bls. 1).“

ii. Í stað liðar 1.2 kemur eftirfarandi:

„1.2. Markmið: að þekkja tæknilega eiginleika og starfsemi öryggisefirlits til þess að hafa eftirlit með ökutæki, lágmarka slit og koma í veg fyrir bilanir:

takmörk á notkun hemla og hamlara, hemlar og hamlari notaðir saman, betri nýting hraða- og girhlutfalls, notkun tregðu ökutækis, notkun aðferða til að hægja á ökutækinu og hemla á leið niður brekkur, viðbrögð ef bilun verður, notkun rafræns og vélræns búnaðar, eins og rafræns stöðugleikabúnaðar (ESP), háþróaðs neyðarhemlunarkerfis (AEBS), læsivarins hemlakerfis (ABS), spyrnustýrikerfis (TCS) og vöktunarkerfa í ökutækjum (IVMS) sem og annarra hjálparkerfa fyrir öikumenn eða sjálfvirkis búnaðar sem er viðurkenndur til notkunar.“

iii. Í stað liðar 1.3 kemur eftirfarandi:

„1.3. Markmið: hæfni til að ná fram hámarksnýtingu eldsneytis:

að ná fram hámarksnýtingu eldsneytis með því að beita verkunnáttu að því er varðar liði 1.1 og 1.2, mikilvægi þess að sjá fyrir umferðarflæði, hæfileg fjarlægð milli annarra ökutækja og notkun skriðþunga ökutækisins, jafn hraði, lipur akstursmáti og viðeigandi þrýstingur í hjólbörðum auk þekkingar á skynvæddu flutningakerfi sem bætir skilvirkni í akstri og aðstoðar við gerð akstursleiðar.“

iv. Eftirfarandi liður bætist við á undan fyrirsögninni „Ökuskírteini í flokki C, C + E, C1, C1 + E“:

„1.3a. Markmið: hæfni til að sjá fyrir, meta og aðlaga sig að áhættum í umferðinni:

að gera sér grein fyrir og aðlaga sig að mismunandi vega-, umferðar- og veðurskilyrðum, sjá fyrir komandi atburði, að skilja hvernig á að undirbúa og skipuleggja ferð við óeðlileg veðurskilyrði, að vera kunnugt um notkun tengds öryggisbúnaðar og skilja þegar fresta eða aflýsa þarf ferð vegna öfgakenndra veðurskilyrða, að laga sig að áhættum í umferðinni, þ.m.t. hættulegri hegðun í umferðinni eða eftirtektarleysi við akstur (með því að nota rafeindabúnað, borða, drekka, o.s.frv.); að þekkja og laga sig að hættulegum aðstæðum og að geta ráðið við streitu sem af því leiðir, einkum í tengslum við stærð og þyngd ökutækjanna og óvarinna vegfarenda, s.s. gangandi vegfarenda, hjólréiðamanna og vélknúinna ökutækja á tveimur hjólum.

Að bera kennsl á hættuástand og túlka á tilhlýðilegan hátt hvernig þetta hugsanlega hættuástand geti breyst í ástand þar sem ekki er lengur hægt að koma í veg fyrir árekstur og velja og framkvæma aðgerðir sem hækka öryggismörk að því marki að enn sé unnt að afstýra árekstri ef hugsanleg hættuástand ætti sér stað.“

v. Í stað liðar 1.4 kemur eftirfarandi:

„1.4. Markmið: hæfni til að hlaða ökutækið með tilhlýðilegu tilliti til öryggisreglna og rétrar notkunar á ökutækinu:

kraftar sem verka á ökutæki á hreyfingu, notkun girhlutfalls í samræmi við hleðslu ökutækis og ástand vegar, notkun sjálfvirkra aflyfirfærslukerfa, útreikningur á farmþunga ökutækis eða vagnalestar, útreikningur heildarrúmmáls, dreifing hleðslu, afleiðingar sem af mikið álag á öxulinn hefur, stöðugleiki ökutækis og þyngdarmiðja, gerðir umbúða og vörubretta.

Helstu flokkar varnings, sem þarf að festa tryggilega, klemmu- og festingaraðferðir, notkun öryggisóla, skoðun festingarbúnaðar, notkun búnaðar til að meðhöndla farm, notkun búnaðar til að setja á yfirbreiðslur og taka þær niður.“

vi. Í stað liðar 1.5 kemur eftirfarandi:

„1.5. Markmið: hæfni til að tryggja að vel fari um farþega og að öryggis þeirra sé gætt:

rétt mat á langsum og þversum hreyfingum ökutækisins, samnýting vegarins, staðsetning á veginum, mjúk hemlun, taka tillit til útskögunar, notkun sérstakra grunnvirkja (almenn svæði, sérstakar akreinar), samræming á öruggum akstri og öðrum hlutverkum ökumanns, samskipti við farþega, ásamt sérstökum þörfum sem tengjast tilteknum hópum farþega (fötluðum, börnum).“

vii. Í stað liðar 1.6 kemur eftirfarandi:

„1.6. Markmið: hæfni til að hlaða ökutækið með tilhlýðilegu tilliti til öryggisreglna og réttar notkunar á ökutækinu:

kraftar sem verka á ökutæki á hreyfingu, notkun gírhlutfalls í samræmi við hleðslu ökutækis og ástand vegar, notkun sjálfvirkra aflyfirfærslukerfa, útreikningur á farmþunga ökutækis eða vagnalestar, dreifing hleðslu, afleiðingar sem of mikið álag á öxulinn hefur, stöðugleiki ökutækis og þyngdarmiðja.“

viii. Í stað liðar 2.1 kemur eftirfarandi:

„2.1. Markmið: að þekkja félagslegt umhverfi flutninga á vegum og reglurnar sem gilda um þá:

hámarksvinnutími innan flutningsgeirans, meginreglur, beiting og afleiðingar reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 (*) og (ESB) nr. 165/2014 (**), viðurlög við að nota ekki ökurita, óviðeigandi notkun og óheimilar breytingar á honum, þekking á félagslegu umhverfi flutninga á vegum, réttindi og skyldur ökumanna að því er varðar grunnþjálfun og reglubundna þjálfun.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85 (Stjútíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 165/2014 frá 4. febrúar 2014 um ökurita í flutningum á vegum, niðurfellingu reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálalöggjafarinnar er varða flutninga á vegum (Stjútíð. ESB L 60, 28.2.2014, bls. 1).“

ix. Í stað liðar 2.2 kemur eftirfarandi:

„2.2. Markmið: að þekkja reglurnar sem gilda um vöruflutninga:

flutningsrekstrarleyfi, skjöl sem skulu vera í ökutækinu, bann við að nota tiltekna vegi, veggjöld, skyldur samkvæmt stöðluðum samningum um vöruflutninga, að útbúa skjöl sem flutningssamningurinn samanstendur af, alþjóðleg flutningsleyfi, skyldur samkvæmt samningi um samkomulag í millilandaflutningum á farni á vegum, útfylling alþjóðlegra farmbréfa, för yfir landamæri, farmmiðlarar, sérstök fylgiskjöl með vörum.“

x. Í stað liðar 3.7 kemur eftirfarandi:

„3.7. Markmið: að þekkja efnahagsumhverfi farmflutninga á vegum og skipulag markaðarins:

flutningar á vegum í tengslum við aðra flutningsmáta (samkeppni, framsendendur), annars konar flutningastarfsemi á vegum (flutningur gegn gjaldi eða fyrir eigin reikning, starfsemi í tengslum við flutninga), skipulag helstu tegunda flutningsfyrirtækja og starfsemi í tengslum við flutninga, mismunandi sérhæfing í flutningum (tankbifreið, stýrt hitastig, hættulegur farmur, flutningur á dýrum o.s.frv.), breytingar sem eiga sér stað innan atvinnugreinarinnar (fjölbreytni í veittri þjónustu, sambland af flutningum með járnbrautum og á vegum, undirverktakastarfsemi o.s.frv.).“

xi. Í stað liðar 3.8 kemur eftirfarandi:

„3.8. Markmið: að þekkja efnahagsumhverfi farþegaflutninga á vegum og skipulag markaðarins:

farþegaflutningar á vegum í tengslum við aðra flutningsmáta farþega (járnbraut, einkabifreið), mismunandi starfsemi í tengslum við farþegaflutninga á vegum, aukin vitneskja um fötlun, ferð yfir landamæri (millilandaflutningar), skipulagning helstu tegunda fyrirtækja sem stunda farþegaflutninga á vegum.

b) Ákvæðum 2. þáttar er breytt sem hér segir:

i. Í stað liðar 2.1 kemur eftirfarandi:

„2.1. Valkostur sem sameinar þátttöku í námskeiði og prófi

Grunnþjálfun verður að fela í sér kennslu í öllum viðfangsefnum í skránni skv. 1. þætti. Grunnþjálfunin verður að fela í sér 280 klukkustunda þjálfun.

Hver ökunemi verður að aka í a.m.k. 20 klukkustundir með ökukennara sér við hlið í ökutæki í viðkomandi flokki sem uppfyllir að lágmarki þær kröfur sem settar eru fram í tilskipun 2006/126/EB um ökutæki sem eru notuð til ökuþrófs.

Ökunemi verður að aka með ökukennara sér við hlið sem starfar hjá viðurkenndri þjálfunarmiðstöð. Hverjum ökunema er heimilt að aka mest átta klukkustundir af þessum 20 klukkustunda akstri með ökukennara sér við hlið við sérstaka staðhætti eða í besta fánalega hermi svo að unnt sé að meta þjálfun í skynsamlegum akstri á grundvelli öryggisreglna, einkum með tilliti til þess hversu vel ökuneminn ræður við ökutæki á vegum í mismunandi ástandi og hvernig ástand þeirra breytist eftir mismunandi veðurskilyrðum, tímum sólarhringsins og hæfninni til að hámarka eldsneytisnotkun.

Aðildarríkin geta heimilað að hluti af þjálfuninni fari fram á viðurkenndri þjálfunarmiðstöð með því að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað, s.s. rafrænt nám, en jafnframt verður að viðhalda gæði þjálfunarinnar og skilvirkni hennar, og með því að velja viðfangsefni þar sem hægt er að nota upplýsinga- og fjarskiptatæknibúnað á sem skilvirkastan hátt. Aðildarríkin skulu einkum krefjast áreiðanlegs notandakennis og viðeigandi eftirlitsaðferða. Aðildarríkin geta talið sérstaka þjálfun, sem krafist er samkvæmt annari löggjöf Sambandsins, sem hluta af þjálfuninni. Undir þetta fellur, en takmarkast þó ekki við, þjálfun sem krafist er samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB (*) varðandi flutning á hættulegum farmi, þjálfun sem miðar að því að auka vitneskju um fötlun samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 181/2011 (**) og þjálfun varðandi flutning á dýrum samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 (***)

Að því er varðar ökumennina, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., verður grunnþjálfunin að fela í sér 70 klukkustunda þjálfun, þ.m.t. fimm klukkustunda akstur með ökukennara sér við hlið.

Í lok þjálfunarinnar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða aðili sem þau tilnefna leggja skriflegt eða munnlegt próf fyrir ökumanninn. Í prófinu verður að vera a.m.k. ein spurning um hvert markmiðanna í skránni yfir viðfangsefni í 1. þætti.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/68/EB frá 24. september 2008 um flutning á hættulegum farmi á landi og skipgengum vatnaleiðum (Stjtíð. ESB L 260, 30.9.2008, bls. 13).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 181/2011 frá 16. febrúar 2011 um réttindi farþega í hópþingreiðum og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 (Stjtíð ESB L 55, 28.2.2011, bls. 1).

(***) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1/2005 frá 22. desember 2004 um vernd dýra í flutningi og tengdar aðgerðir og um breytingu á tilskipunum 64/432/EBE og 93/119/EB og reglugerð (EB) nr. 1255/97 (Stjtíð. ESB L 3, 5.1.2005, bls. 1).“

ii. Í stað annarrar undirgreinar b-liðar liðar 2.2 kemur eftirfarandi:

„Ökutækið, sem er notað í verklega prófinu, verður a.m.k. að uppfylla kröfurnar um ökutækin sem eru notuð til ökuþrófs sem settar eru fram í tilskipun 2006/126/EB.“

c) Í stað 3. og 4. þáttar kemur eftirfarandi:

„3. þáttur: Hraðgrunnþjálfun sem kveðið er á um í 2. mgr. 3. gr.

Hraðgrunnþjálfun verður að fela í sér kennslu í öllum viðfangsefnum í skránni í 1. þætti. Hún verður að fela í sér 140 klukkustunda þjálfun.

Hver ökunemi verður að aka í a.m.k. 10 klukkustundir með ökukennara sér við hlið í ökutæki í viðkomandi flokki sem uppfyllir a.m.k. kröfurnar, sem settar eru fram í tilskipun 2006/126/EB, um ökutæki sem eru notuð til ökuþrófs.

Ökunemi verður að aka með ökukennara sér við hlið sem starfar hjá viðurkenndri þjálfunarmiðstöð. Hverjum ökunema er heimilt að aka mest fjórar klukkustundir af þessum 10 klukkustunda akstri með ökukennara sér við hlið við sérstaka staðhætti eða í besta fánalega hermi svo að unnt sé að meta þjálfun í skynsamlegum akstri á grundvelli öryggisreglna,

einkum með tilliti til þess hversu vel hann ræður við ökutæki á vegum í mismunandi ástandi og hvernig ástand vega breytist eftir mismunandi veðurskilyrðum og tímum sólarhringsins og hæfninni til að hámarka eldsneytisnotkun.

Ákvæði fjórðu málsgreinar í lið 2.1. skulu einnig gilda um hraðgrunnþjálfunina.

Að því er varðar öikumennina, sem um getur í 5. mgr. 5. gr., verður hraðgrunnþjálfunin að fela í sér 35 klukkustunda þjálfun, þ.m.t. tveggja og hálf klukkustunda akstur með ökukennara sér við hlið.

Í lok þjálfunarinnar skulu lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða aðili sem þau tilnefna leggja skriflegt eða munnlegt próf fyrir öikumanninn. Í prófinu verður að vera a.m.k. ein spurning um hvert markmiðanna í skránni yfir viðfangsefni í 1. þætti.

4. þáttur: Reglubundin skylduþjálfun sem kveðið er á um í b-lið 1. mgr. 3. gr.

Skipulagning reglubundinna skylduþjálfunarnámskeiða verður að fara fram innan viðurkenndrar þjálfunarmiðstöðvar. Hvert námskeið verður að vera 35 klukkustundir á fimm ára fresti og dreifast á a.m.k. sjö klukkustunda lotur sem skipta má niður á tvo samfellda daga. Þegar um er að ræða rafrænt nám skal viðurkennd þjálfunarmiðstöð viðhalda gæðum þjálfunarinnar, þ.m.t. með því að velja viðfangsefni þar sem hægt er að nota upplýsinga- og fjarskiptatækniþúnað á sem skilvirkastan hátt. Aðildarríkin skulu einkum krefjast áreiðanlegs notandakennis og viðeigandi eftirlitsaðferða. Kennsla í formi rafræns náms skal ekki vara lengur en tólf klukkustundir. A.m.k. ein af lotum þjálfunarnámskeiðanna skal taka til viðfangsefnis sem varðar umferðaröryggi. Í inntaki þjálfunarinnar skal tekið tillit til nauðsynlegrar sérþjálfunar í tengslum við flutningastarfsemi, sem ökumaðurinn innir af hendi, og viðeigandi laga- og tækniþróunar og taka ætti tillit til nauðsynlegrar sérþjálfunar öikumannsins eins og mögulegt er. Á þessum 35 klukkustundum ætti að fara yfir margs konar mismunandi viðfangsefni, þ.m.t. að endurtaka þjálfun ef í ljós kemur að ökumaðurinn þarfnast sérstakrar viðbótarþjálfunar.

Aðildarríkin geta fhugað að meta undangengna sérþjálfun, sem krafist er samkvæmt annari löggjöf Sambandsins, sem eina af tilskildum sjö klukkustunda lotunum. Undir þetta fellur, en takmarkast þó ekki við, þjálfun sem krafist er samkvæmt tilskipun 2008/68/EB varðandi flutning á hættulegum farmi, þjálfun varðandi flutning á dýrum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1/2005 og þjálfun sem miðar að því að auka vitneskju um fötlun í farþegaflutningum samkvæmt reglugerð (ESB) nr. 181/2011. Hins vegar geta aðildarríkin ákveðið að undangengin sérþjálfun, eins og krafist er samkvæmt tilskipun 2008/68/EB varðandi flutning á hættulegum farmi, verði metin sem tvær af sjö klukkutíma lotunum, að því tilskildu að ekki sé tekið tillit til neinnar annar þjálfunar í reglubundnu þjálfuninni.“

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað titilsins kemur eftirfarandi:

„ÁKVÆÐI UM FYRIRMYND EVRÓPUSAMBANDSINS AÐ ATVINNUSKÍRTEINI ÖKUMANNS“.

b) Ákvæðum 2. þáttar er breytt sem hér segir:

i. Að því er varðar hlið 1 á atvinnuskírteini öikumanns:

— Í stað 9. liðar d-liðar kemur eftirfarandi:

„9. flokkar þeirra ökutækja þar sem ökumaður uppfyllir kröfur um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun,“.

— Í stað fyrsta málslíðar e-liðar kemur eftirfarandi:

„orðin „fyrirmynd Evrópusambandsins“ á tungumáli eða tungumálum aðildarríkisins, sem gefur út skírteinið, og yfirskriftin „atvinnuskírteini öikumanns“ á öðrum opinberum tungumálum Sambandsins, skulu prentuð í bláum lit og mynda bakgrunn skírteinisins.“.

ii. Að því er varðar hlið 2 á atvinnuskírteini öikumanns, í stað a-liðar 9. og 10. liðar, kemur eftirfarandi:

„9. flokkar ökutækja þar sem ökumaður uppfyllir kröfur um grunnþjálfun og reglubundna þjálfun,

10. samræmd tákntala Sambandsins „95“ sem kveðið er á um í I. viðauka við tilskipun 2006/126/EB,“.

- c) Ákvæðum 4. þáttar er breytt sem hér segir:
- i. Í stað fyrirsagnarinnar kemur eftirfarandi:
„FYRIRMYND EVRÓPUSAMBANDSINS AÐ ATVINNUSKÍRTEINI ÖKUMANNS“.
 - ii. Á hlið 2 á fyrirmyndinni, undir nr. 10, kemur „Táknatala Sambandsins“ í stað „Táknölur Bandalagsins“.
- d) Eftirfarandi þáttur bætist við:
- „5. Umbreytingarákvæði
- Atvinnuskírteini ökumanna sem gefin eru út fyrir 23. maí 2020 skulu halda gildi sínu þar til gildistími þeirra rennur út.“
- 3) Eftirfarandi viðauki bætist við:

„III. VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA FYRIR TILVÍSANIR TIL TILTEKINNA FLOKKA ÖKUSKÍRTEINA

Tilvísun til þessarar tilskipunar	Tilvísun til tilskipunar 2006/126/EB
C + E	CE
C1 + E	C1E
D + E	DE
D1 + E	D1E“

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 591/2014****2022/EES/38/05****frá 3. júní 2014**

um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfæriskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 497. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og til að koma í veg fyrir að stofnunum sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra vegna eiginfjárgrunns á meðan starfsleyfi og viðurkenning starfandi miðlægs mótaðila sem fullgilds miðlægs mótaðila er í ferli, er með 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem allir miðlægir mótaðilar, sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu stöðustofna viðskipti hjá, teljast fullgildir miðlægir mótaðilar.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾ breytt að því er varðar ákveðin ílagsgögn við útreikning á kröfum stofnana vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðju landa. Til samræmis við það er í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 gerð krafa um að ákveðnir miðlægir mótaðilar tilkynni, í takmarkaðan tíma, um þá heildarfjárhæð upphafstrygginga sem þeir hafa fengið frá stöðustofnunaraðilum sínum. Það umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrri um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Umbreytingartímabilin skv. 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fyrstu og annari undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 falla úr gildi 15. júní 2014.
- 4) Með 3. mgr. 497. gr. (ESB) nr. 575/2013 er framkvæmdastjórninni heimilað að samþykkja framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í undantekningartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.
- 5) Þar eð ferli vegna starfsleyfis og viðurkenningar miðlægs mótaðila stendur enn yfir ætti að framlengja umbreytingartímabilin skv. 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og fyrstu og annari undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 um sex mánuði, þ.e. til 15. desember 2014.
- 6) Fáist ekki heimild fyrir framlengingu á umbreytingartímabilunum hefði það í för með sér að gerðar yrðu auknar kröfur vegna eiginfjárgrunns til stofnana með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélaga með staðfestu utan Sambandsins) vegna áhættuskuldbindinga til þeirra miðlægu mótaðila sem eru ekki komnir með starfsleyfi eða viðurkenningu, eftir því sem við á. Þótt slík aukningu kynni einungis að vera tímabundin gæti hún leitt til brotthvarfs þeirra sem beinna þátttakenda í miðlægu mótaðilunum og þar með valdið röskun á þeim mörkuðum þar sem þeir miðlægu mótaðila starfa.
- 7) Þessi reglugerð ætti að öðlast gildi fyrir 16. júní 2014 til að tryggja að framlenging yfirstandandi umbreytingartímabils eigi sér stað áður en það fellur úr gildi. Síðari gildistaka gæti leitt til raskana fyrir miðlæga mótaðila, markaði sem þeir starfa á og stofnanir sem eru með áhættuskuldbindingar vegna þessara miðlægu mótaðila.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 31. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 81/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 65.

(1) Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. OJ L 201, 27.7.2012, bls. 1).

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Fimmtán mánaða tímabilin sem um getur í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) EU. 575/2013 og í fyrstu og annarri undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eftir því sem við á, eru framlengd um sex mánuði.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. júní 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) nr. 1317/2014**

2022/EES/38/06

frá 11. desember 2014

**um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins
(ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 497. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra vegna eiginfjárgrunns á meðan starfsleyfi og viðurkenning starfandi miðlægra mótaðila er í ferli, er með 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem allir miðlægir mótaðilar, sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu stöðustofna viðskipti hjá, teljast fullgildir miðlægir mótaðilar.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾ breytt að því er varðar ákveðin flagsgögn við útreikning á kröfum stofnana vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðju landa. Til samræmis við það er í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 gerð krafa um að ákveðnir miðlægir mótaðilar tilkynni, í takmarkaðan tíma, um þá heildarfjárhæð upphafstrygginga sem þeir hafa fengið frá stöðustofnunaráðilum sínum. Það umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrri um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Bæði umbreytingartímabilinu fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns sem um getur í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og umbreytingartímabilinu fyrir skýrslugjöf um upphafstryggingu sem um getur í fyrstu og annarri undirgrein 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 var ætlað falla úr gildi 15. júní 2014.
- 4) Með 3. mgr. 497. gr. (ESB) nr. 575/2013 er framkvæmdastjórninni heimilað að samþykkja framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í undantekningartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 ⁽³⁾ hefur þetta umbreytingartímabil þegar verið framlengt um sex mánuði, til 15. desember 2014.
- 5) Leyfisferlið fyrir starfandi miðlæga mótaðila með staðfestu í Sambandinu er hafið en verður ekki lokið fyrir 15. desember 2014. Að því er varðar starfandi miðlæga mótaðila með staðfestu í þriðju löndum sem þegar hafa sótt um viðurkenningu þá hafa slíkir miðlægir mótaðilar ekki enn fengið neina slíka viðurkenningu. Frekari framlenging á umbreytingartímabilinu mun því gera stofnunum með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélögum þeirra með staðfestu utan Sambandsins) kleift að komast hjá verulegri aukningu á kröfum vegna eiginfjárgrunns sökum skorts á viðurkenndum miðlægum mótaðilum með staðfestu í hverju þessara viðkomandi þriðju landa sem veita, á raunhæfan og aðgengilegan máta, þá tilteknu stöðustofnunarþjónustu sem þessar stofnanir Sambandsins þarfnast. Þótt slík aukning kynni einungis að vera tímabundin gæti hún leitt til brotthvarfs þeirra sem beinna þátttakenda í miðlægu mótaðilunum og þar með valdið röskun á þeim mörkuðum þar sem þeir miðlægu mótaðila starfa. Því er nauðsynlegt að lengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í viðbót, þ.e. til 15. júní 2015.
- 6) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari reglugerð eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópu-sambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

(1) Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 frá 3. júní 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 31).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þau 15 mánaða tímabil sem um getur í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í fyrstu og annarri undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eftir því sem við á, sem þegar hafa verið framlengd skv. 1. gr. framkvæmdar-reglugerðar (ESB) nr. 591/2014, eru framlengd um sex mánuði til viðbótar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. desember 2014.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2016/892**

2022/EES/38/07

frá 7. júní 2016

um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 497. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra vegna eiginfjárgrunns á meðan starfsleyfi og viðurkenning starfandi miðlægra mótaðila er í ferli, er með 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem stofnanir geta litið á alla miðlæga mótaðila, sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu stöðustofna viðskipti hjá, sem fullgilda, miðlæga mótaðila.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er reglugerð (ESB) nr. EU/2012 ⁽²⁾ breytt að því er varðar ákveðin flagsgögn við útreikning á kröfum stofnana vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila. Til samræmis við það er í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 gerð krafa um að ákveðnir miðlægir mótaðilar tilkynni, í takmarkaðan tíma, um þá heildarfjárhæð upphafstrygginga sem þeir hafa fengið frá stöðustofnunaradilum sínum. Það umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í reglugerð (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Báðum umbreytingartímabilunum átti að ljúka 15. júní 2014.
- 4) Ákvæði 3. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 veitir framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunns um sex mánuði í undan-
teknigartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Þessi umbreytingartímabil hafa verið framlengd til 15. júní 2016 með framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 ⁽³⁾, (ESB) nr. 1317/2014 ⁽⁴⁾, (ESB) 2015/880 ⁽⁵⁾ og (ESB) 2015/2326 ⁽⁶⁾.
- 5) Leyfisveitingarferlið fyrir starfandi miðlæga mótaðila með staðfestu í Sambandinu stendur yfir en því mun ekki ljúka fyrir 15. júní 2016. Tveir miðlægir mótaðilar með staðfestu í Sambandinu bíða enn eftir leyfi. Ef umbreytingartímabilið er ekki framlengt þyrftu stofnanir með staðfestu í Sambandinu sem hafa áhættuskuldbindingar vegna þessara tveggja miðlægu mótaðila að auka verulega eiginfjárgrunn sinn vegna þessara áhættuskuldbindinga. Þótt slíkar aukningar kynnu einungis að vera tímabundnar gætu þær leitt til brotthvarfs þessara stofnana sem beinna þátttakenda í þessum miðlægu mótaðilum eða til þess að ekki væri hægt að veita viðskiptavinum þessara stofnana stöðustofnunarþjónustu, í það minnsta tímabundið, og þar með valdið röskun á þeim mörkuðum þar sem þessir miðlægu mótaðilar starfa og hugsanlega á mörkuðum í Sambandinu almennt.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 151, 8.6.2016, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

(1) Stjtið. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

(3) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 frá 3. júní 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 31).

(4) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1317/2014 frá 11. desember 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 6).

(5) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/880 frá 4. júní 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 143, 9.6.2015, bls. 7).

(6) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2326 frá 11. desember 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 108).

- 6) Af þeim miðlægu mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum sem hafa sótt um viðurkenningu til þessa, hafa 17 miðlægir mótaðilar nú þegar fengið viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Þar af hafa sex miðlægir mótaðilar frá Kanada, Mexíkó, Suður-Afríku og Sviss fengið viðurkenningu eftir að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2326 var samþykkt. Enn fremur kunna miðlægir mótaðilar frá Suður-Kóreu og Bandaríkjunum að hljóta viðurkenningu á grundvelli framkvæmdarákvarðana (ESB) 2015/2038 ⁽¹⁾ og (ESB) 2016/377 ⁽²⁾, eftir því sem við á. Samt sem áður eru þeir miðlægu mótaðilar þriðju landa sem eftir standa enn að bíða eftir viðurkenningu og verður viðurkenningarferlinu ekki lokið fyrir 15. júní 2016. Markaðirnir sem þeir miðlægu mótaðilar sem eftir standa þjóna kynnu einnig að verða fyrir alvarlegri röskun ef umbreytingartímabilið fyrir stofnanir með áhættuskuldbindingar vegna þessara miðlægu mótaðila yrði ekki framlengt af sömu ástæðum og ef umbreytingartímabilið fyrir miðlæga mótaðila með staðfestu í Sambandinu yrði ekki framlengt.
- 7) Nauðsyn þess að forðast röskun á mörkuðum innan Sambandsins og utan sem áður leiddi til framlengingar á umbreytingartímabilinu, sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/497, yrði því áfram fyrir hendi eftir að framlenging umbreytingartímabilsins sem sett er fram í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2326 rennur út. Frekari framlenging á umbreytingartímabilinu ætti að gera stofnunum með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélögum þeirra með staðfestu utan Sambandsins) kleift að komast hjá verulegri aukningu á kröfum vegna eiginfjárgrunns sökum þess að leyfisveitingar- eða viðurkenningarferlinu er ekki lokið að því er varðar miðlæga mótaðila sem veita, á raunhæfan og aðgengilegan máta, þá tilteknu tegund stöðustofnunarþjónustu sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélög þeirra með staðfestu utan Sambandsins) þarfnast. Því er viðeigandi að lengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í viðbót.
- 8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þau 15 mánaða tímabil sem um getur í 1. og 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og í fyrstu og annarri undirgrein 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eftir því sem við á, eins og þau hafa verið framlengd skv. 1. gr. framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 591/2014, (ESB) nr. 1317/2014, (ESB) 2015/880 og (ESB) 2015/2326, eru framlengd um sex mánuði til viðbótar til 15. desember 2016.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. júní 2016.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

⁽¹⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2038 frá 13. nóvember 2015 um jafngildi milli regluramma Lýðveldisins Kóreu um miðlæga mótaðila og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtið. ESB L 298, 14.11.2015, bls. 25).

⁽²⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/377 frá 15. mars 2016 um jafngildi milli regluramma Bandaríkja Ameríku um miðlæga mótaðila sem hafa hlotið starfsleyfi frá og eru undir eftirliti Commodity Futures Trading Commission og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2016, bls. 32).

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2017/954****2022/EES/38/08****frá 6. júní 2017****um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunnis að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins
(ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 frá 26. júní 2013 um varfærniskröfur að því er varðar lánastofnanir og verðbréfafyrirtæki og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 497. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Til að komast hjá röskun á alþjóðlegum fjármálamörkuðum og koma í veg fyrir að stofnunum sé refsað með því að gera strangari kröfur til þeirra vegna eiginfjárgrunnis á meðan viðurkenning á starfandi miðlægum mótaðilum þriðju landa er í ferli, er með 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 komið á umbreytingartímabili þar sem stofnanir með staðfestu í Sambandinu sem stöðustofna viðskipti hjá miðlægum mótaðilum þriðju landa geta talið slíka mótaðila fullgilda miðlæga mótaðila.
- 2) Með reglugerð (ESB) nr. 575/2013 er reglugerð (ESB) nr. 648/2012 ⁽²⁾ breytt að því er varðar ákveðin ílagsgögn við útreikning á kröfum stofnana vegna eiginfjárgrunnis að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila þriðju landa. Til samræmis við það er í 5. mgr. a í 89. gr. reglugerð (ESB) nr. 648/2012 gerð krafa um að ákveðnir miðlægir mótaðilar þriðju landa gefi skýrslu, í takmarkaðan tíma, um þá heildarfjárhæð upphafstryggingar sem þeir hafa mótttekið frá stöðustofnunaraðilum sínum. Það umbreytingartímabil endurspeglar umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013.
- 3) Báðum umbreytingartímabilunum átti að ljúka 15. júní 2014.
- 4) Ákvæði 3. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 veitir framkvæmdastjórninni umboð til að samþykkja framkvæmdargerð til að framlengja umbreytingartímabilið fyrir kröfur vegna eiginfjárgrunnis um sex mánuði í undantekningartilvikum. Sú framlenging ætti einnig að gilda að því er varðar tímamörkin sem mælt er fyrir um í 5. mgr. a í 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012. Þessi umbreytingartímabil hafa verið framlengd til 15. júní 2017 með framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 ⁽³⁾, (ESB) nr. 1317/2014 ⁽⁴⁾, (ESB) 2015/880 ⁽⁵⁾, (ESB) 2015/2326 ⁽⁶⁾, (ESB) 2016/892 ⁽⁷⁾ og (ESB) 2016/2227 ⁽⁸⁾.
- 5) Af þeim miðlægum mótaðilum með staðfestu í þriðju löndum sem hafa sótt um viðurkenningu til þessa, hafa 28 miðlægir mótaðilar nú þegar fengið viðurkenningu Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar. Þar af hafa tveir miðlægir mótaðilar frá Bandaríkjunum fengið viðurkenningu eftir að framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2227 var samþykkt á grundvelli framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/377 ⁽⁹⁾. Auk þess hafa fimm miðlægir mótaðilar frá Indlandi, Japan, Brasilíu, alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí og Sameinuðu arabísku furstadæmunum einnig fengið viðurkenningu eftir að framkvæmdarákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2269 ⁽¹⁰⁾, (ESB) 2016/2275 ⁽¹¹⁾, (ESB) 2016/2276 ⁽¹²⁾, (ESB) 2016/2277 ⁽¹³⁾ og (ESB) 2016/2278 ⁽¹⁴⁾ voru samþykktar. Að lokum kunna fleiri miðlægir mótaðilar frá Indlandi og Nýja-Sjálandi að hljóta viðurkenningu á grundvelli framkvæmdar-ákvæðana framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2269 og (ESB) 2016/2274 ⁽¹⁵⁾, eftir því sem við á. Þrátt fyrir þessa þróun eru þeir miðlægum mótaðilar þriðju landa sem eftir standa enn að bíða eftir viðurkenningu og verður viðurkenningarferlinu ekki lokið 15. júní 2017. Ef umbreytingartímabilið er ekki lengt, þyrftu stofnanir með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélög þeirra með staðfestu utan Sambandsins), sem hafa áhættuskuldbindingar vegna annarra miðlægra mótaðila þriðju landa, að auka verulega eiginfjárgrunn sinn vegna þessara áhættuskuldbindinga. Þótt slíkar aukningar kynnu einungis að vera tímabundnar gætu þær leitt til brotthvarfs þessara stofnana sem beinna þátttakenda í miðlægum mótaðilunum eða stöðvunar á veitingu stöðustofnunarþjónustu, í það minnsta tímabundið, og þar með valdið mikilli röskun á þeim mörkuðum þar sem þeir miðlægum mótaðilar starfa.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 144, 7.6.2017, bls. 14. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 44, 2.7.2020, bls. 77.

- 6) Nauðsyn þess að forðast röskun á mörkuðum utan Sambandsins sem áður leiddi til framlengingar á umbreytingartímabilinu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013, yrði því áfram fyrir hendi eftir að framlenging umbreytingartímabilsins sem um getur í framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2227 rennur út. Frekari framlenging á umbreytingartímabilinu ætti að gera stofnunum með staðfestu í Sambandinu (eða dótturfélögum þeirra með staðfestu utan Sambandsins) kleift að komast hjá verulegri aukningu á kröfum vegna eiginfjárgrunns sökum þess að ekki er lokið viðurkenningarferli miðlægra mótaðila sem veita, á raunhæfan og aðgengilegan máta, þá tilteknu tegund stöðustofnunarþjónustu sem stofnanir með staðfestu innan Sambandsins (eða dótturfélög þeirra utan Sambandsins) þarfnast. Því er viðeigandi að lengja umbreytingartímabilið um sex mánuði í viðbót.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit evrópsku bankanefndarinnar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Þau 15 mánaða tímabil sem um getur í 2. mgr. 497. gr. reglugerðar (ESB) nr. 575/2013 og annarri undirgrein 5. mgr. a 89. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012, eftir því sem við á, sem síðast voru framlengd með 1. gr. framkvæmdarreglugerðar (ESB) nr. 2016/2227, eru framlengd um sex mánuði til viðbótar til 15. desember 2017.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. júní 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.

(¹) Stjtuð. ESB L 176, 27.6.2013, bls. 1.

(²) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (Stjtuð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1).

(³) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 591/2014 frá 3. júní 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtuð. ESB L 165, 4.6.2014, bls. 31).

(⁴) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1317/2014 frá 11. desember 2014 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtuð. ESB L 355, 12.12.2014, bls. 6).

(⁵) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/880 frá 4. júní 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtuð. ESB L 143, 9.6.2015, bls. 7).

- (6) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/2326 frá 11. desember 2015 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 328, 12.12.2015, bls. 108).
- (7) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/892 frá 7. júní 2016 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 151, 8.6.2016, bls. 4).
- (8) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2227 frá 9. desember 2016 um framlengingu umbreytingartímabilanna sem tengjast kröfum vegna eiginfjárgrunns að því er varðar áhættuskuldbindingar vegna miðlægra mótaðila í reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013 og (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 336, 10.12.2016, bls. 36).
- (9) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/377 frá 15. mars 2016 um jafngildi milli regluramma Bandaríkja Ameríku um miðlæga mótaðila sem hafa hlotið starfsleyfi frá og eru undir eftirliti Commodity Futures Trading Commission og krafanna í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 70, 16.3.2016, bls. 32).
- (10) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2269 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli regluramma um miðlæga mótaðila á Indlandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 38).
- (11) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2275 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli regluramma um miðlæga mótaðila í Japan í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 57).
- (12) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2276 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli regluramma um miðlæga mótaðila í Brasilíu í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 61).
- (13) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2277 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli regluramma um miðlæga mótaðila í alþjóðlegu fjármálamiðstöðinni í Dúbaí í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 65).
- (14) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2278 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli regluramma um miðlæga mótaðila í Sameinuðu arabísku furstadæmunum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 68).
- (15) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/2274 frá 15. desember 2016 um jafngildi milli regluramma um miðlæga mótaðila á Nýja-Sjálandi í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 (Stjtið. ESB L 342, 16.12.2016, bls. 54).
-

**ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS
(ESB) 2018/853****2022/EES/38/09****frá 30. maí 2018**

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB og 2009/31/EB og tilskipunum ráðsins 86/278/EBE og 87/217/EBE að því er varðar reglur um málsmeðferð á sviði skýrslugjafar um umhverfismál og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 91/692/EBE (*)

EVROÞUPINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFAR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (2),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipanir ráðsins 86/278/EBE (3) og 87/217/EBE (4) byggjast á 100. og 235. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu, nú 115. og 352. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (SUSE). Breytingar á þessum tilskipunum í þessari ákvörðun tengjast umhverfisstefnu Sambandsins og eru bein afleiðing niðurfellingar á tilskipun ráðsins 91/692/EBE (5) á grundvelli 1. mgr. 192. gr. SUSE. Því þykir rétt að grundvalla breytingarnar á 1. mgr. 192. gr. SUSE.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB (6) byggir á 100. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins, nú 114. gr. SUSE. Breytingar á þeirri tilskipun í þessari ákvörðun tengjast umhverfisstefnu Sambandsins og eru bein afleiðing niðurfellingar á tilskipun 91/692/EBE á grundvelli 1. mgr. 192. gr. SUSE. Því þykir rétt að grundvalla breytingarnar á 1. mgr. 192. gr. SUSE.
- 3) Tilskipun 91/692/EBE var samþykkt til að hagræða og bæta, innan geira, ákvæðin um sendingu upplýsinga og birtingu skýrslna varðandi tilteknar tilskipanir um umhverfisvernd. Til að ná því markmiði var nokkrum tilskipunum breytt með tilskipun 91/692/EBE með því að innleiða samræmdar kröfur um skýrslugjöf.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 150, 14.6.2018, bls. 155. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 40/2020 frá 20. mars 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) og XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB C 173, 31.5.2017, bls. 82.

(2) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2018 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 14. maí 2018.

(3) Tilskipun ráðsins 86/278/EBE frá 12. júní 1986 um verndun umhverfisins, einkum jarðvegs, þegar seyra frá skólphreinsistöðvum er notuð í landbúnaði (Stjttíð. EB L 181, 4.7.1986, bls. 6).

(4) Tilskipun ráðsins 87/217/EBE frá 19. mars 1987 um að koma í veg fyrir og draga úr asbestmengun í umhverfinu (Stjttíð. EB L 85, 28.3.1987, bls. 40).

(5) Tilskipun ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál (Stjttíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).

(6) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/63/EB frá 20. desember 1994 um varnir vegna losunar rokkgarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við geymslu á bensíni og dreifingu þess frá birgðastöðvum til bensínstöðva (Stjttíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 24).

- 4) Framkvæmd krafanna um skýrslugjöf, sem innleiddar voru með tilskipun 91/692/EBE, hefur orðið íþyngjandi og óskilvirk. Auk þess hefur mörgum þeirra gerða Sambandsins sem var breytt með tilskipun 91/692/EBE verið skipt út og innihalda ekki lengur kröfurnar um skýrslugjöf eins og þær voru innleiddar með þeirri tilskipun. Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽¹⁾ voru t.d. sjö gerðir Sambandsins á sviði stefnu í vatnsmálum felldar niður og var skýrslugjafarkerfið, sem innleitt var með tilskipun 91/692/EBE, ekki haft með í henni. Auk þess er í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB ⁽²⁾ engin vísun í tilskipun 91/692/EBE og er þess í stað kveðið þar á um aðskilið kerfi fyrir skýrslugjöf.
- 5) Í tilskipun 91/692/EBE er ekki kveðið á um notkun rafræna tóla. Með góðum árangri af Reportnet-búnaði Umhverfisstofnunar Evrópu og geiratengdum framtaksverkefnum varðandi hagræðingu í skýrslugjöf, s.s. vatnssupplýsingakerfi fyrir Evrópu, hefur þörfin fyrir þverlægt verkfæri til skýrslugjafar og skilvirkni þess verið dregin í efa í auknum mæli. Með samþykkt tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB ⁽³⁾ og tengdri þróun sameiginlega upplýsingakerfisins vegna umhverfismála var að lokum innleidd nútímalegri og skilvirkari þverlæg nálgun varðandi upplýsingastjórnun og skýrslugjöf í tengslum við umhverfisstefnu Sambandsins.
- 6) Því ætti að fella tilskipun 91/692/EBE úr gildi.
- 7) Flestar þeirra tilskipana sem breytt var með tilskipun 91/692/EBE eru ekki lengur í gildi. Þó eru tilskipanir 84/278/EBE og 87/217/EBE enn í gildi.
- 8) Í tilskipun 86/278/EBE er gerð sú krafa að aðildarríkin leggi fram skýrslu um framkvæmd þeirrar tilskipunar á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem framkvæmdastjórnin útbýr í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í tilskipun 91/692/EBE. Til að forðast lagalegt tómarúm vegna niðurfellingarinnar á tilskipun 91/692/EBE er nauðsynlegt að skipta tilvísuninni í tilskipun 91/692/EBE út fyrir tilvísun í málsmeðferðina sem um getur í tilskipun 86/278/EBE.
- 9) Skýrslugjöf aðildarríkja samkvæmt tilskipun 87/17/EBE er ekki lengur nauðsynleg í kjölfar samþykktar á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 ⁽⁴⁾, þar sem kveðið er á um að hætta í áföngum framleiðslu og notkun hráasbests og vara sem innihalda asbest í Sambandinu. Því er rétt að fella brott kröfurnar um skýrslugjöf sem settar eru fram í þeirri tilskipun.
- 10) Eftir gildistöku tilskipunar 91/692/EBE innihalda eftirfarandi reglugerðir og tilskipanir vísun í þá tilskipun: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB ⁽⁵⁾, tilskipun 94/63/EB, tilskipun ráðsins 1999/31/EB ⁽⁶⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB ⁽⁷⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁸⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB ⁽⁹⁾, tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB ⁽¹⁰⁾ og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 ⁽¹¹⁾.
- 11) Framkvæmdastjórnin lagði til, sem hluti af aðgerðaáætlun ESB fyrir hringrásarhagkerfi, að breyta tilskipunum 94/62/EB, 1999/31/EB, 2000/53/EB og 2088/98/EB til að skipta út tilvísuninni í tilskipun 91/692/EBE.

⁽¹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjútíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

⁽²⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjútíð. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) (Stjútíð. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1).

⁽⁴⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB (Stjútíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1).

⁽⁵⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/62/EB frá 20. desember 1994 um umbúðir og umbúðaúrgang (Stjútíð. EB L 365, 31.12.1994, bls. 10).

⁽⁶⁾ Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjútíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).

⁽⁷⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/53/EB frá 18. september 2000 um úr sér gengin ökutæki (Stjútíð. EB L 269, 21.10.2000, bls. 34).

⁽⁸⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjútíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

⁽⁹⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnar tilskipana (Stjútíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

⁽¹⁰⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/31/EB frá 23. apríl 2009 um geymslu koltvísýrings í jörðu og um breytingu á tilskipun ráðsins 85/337/EBE, tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB, 2001/80/EB, 2004/35/EB, 2006/12/EB, 2008/1/EB og reglugerð (EB) nr. 1013/2006 (Stjútíð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 114).

⁽¹¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 frá 20. nóvember 2013 um endurvinnslu skipa og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1013/2006 og tilskipun 2009/16/EB (Stjútíð. ESB L 330, 10.12.2013, bls. 1).

- 12) Til að tryggja að tiltekin ákvæði í viðaukunum við tilskipun 86/278/EBE séu uppfærð skal fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar aðlögun þeirra ákvæða að framförum á sviði tækni og vísinda. Til að tryggja að viðaukarnir við tilskipun 2009/31/EB séu uppfærðir ætti einnig að fela framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar aðlögun þeirra viðauka að framförum á sviði tækni og vísinda. Aðlögun viðaukanna við tilskipun 2009/31/EB ætti ekki að leiða til þess að öryggisstigið lækki eða að meginreglurnar um vöktun, sem viðmiðanir í þeim viðaukunum veita, veikist. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 ⁽¹⁾. Einkum, í því skyni að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, fá Evrópuþingið og ráðið öll skjöl á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkjanna og hafa sérfræðingar þeirra kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða.
- 13) Í annarri undirgrein 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 er vísað í tilskipun 91/692/EBE sem á að fella úr gildi. Samkvæmt því ákvæði skal fyrsta skýrslugjöfin hefjast á þeim degi þegar reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 kemur til framkvæmda. Hinn 19. desember 2016 kom framkvæmdastjórnin á fót, með framkvæmdarákvörðun (ESB) 2016/2323 ⁽²⁾, fyrstu útgáfu Evrópuskrárinnar yfir skipaendurvinnslustöðvar (hér á eftir nefnd Evrópuskráin). Í samræmi við 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 geta aðildarríki leyft endurvinnslu skipa í skipaendurvinnslustöðvum sem eru í Evrópuskránni fram að deginum þegar sú reglugerð kemur til framkvæmda. Í slíkum tilvikum gildir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 ⁽³⁾ ekki. Til að forðast tímabil þar sem upplýsingum er ekki safnað saman samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2013/2006 eða reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 þykir rétt að innleiða umbreytingartímabil til skýrslugjafar frá þeim degi þegar búist er við fyrsta leyfinu skv. 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 í tilteknu aðildarríki til dagsins þegar sú reglugerð kemur til framkvæmda fyrir hvert aðildarríki sem ákveður að nota umbreytingartímabilið sem kveðið er á um í þeirri grein. Til að takmarka stjórnsýsluálag sem tengist þessu fyrir hvert slíkt aðildarríki er ekki nauðsynlegt að upplýsingarnar sem safnað er á því umbreytingartímabili séu grundvöllur fyrir sérstaka skýrslu. Þess í stað ætti að nægja að slíkar upplýsingar séu hafðar með eða séu hluti af fyrstu reglubundinni skýrslu sem fjallar um þriggja ára tímabil frá þeim degi þegar reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 kemur til framkvæmda.
- 14) Krafan um skýrslugjöf sem sett er fram í tilskipun 94/63/EB er ekki lengur nauðsynleg að því er varðar vöktun með framkvæmd þeirrar tilskipunar. Því ætti að fella viðkomandi ákvæði brott.
- 15) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðinu með þessari tilskipun, þ.e. að breyta réttargerðum Sambandsins eða fella þær úr gildi á sviði skýrslugjafar um umhverfismál sem eru ekki lengur í gildi eða viðeigandi, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins, eðlis þess vegna, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og kveðið er á um í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari ákvörðun til að ná þessu markmiði.
- 16) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) nr. 1257/2013 og tilskipunum 94/63/EB, 2009/31/EB, 86/278/EBE og 87/217/EBE til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2009/31/EB

Tilskipun 2009/31/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. mgr. 27. gr. kemur eftirfarandi:

„1. Þriðja hvert ár skulu aðildarríkin leggja skýrslu fyrir framkvæmdastjórnina um framkvæmd þessarar tilskipunar, þ.m.t. skráin sem um getur í b-lið 1. mgr. 25. gr. Fyrsta skýrslan skal send framkvæmdastjórninni eigi síðar en 30. júní 2011. Skýrslan skal samin á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem framkvæmdastjórnin samþykkir í formi framkvæmdargerða. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 30. gr. Senda skal aðildarríkjunum spurningalistann eða eyðublaðið a.m.k. sex mánuðum áður en fresturinn til að leggja fram skýrsluna rennur út.“

⁽¹⁾ Stjútö. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2323 frá 19. desember 2016 um að koma á fót Evrópuskrá yfir skipaendurvinnslustöðvar samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1257/2013 um endurvinnslu skipa (Stjútö. ESB L 345, 20.12.2016, bls. 119).

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs (Stjútö. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1).

- 2) Í stað 29. gr. kemur eftirfarandi:

„29. gr.

Breytingar á viðaukunum

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 29. gr. a til að breyta viðaukunum til að laga þá að framförum á sviði tækni og vísinda. Slík aðlögun má ekki leiða til þess að öryggisstigið, sem viðmiðanirnar í I. viðauka veita, lækki eða að meginreglurnar um vöktun í II. viðauka veikist.“

- 3) Eftirfarandi grein er bætt við:

„29. gr. a

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 29. gr., til fimm ára frá 4. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Skýrslan skal lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 29. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 29. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

(*). Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.“

- 4) Í stað 30. gr. kemur eftirfarandi:

„30. gr.

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um loftslagsbreytingar sem komið var á fót með 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (*). Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (**).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

(*). Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtið. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

(**). Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

2. gr.

Breytingar á tilskipun 86/278/EBE

Tilskipun 86/278/EBE er breytt sem hér segir:

1) Í stað 13. gr. kemur eftirfarandi:

„13. gr.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 15. gr. a til að breyta viðaukunum til að laga þá að framförum í tækni og vísindum.

Fyrsta málsgrein skal ekki gilda um mæliþætti og gildi sem eru skráð í viðaukum I A, I B og I C, alla þætti sem eru líklegir til að hafa áhrif á matið á þeim gildum og um mæliþættina til greiningar sem um getur í viðaukum II A og II B.“

2) Ákvæði 14. gr. falla brott.

3) Í stað 15. gr. kemur eftirfarandi:

„15. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið var á fót með 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB (*). Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (**).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang og um niðurfellingu tiltekinnna tilskipana (Stjtið. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

4) Eftirfarandi grein er bætt við:

„15. gr. a

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.

2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldu gerðirnar, sem um getur í 13. gr., í fimm ár frá 4. júlí 2018. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu um valdaframsalið eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok fimm ára tímabilsins. Skýrslan skal lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið. Valdaframsalið skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.

3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla valdaframsalið sem um getur í 13. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal binda enda á valdaframsalið sem um getur í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.

4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).

5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.

6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 13. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þessi frestur skal framlengdur um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

(*) Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.“

5) Í stað fyrstu málsgreinar 17. gr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu á þriggja ára fresti senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um framkvæmd þessarar tilskipunar í formi sviðsskýrslu sem skal einnig fjalla um aðrar viðeigandi tilskipanir Bandalagsins. Sviðsskýrslurnar skal semja á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem framkvæmdastjórnin samþykkir í formi framkvæmdargerðar. Þessi framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 15. gr. Senda skal aðildarríkjunum spurningalistann eða eyðublaðið sex mánuðum fyrir upphaf tímabilsins sem skýrslan fjallar um. Senda skal framkvæmdastjórninni skýrsluna innan níu mánaða frá lokum þriggja ára tímabilsins sem hún fjallar um.“

3. gr.

Breyting á tilskipun 87/217/EBE

Í 13. gr. tilskipunar 87/217/EBE fellur 1. mgr. brott.

4. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 1257/2013

Í stað 2. mgr. 21. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1257/2013 kemur eftirfarandi:

„2. Hver skýrsla skal ná yfir þrjú ár og skal send framkvæmdastjórninni með rafrænum hætti og eigi síðar en níu mánuðum eftir lok þriggja ára tímabilsins sem hún fjallar um.

Fyrsta rafræna skýrslan skal fjalla um þriggja ára tímabilið frá þeim degi þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda, í samræmi við 1. mgr. 32. gr. Ef aðildarríki heimilar endurvinnslu skipa í skipaendurvinnslustöðvum sem eru í Evrópuskránni áður en þessi reglugerð kemur til framkvæmda í samræmi við 26. gr. skal fyrsta rafræna skýrsla þess aðildarríkis einnig fjalla um tímabilið frá þeim degi sem slík heimild var veitt fram til dagsins þegar þessi reglugerð kemur til framkvæmda.

Framkvæmdastjórnin skal gefa út skýrslu um beitingu þessarar tilskipunar eigi síðar en níu mánuðum frá því að skýrslur aðildarríkjanna hafa borist henni.“

5. gr.

Breytingar á tilskipun 94/63/EB

Tilskipun 94/63/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað annarrar undirgreinar 4. mgr. 4. gr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríkin skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um birgðastöðvar sem slík undanþága snertir.“

2) Í stað annarrar undirgreinar 4. mgr. 6. gr. kemur eftirfarandi:

„Aðildarríki skulu veita framkvæmdastjórninni nánari upplýsingar um þau svæði þar sem þau hyggjast veita slíka undanþágu og eftir það um allar breytingar með tilliti til þessara svæða.“

3) Í stað 9. gr. kemur eftirfarandi:

„9. gr.

Eftirlit og skýrslugjöf

Framkvæmdastjórnin er hvött til að láta tillögur um breytingu á þessari tilskipun fylgja skýrslunum sínum þar sem það á við, þar með einkum talin útvíkkun á gildissviði tilskipunarinnar þannig að það nái til gufustýringar- og gufuendurnýtingarkerfa fyrir lestunarbúnað og skip.“

6. gr.

Niðurfelling á tilskipun 91/692/EBE

Tilskipun 91/692/EBE er felld úr gildi.

7. gr.

Gildistaka

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Strassborg 30. maí 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

L. PAVLOVA

forseti.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/27****2022/EES/38/10****frá 13. janúar 2020****um frestun að því er varðar lokadag samþykkis fyrir própíkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum 5. mgr. 14. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um sæfivörur,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Virka efninu própíkónasóli var bætt við í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB ⁽²⁾ til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 og telst því samþykkt skv. 86. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 með fyrirvara um forskriftir og skilyrði sem sett eru fram í I. viðauka við þá tilskipun.
- 2) Samþykki fyrir própíkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 rennur út 31. mars 2020. Umsókn um endurnýjun á samþykki fyrir própíkónasóli var lögð fram 1. október 2018 í samræmi við 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Hinn 8. febrúar 2019 upplýsti lögbært matsyfirvald Finnlands framkvæmdastjórnina um ákvörðun sína, skv. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012, um að framkvæma þurfi heildarmat á umsókninni. Samkvæmt 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 skal lögbæra matsyfirvaldið framkvæma heildarmat á umsókninni innan 365 daga frá fullgildingu hennar.
- 4) Lögbæru matsyfirvaldi er heimilt, eins og við á, að óska eftir því að umsækjandi leggi fram fullnægjandi gögn fyrir framkvæmd matsins í samræmi við 2. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Í slíku tilviki er 365-daga fresturinn rofinn en rofið skal ekki vara lengur en 180 daga alls nema lengri frestur sé réttlætanlegur vegna eðlis gagnanna sem krafist er eða vegna sérstakra aðstæðna.
- 5) Innan 270 daga frá viðtöku tilmæla frá lögbæra matsyfirvaldinu skal Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Efnastofnunin“) semja og leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit um endurnýjun á samþykkinu fyrir virka efninu í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012.
- 6) Af þessum sökum, af ástæðum sem umsækjandinn fær ekki ráðið við, er líklegt að samþykkið fyrir própíkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 renni út áður en ákvörðun um endurnýjun þess hefur verið tekin. Því er viðeigandi að fresta lokadegi samþykkis fyrir própíkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 í nægilega langan tíma til að unnt sé að taka umsóknina til meðferðar.
- 7) Að teknu tilliti til þess að própíkónasól er flokkað sem efni sem hefur eiturhrif á æxlun í undirflokki 1B í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 ⁽³⁾ og uppfyllir því viðmiðunina fyrir útilokun sem sett er fram í c-lið 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 er talið viðeigandi, eftir frekara samráð við aðildarríkin, að stytta tímabilið til lokadagsetningar. Því er lagt til að framlengja samþykkistímabilið til 31. mars 2021.
- 8) Samþykki fyrir própíkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 ætti að gilda áfram, með fyrirvara um forskriftirnar og skilyrðin sem sett eru fram í I. viðauka við tilskipun 98/8/EB.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 8, 14.1.2020, bls. 39. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 154/2020 frá 23. október 2020 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna (Stjtið. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1).

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006 (Stjtið. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Lokadegi samþykkis fyrir prófíkónasóli til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 8 er frestað til 31. mars 2021.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 13. janúar 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/2213****2022/EES/38/11****frá 20. desember 2019**

um hagnýtt og rekstrarlegt fyrirkomulag að því er varðar starfsemi rafræna gagnagrunnsins sem komið er á fót samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 með tilliti til tiltekinna samskipta samkvæmt þeirri reglugerð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/2394 frá 12. desember 2017 um samvinnu milli landsyfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 (1), einkum 4. mgr. 35. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í reglugerð (ESB) 2017/2394 er mælt fyrir um ákvæði um samstarf milli lögbærra yfirvalda sem aðildarríki hafa tilnefnt sem ábyrgðaraðila fyrir framfylgd laga Sambandsins til verndar hagsmunum neytenda. Ákvæðið sem mælt er fyrir um í þeirri reglugerð felur í sér ákvæði um gagnkvæmt aðstoðarkerfi, ákvæði um samræmingaraðgerðir og ákvæði um útgáfu viðvarana ef um hugsanlegt brot á þeim lögum er að ræða. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin hafa einnig rétt til að veita öðrum aðilum valdheimildir til að gefa út viðvaranir (sem þá er vísað í sem „utanaðkomandi viðvaranir“).
- 2) Í 35. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi á fót og haldi úti rafrænum gagnagrunni fyrir öll samskipti milli lögbærra yfirvalda, miðlægra tengiskrifstofa og framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt þeirri reglugerð. Lögbæru yfirvöldin, miðlægu tengiskrifstofurnar og framkvæmdastjórnin skulu hafa beinan aðgang að gagnagrunninum. Í 35. gr. þeirrar reglugerðar er þess einnig krafist að upplýsingar sem aðilar, sem gefa út utanaðkomandi viðvaranir, hafa veitt séu geymdar og unnar í þeim sama gagnagrunni en slíkir aðilar eiga ekki að hafa aðgang að gagnagrunninum. Enn fremur þyrfti Evrópska bankaeftirlitsstofnunin, ef henni er boðið að gerast áheyrnarfulltrúi skv. 3. mgr. 23. gr. þeirrar reglugerðar, að geta farið inn í rafræna gagnagrunninn í þeim takmarkaða tilgangi til að geta fylgst með viðeigandi samskiptum.
- 3) Margmála upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn („IM-upplýsingakerfið“), sem komið er á fót með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 (2), gæti verið gagnlegt tól við framkvæmd ákvæða um samvinnu á sviði stjórnsýslu sem sett eru fram í 11.–23. gr. (gagnkvæmt aðstoðarkerfi og samræmingaraðgerðir) og í 26., 27. og 28. gr. (viðvaranir, utanaðkomandi viðvaranir og skipti á öðrum upplýsingum sem skipta máli til að koma upp um brot) reglugerðar (ESB) 2017/2394. Til samræmis við það var framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2212 (3) samþykkt til að gera þessi ákvæði um samvinnu á sviði stjórnsýslu að viðfangi tilraunaverkefnis skv. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1024/2012. Því er viðeigandi að tilgreina IM-upplýsingakerfið sem það kerfi sem skal nota sem rafrænan gagnagrunn fyrir samskipti sem verða til samkvæmt þessum ákvæðum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 163. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2021 frá 19. mars 2021 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 345, 27.12.2017, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012 frá 25. október 2012 um samvinnu á sviði stjórnsýslu fyrir tilstilli upplýsingakerfisins fyrir innri markaðinn og niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/49/EB (Stjtið. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 1).

(3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/2212 frá 20. desember 2019 um tilraunaverkefni til að koma til framkvæmda ákvæðum um samvinnu á sviði stjórnsýslu, sem sett eru fram í reglugerð (ESB) 2017/2394 um samvinnu milli yfirvalda sem bera ábyrgð á að framfylgja lögum um neytendavernd, með því að nota upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn (Stjtið. ESB L 332, 23.12.2019, bls. 159).

- 4) Ekki ætti að nota IM-upplýsingakerfið fyrir önnur samskipti milli lögbærra yfirvalda, miðlægra tengiskrifstofa og framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt reglugerð (ESB) 2017/2394 (t.d. ætti ekki að nota það fyrir samskipti sem tengjast efni rannsóknar eða samhæfðum rannsóknum (e. „sweeps“) skv. 29. gr. þeirrar reglugerðar) þar sem öll önnur samskipti geta verið skilvirkari með öðrum tæknilegum leiðum.
- 5) Í því skyni að draga úr stjórnsýsluálagi og forðast ónauðsynlega tvítekingu ætti skráning á lögbærum yfirvöldum aðildarríkis, miðlægrri tengiskrifstofu þess og aðila innan þess, sem gefur út utanaðkomandi viðvaranir, í IM-upplýsingakerfið að teljast orðsending frá því aðildarríki til framkvæmdastjórnarinnar um þær upplýsingar sem því ber að senda skv. a- og b-lið 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar. Þetta hefur ekki áhrif á þá skyldu aðildarríkjanna að senda framkvæmdastjórninni auðkenni og samskiptaupplýsingar tilnefndra aðila þeirra eða síðari breytingar á þeim upplýsingum.
- 6) Ákvæði 34. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 heimila lögbærum yfirvöldum að nota sem sönnunargögn hvers konar upplýsingar, skjöl, niðurstöður, yfirlýsingar, staðfest eintök eða vitneskju sem miðlað er til þeirra samkvæmt þeirri reglugerð, á sama hátt og svipuð skjöl fengin í þeirra eigin aðildarríki. Í þeim tilgangi ættu lögbær yfirvöld, miðlægar tengiskrifstofur og framkvæmdastjórnin að geta fengið sjálfkrafa stafrænt vottaða samantekt yfir samskipti sem þau varða úr rafræna gagnagrunninum.
- 7) Í 2. mgr. 13. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 er þess krafist að beiðnir um gagnkvæma aðstoð skuli sendar til miðlægrar tengiskrifstofu aðildarríkis sem ber síðan ábyrgð á því að miðla beiðninni áfram til viðeigandi lögbærs yfirvalds innan þess aðildarríkis. Ekki eru til staðar neinar slíkar samræmingarreglur varðandi viðvaranir og aðrar upplýsingar sem sendar eru skv. 26., 27. og 28. gr. þeirrar reglugerðar. Því ætti að krefjast þess að aðildarríkin úthluti, í því skyni að tryggja að viðvaranir og aðrar upplýsingar sem eru sendar samkvæmt þessum greinum séu einungis gerðar aðgengilegar þeim lögbæru yfirvöldum innan aðildarríkis sem viðkomandi brot varðar eða gæti varðað, annaðhvort til sinnar eigin miðlægu tengiskrifstofu eða til a.m.k. eins af lögbærum yfirvöldum sínum því verkefni að taka á móti aðsendum orðsendingum sem eru sendar samkvæmt þessum greinum og að deila þeim svo út til viðeigandi lögbærra yfirvalda innan þess aðildarríkis. Ekki er nauðsynlegt að fella aðsendar orðsendingar sem eru sendar skv. 15.–23. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 undir þetta verkefni þar sem samræmingaraðgerðir eru hvort eð er aðeins settar í gang á grundvelli viðvarana sem eru gefnar út skv. 26. gr. þeirrar reglugerðar.
- 8) Í ákvæðum 33. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 er mælt fyrir um reglur varðandi notkun og birtingu upplýsinga sem eru sendar við beitingu þeirrar reglugerðar og varðandi þagnarskyldu og viðskiptaleynd. Í rafræna gagnagrunninum ætti að vera virkni sem gerir lögbærum yfirvöldum, miðlægum tengiskrifstofum, aðilum sem gefa út utanaðkomandi viðvaranir og framkvæmdastjórninni kleift að tilgreina hvort birta megi upplýsingar sem þeir hafa veitt skv. 3. mgr. þeirrar greinar án þess að þörf sé á frekara samráði.
- 9) Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót með 1. mgr. 38. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Rafrænn gagnagrunnur

1. Með tilliti til orðsendinga skv. 11.–23., 26., 27. og 28. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 skal rafræna gagnagrunninum, sem koma skal á fót og halda úti skv. 35. gr. þeirrar reglugerðar („rafræni gagnagrunnurinn“), miðlað í gegnum upplýsingakerfið fyrir innri markaðinn („IM-upplýsingakerfið“) í samræmi við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2019/2212.
2. Skráning á lögbærum yfirvöldum aðildarríkja, miðlægum tengiskrifstofum þeirra og aðilum, sem gefa út utanaðkomandi viðvaranir skv. 1. mgr. 27. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394, í IM-upplýsingakerfið, ásamt uppfærslum þessara skráninga til að endurspeglar hvers kyns mikilvægar breytingar, skulu teljast orðsending frá því aðildarríki til framkvæmdastjórnarinnar um þær upplýsingar sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 8. gr. þeirrar reglugerðar með tilliti til þessara yfirvalda, miðlægra tengiskrifstofa og aðila.

3. Í rafræna gagnagrunninum skal vera nauðsynleg virkni til að gera lögbærum yfirvöldum, miðlægum tengiskrifstofum og framkvæmdastjórninni kleift, að því er varðar 34. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394, að nálgast stafrænt vottaða samantekt yfir samskiptin sem falla innan 1. mgr. þessarar greinar og þau varða.

2. gr.

Samræming aðsendra orðsendinga sem sendar eru skv. 26., 27. og 28. gr.

Sérhvert aðildarríki skal úthluta, annaðhvort til miðlægu tengiskrifstofunnar sinnar eða til eins af lögbærum yfirvöldum sínum, því verkefni að taka á móti aðsendum orðsendingum sem eru sendar skv. 26., 27. eða 28. gr. reglugerðar (ESB) 2017/2394 og deila þeim síðan út án tafar til viðeigandi lögbærra yfirvalda innan þess aðildarríkis sem viðkomandi brot varðar eða gæti varðað.

3. gr.

Upplýsingagjöf

Í rafræna gagnagrunninum skal vera virkni sem gerir lögbærum yfirvöldum aðildarríkja, miðlægum tengiskrifstofum þeirra, framkvæmdastjórninni og aðilum, sem gefa út utanaðkomandi viðvaranir skv. 1. eða 2. mgr. 27. gr. reglugerðar (EBS) 2017/2394, kleift að tilgreina hvort birta megi upplýsingar, sem þeir hafa veitt í gegnum rafræna gagnagrunninn, í þeim tilgangi sem leyft er í a- og b-lið 3. mgr. 33. gr. þeirrar reglugerðar, án þess að þörf sé á frekara samráði við þá samkvæmt þeirri grein.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 17. janúar 2020.

Gjört í Brussel 20. desember 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1765****2022/EES/38/12****frá 25. nóvember 2020****um að samþykkja ekki klórófen sem fyrirbyggjandi virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2 (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 frá 22. maí 2012 um að bjóða sæfivörur fram á markaði og um notkun þeirra ⁽¹⁾, einkum þriðju undirgrein 1. mgr. 89. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Með framseldri reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 ⁽²⁾ er komið á fót skrá yfir fyrirbyggjandi virkt efni sem meta skal með tilliti til hugsanlegs samþykkis fyrir þeim til notkunar í sæfivörur. Sú skrá nær yfir klórófen (EB-nr. 204-385-8, CAS-nr. 120-32-1).
- 2) Klórófen hefur verið metið fyrir notkun í vörur í vöruflokki 2, sótthreinsiefni og þörungaeýðar sem ekki eru ætluð til þess að bera beint á menn eða dýr, eins og lýst er í V. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 528/2012.
- 3) Noregur var tilnefnt sem skýrslugjafarríki og lögbært matsyfirvald Noregs lagði matsskýrslu ásamt niðurstöðum fyrir Efnastofnun Evrópu (hér á eftir nefnd Efnastofnunin) 22. desember 2016.
- 4) Í samræmi við 2. mgr. 7. gr. framseldrar reglugerðar (ESB) nr. 1062/2014 samþykkti sæfivörunefndin álit Efnastofnunarinnar 4. mars 2020 ⁽³⁾, með hliðsjón af niðurstöðum lögbæra matsyfirvaldsins.
- 5) Samkvæmt því álit má gera ráð fyrir að sæfivörur í vöruflokki 2 sem innihalda klórófen uppfylli ekki viðmiðanirnar sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (ESB) nr. 528/2012 þar eð við mat á áhættu fyrir heilbrigði manna greindist óviðunandi áhætta.
- 6) Að teknu tilliti til álits Efnastofnunarinnar er ekki viðeigandi að samþykkja klórófen til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2.
- 7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um sæfivörur.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Klórófen (EB-nr. 204-385-8, CAS-nr. 120-32-1) er ekki samþykkt sem virkt efni til notkunar í sæfivörur í vöruflokki 2.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 397, 26.11.2020, bls. 24. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 167, 27.6.2012, bls. 1

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2014 frá 4. ágúst 2014 um vinnuáætlunina um kerfisbundna athugun á öllum fyrirbyggjandi virkum efnum sem sæfivörur innihalda og um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 528/2012 (Stjttð. ESB L 294, 10.10.2014, bls. 1).

(3) Sæfivörunefndin, Álit á umsókn um samþykki fyrir virka efninu klórófeni, vöruflokkur 2 (*Opinion on the application for approval of the active substance Chlorophene, Product type: 2*), ECHA/BPC/238/2020, samþykkt 4. mars 2020.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 25. nóvember 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2020/1161****2022/EES/38/13****frá 4. ágúst 2020****um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í vatnsmálum
samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB***(tilkynnt með númeri C(2020) 5205) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB frá 16. desember 2008 um umhverfisgæðakröfur að því er varðar stefnu í vatnsmálum og um breytingu og síðar niðurfellingu á tilskipunum ráðsins 82/176/EBE, 83/513/EBE, 84/156/EBE, 84/491/EBE og 86/280/EBE og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽¹⁾, einkum fyrstu undirgrein 5. mgr. 8. gr. b,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB er kveðið á um að koma skuli upp vöktunarskrá yfir efni sem á að safna vöktunargögnum um í öllu Sambandinu í þeim tilgangi að styðja við forgangsröðun í framtíðinni, í samræmi við 2. mgr. 16. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB ⁽²⁾. Í fyrstu vöktunarskránni af þeim toga átti að tilgreina þá efniviði sem eru vaktaðir og hugsanlegar greiningaraðferðir sem ekki fela í sér óhóflegan kostnað fyrir hvert efni.
- 2) Velja ætti efnin á vöktunarskránni úr þeim efnum sem fyrir liggja upplýsingar um sem benda til að af þeim geti stafað umtalsverð áhætta á vettvangi Sambandsins fyrir vatnsumhverfið, eða í gegnum það, en sem til eru ófullnægjandi vöktunargögn um, til að komast að niðurstöðu um raunverulega áhættu sem þau valda. Taka ætti til athugunar að færa mjög eitruð efni, sem eru notuð í mörgum aðildarríkjum og losuð í vatnsumhverfi en ekki eða sjaldan vöktuð, á vöktunarskrána. Í því valferli ætti að taka tillit til upplýsinga sem eru sundurliðaðar í a- til e-liðum 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB með sérstakri áherslu á nýtilkomin mengunarefni.
- 3) Vöktun á efnunum á vöktunarskránni ætti að afla hágæðagagna um styrk þeirra í vatnsumhverfi sem fullnægja þeim tilgangi að styðja áhættumatið sem rennur stoðum undir tilgreiningarnar á forgangsefnum í aðskildri endurskoðun skv. 4. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB. Í þeirri endurskoðun ætti að taka til athugunar að færa efni, sem teljast valda umtalsverðri áhættu, á skrána yfir forgangsefni. Þá yrðu einnig fastsettar umhverfisgæðakröfur sem aðildarríkin þyrftu að uppfylla. Tillaga um að færa efni á skrána yfir forgangsefni myndi falla undir áhrifamat.
- 4) Fyrsta vöktunarskráin yfir efni var sett fram í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/495 ⁽³⁾ og innihélt 10 efni eða hópa efna ásamt því að tilgreindur var sá efniviður sem er vaktaður, hugsanlegar greiningaraðferðir fyrir hvert efni sem ekki fela í sér óhóflegan kostnað og efstu samþykktarhæfu greiningarmörk.
- 5) Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB á framkvæmdastjórnin að uppfæra vöktunarskrána á tveggja ára fresti. Þegar framkvæmdastjórnin uppfærir skrána á hún að fjarlægja af skránni öll efni sem hægt er að ljúka áhættu-tengdu mati á, sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB, án viðbótarvöktunargagna.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 257, 6.8.2020, bls. 32. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2021 frá 23. apríl 2021 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttíð. ESB L 348, 24.12.2008, bls. 84.

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/60/EB frá 23. október 2000 um aðgerðaramma Bandalagsins um stefnu í vatnsmálum (Stjttíð. EB L 327, 22.12.2000, bls. 1).

(3) Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/495 frá 20. mars 2015 um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í vatnsmálum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB (Stjttíð. ESB L 78, 24.3.2015, bls. 40).

- 6) Vöktunarskráin var uppfærð á árinu 2018, eins og sett var fram í framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/840 ⁽⁴⁾, með því að fjarlægja fimm efni og bæta þremur við þannig að skráin innihélt átta efni eða hópa efna.
- 7) Samkvæmt 2. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB skal samfelld vöktunartímabil fyrir tiltekið efni samkvæmt vöktunarskrá ekki vera lengra en fjögur ár. Þess vegna tók vöktunarskylda samkvæmt vöktunarskránni fyrir fimm efni eða hópa efna sem höfðu verið á skránni frá árinu 2015, þ.e. 17- α -etínýlestradíól (EE2), 17- β -estradíól (E2) og estrón (E1), hópur makrólíðsýklalyfja, metíókarb og hópur neónikótínóíða, enda á árinu 2019. Vöktunargögnin sem fengust verða tekin til athugunar í tengslum við framkvæmd forgangsroðunarinnar sem um getur í 2. mgr. 16. gr. tilskipunar 2000/60/EB.
- 8) Á grundvelli vöktunargagnanna sem fengust síðan á árinu 2018 fyrir hin þrjú efni, þ.e. metaflúmísón, amoxisillín og síprófloxasín, komst framkvæmdastjórnin að þeirri niðurstöðu að fullnægjandi hágæða vöktunargögn hafi ekki fengist og því ættu þessi efni að vera áfram á vöktunarskránni.
- 9) Framkvæmdastjórnin aflaði gagna á árinu 2019 um ýmis önnur efni sem hægt væri að færa á vöktunarskrána. Hún hafði hliðsjón af mismunandi tegundum viðeigandi upplýsinga sem um getur í 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB og hafði samráð við sérfræðinga aðildarríkjanna og hópa hagsmunaaðila. Ef vafi leikur á eiturhrifum efna eða ef næmleiki, áreiðanleiki eða samanburðarhæfi tiltækra vöktunaraðferða fyrir þau er ekki viðunandi ætti ekki að færa þau á vöktunarskrána. Súlónamíðsýklalyfið súlfametoxasól og díamínópýrimídínsýklalyfið trímétóprím, þunglyndislyfið venlafaxín og umbrotsefni þess O-desmetýlvenlafaxín, hópur þriggja asóllyfja (klótrímasól, flúkónasól og míkónasól) og sjö asólvarnarefni (imasalíl, ípkónasól, metkónasól, penkónasól, próklóras, tebúkónasól, tetrakónasól) og sveppaeyðarnir famoxadón og dímoxystróbín voru metin þannig að þau kæmu til greina. Það að færa ýmis lyf á skrána er í samræmi við skipulega nálgun Evrópusambandsins að lyfjum í umhverfinu ⁽⁵⁾ og það að færa sýklalyfin tvö á skrána er einnig í samræmi við Evrópsku aðgerðaáætlunina „ein heilsa“ gegn sýkingalyfjaónæmi ⁽⁶⁾, sem styður notkun vöktunarskrárinnar til að „bæta þekkingu á uppkomu og dreifingu sýkingalyfja í umhverfinu“.
- 10) Framkvæmdastjórnin tilgreindi mögulegar greiningaraðferðir fyrir tillögðu efnin í samræmi við 1. mgr. 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB. Greiningarmörk aðferðarinnar fyrir hvert efni, þ.m.t. hvert efni fyrir sig í hópi, ættu að vera a.m.k. jafnlág þeim sértæka styrk í viðkomandi efniviði sem hefur engin fyrirjáanleg áhrif.
- 11) Sulfametoxasól og trímétóprím eru yfirleitt en ekki alltaf notuð saman vegna fullyrtra samverkandi áhrifa þeirra; það er unnt og það ætti að greina þau saman þó að þau séu ekki flokkuð saman í skránni. Venlafaxín og umbrotsefni þess eru flokkuð saman vegna mögulegra samlegðaráhrifa þeirra; það er unnt og það ætti að greina þau saman. Asólefnin eru flokkuð saman af því að þau hafa sama verkunarhátt og gætu einnig haft samlegðaráhrif, þrátt fyrir að losun frá þeim komi frá ýmsum upptökum og sé líklega sveiflukennd með tímanum; einnig er unnt og það ætti að greina þau saman. Sveppaeyðana tvo, en losun frá þeim er líklega einnig sveiflukennd, er unnt að greina saman en það er ekki nauðsynlegt.
- 12) Greiningaraðferðirnar sem tilgreindar eru á vöktunarskránni teljast ekki fela í sér óhóflegan kostnað. Ef nýjar upplýsingar leiða síðar til lækkunar á þeim styrk tiltekinna efna sem hefur engin fyrirjáanleg áhrif gæti þurft að lækka efstu samþykktarhæfu greiningarmörkin svo lengi sem þessi efni eru á skránni.
- 13) Vegna samanburðarhæfis ætti að vakta öll efni í heilum vatnssýnum.
- 14) Í þágu lagalegs skýrleika ætti að skipta viðaukanum við framkvæmdarákvörðun (ESB) 2018/840 út í heild sinni. Því ætti að fella framkvæmdarákvörðun (ESB) 2018/840 úr gildi.
- 15) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 21. gr. tilskipunar 2000/60/EB.

⁽⁴⁾ Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/840 frá 5. júní 2018 um að koma á vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu með tilliti til stefnu í vatnsmálum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/105/EB og um niðurfellingu á framkvæmdarákvörðun (ESB) 2015/495 (Stjúd. ESB L 141, 7.6.2018, bls. 9).

⁽⁵⁾ Orðsending frá framkvæmdastjórninni til Evrópuþingsins, ráðsins og efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins „Skipuleg nálgun Evrópusambandsins að lyfjum í umhverfinu“ (COM(2019) 128 lokagerð).

⁽⁶⁾ Orðsending framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins og ráðsins, „Evrópska aðgerðaáætlunin „ein heilsa“ gegn sýkingalyfjaónæmi“, COM(2017) 339 lokagerð.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöktunarskráin yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu, sem um getur í 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB, er sett fram í viðaukanum við þessa ákvörðun.

2. gr.

Framkvæmdarákvörðun (ESB) 2018/840 er felld úr gildi.

3. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 4. ágúst 2020.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Virginijus SINKEVIČIUS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

Vöktunarskrá yfir efni sem á að vakta í öllu Sambandinu eins og sett er fram í 8. gr. b í tilskipun 2008/105/EB

Heiti efnis/hóps efna	CAS-númer ⁽¹⁾	ESB-númer ⁽²⁾	Leiðbeinandi greiningaraðferð ⁽³⁾ ⁽⁴⁾	Efstu samþykktarhæf greiningarmörk (ng/l)
Metaflúmísón	139968-49-3	604-167-6	Útdráttur vökva úr vökva – vökvaskiljun og massagreining eða fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	65
Amoxisillín	26787-78-0	248-003-8	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	78
Síprófloxasín	85721-33-1	617-751-0	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	89
Súlfametoxasól ⁽⁵⁾	723-46-6	211-963-3	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	100
Trímetóprím ⁽⁵⁾	738-70-5	212-006-2	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	100
Venlafaxín og O-desmetýlvenlafaxín ⁽⁶⁾	93413-69-5 93413-62-8	618-944-2 700-516-2	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	6
Asólefnasambönd ⁽⁷⁾			Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	
Klótrímasól	23593-75-1	245-764-8		20
Flúkónasól	86386-73-4	627-806-0		250
Imasafíl	35554-44-0	252-615-0		800
Ipkónasól	125225-28-7	603-038-1		44
Metkónasól	125116-23-6	603-031-3		29
Míkónasól	22916-47-8	245-324-5		200
Penkónasól	66246-88-6	266-275-6		1 700
Próklóras	67747-09-5	266-994-5		161
Tebúkónasól	107534-96-3	403-640-2		240
Tetrakónasól	112281-77-3	407-760-6		1 900
Dímoxýstróbín	149961-52-4	604-712-8	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	32
Famoxadón	131807-57-3	603-520-1	Fastfasaútdráttur – vökvaskiljun og massagreining	8,5

⁽¹⁾ Upplýsingaþjónusta um iðefni.⁽²⁾ Evrópusambandsnúmer.⁽³⁾ Öll efni skulu vöktuð í heilum vatnssýnum til að tryggja samanburðarhæfi niðurstaðna frá mismunandi aðildarríkjum.⁽⁴⁾ Útdráttaraðferðir:

LLE – vökva-vökvaútdráttur

SPE – fastfasaútdráttur

Greiningaraðferðir:

LC-MS-MS — vökvaskiljun með þrefaldri fjórskauta massagreiningu/raðgreiningu.

⁽⁵⁾ Greina skal súlfametoxasól og trímetóprím saman í sömu sýnum en greina frá styrk hvors um sig.⁽⁶⁾ Greina skal venlafaxín og O-desmetýlvenlafaxín saman í sömu sýnum en greina frá styrk hvors um sig.⁽⁷⁾ Greina skal asólefnasambönd saman í sömu sýnum en greina frá styrk hvors um sig.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2021/260****2022/EES/38/14****frá 11. febrúar 2021**

um samþykkt landsráðstafana sem gerðar eru til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB

(tilkynnt með númeri C(2021) 773) ()*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 frá 9. mars 2016 um smitandi dýrasjúkdóma og um breytingu og niðurfellingu á tilteknum gerðum á sviði dýraheilbrigðis (lög um dýraheilbrigði) ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 226. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun ráðsins 2006/88/EB ⁽²⁾ er m.a. mælt fyrir um dýraheilbrigðiskröfur sem beita skal við setningu á markað, innflutning og umflutning lagareldisdýra og afurða þeirra, lágmarksforvarnarráðstafanir sem miða að því að auka vitund um sjúkdóma í lagareldisdýrum og lágmarksvarnarráðstafanir sem beita skal ef um er að ræða grun um eða uppkomu tiltekinna sjúkdóma í lagardýrum. Sú tilskipun er felld úr gildi með reglugerð (ESB) 2016/429 frá og með 21. apríl 2021.
- 2) Ákvæði d-liðar 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 varða reglur um varnir sem gilda í tengslum við skráða sjúkdóma sem kalla á ráðstafanir til að koma í veg fyrir að þeir breiðist út, hvort heldur sem er við komu inn í Sambandið eða vegna tilflutninga milli aðildarríkja.
- 3) Lagareldi í Sambandinu er afar fjölbreytt, að því er varðar dýrategundir sem eru ræktaðar og framleiðslukerfi sem eru notuð í aðildarríkjunum, og líklegt er að þessi fjölbreytni muni aukast með tímanum. Af þessum sökum geta tilteknir sjúkdómar sem eru ekki skráðir skv. d-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 samt sem áður skipt máli fyrir tiltekin aðildarríki, annaðhvort vegna þess að dýrategundirnar eru til staðar í þessum aðildarríkjum eða vegna tegunda lagareldisframleiðsluáðferða sem eru notaðar í þessum aðildarríkjum. Ef annar sjúkdómur en skráður sjúkdómur, eins og um getur í d-lið 1. mgr. 9. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, skapar umtalsverða áhættu fyrir heilbrigði lagardýra í þessum aðildarríkjum er viðkomandi aðildarríki heimilt, til að verjast útbreiðslu sjúkdómsins, að samþykka landsráðstafanir skv. 1. mgr. 226. gr. þeirrar reglugerðar að því tilskildu að þessar ráðstafanir séu viðeigandi og nauðsynlegar til að ná markmiðunum.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 59, 19.2.2021, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 299/2021 frá 24. September 2021 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 84, 31.3.2016, bls. 1.

(2) Tilskipun ráðsins 2006/88/EB frá 24. október 2006 um heilbrigðiskröfur að því er varðar lagareldisdýr og afurðir þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum (Stjtið. ESB L 328, 24.11.2006, bls. 14).

- 4) Til að tryggja að landsráðstafanir sem aðildarríki leggur til séu viðeigandi og nauðsynlegar ætti að tilkynna framkvæmdastjórninni fyrirfram um hvers konar ráðstafanir sem geta haft áhrif á tilflutning lagardýra milli aðildarríkja til að unnt sé að samþykkja ráðstafanirnar eða, ef nauðsyn krefur, breyta þeim.
- 5) Tiltekin aðildarríki hafa fengið leyfi til að samþykkja landsráðstafanir í þeim tilgangi að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma á lagareldisdýr skv. 43. gr. tilskipunar 2006/88/EB. Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB ⁽³⁾ eru settar fram nánari upplýsingar um þessi aðildarríki og sjúkdómana sem þau hafa fastsett landsráðstafanir fyrir.
- 6) Tiltekin aðildarríki hafa öðlast sjúkdómslausa stöðu m.t.t. skjónakarpaherpesveiki eða eru með samþykka útrýmingar- eða eftirlitsáætlun í framkvæmd fyrir þann sjúkdóm samkvæmt tilskipun 2006/88/EB. Þó er skjónakarpaherpesveiki sem stendur skráð sem sjúkdómur í E-flokki samkvæmt framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 ⁽⁴⁾ sem merkir að hann er skráður sjúkdómur sem kallar á eftirlit innan Sambandsins. Því getur hann komið til álita að því er varðar landsráðstafanir skv. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.
- 7) Til að tryggja snuðulaus umskipti yfir í nýja fyrirkomulagið samkvæmt reglugerð (ESB) 2016/429 þurfa hlutaðeigandi aðildarríki að óska eftir samþykki fyrir landsráðstöfunum skv. 2. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 frá 21. apríl 2021.
- 8) Framkvæmdastjórnin hefur lagt mat á ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðildarríki lögðu til að teknu tilliti til staðla Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar ⁽⁵⁾ og heildaráhrifa umræddra sjúkdóma og tillagðra ráðstafana á Sambandið. Framkvæmdastjórnin telur að hlutaðeigandi aðildarríki hafi sýnt fram á að þessar ráðstafanir séu viðeigandi og nauðsynlegar þannig að tilefni sé til að samþykkja þær til að koma í veg fyrir að umræddir sjúkdómar berist inn á yfirráðasvæði þeirra eða til að verjast útbreiðslu þeirra milli aðildarríkja. Skrá ætti hlutaðeigandi aðildarríki í viðaukunum við þessa ákvörðun, eins og við á.
- 9) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu („útgöngusamningurinn“), einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, gildir reglugerð (EB) nr. 2016/429, sem og gerðir framkvæmdastjórnarinnar sem byggjast á henni, um og í Breska konungsríkinu að því er varðar Norður-Írland eftir lok aðlögunartímabilsins sem kveðið er á um í útgöngusamningnum. Af þessum sökum ætti að skrá Breska konungsríkið (Norður-Írland) í viðaukunum við þessa ákvörðun eins og við á.
- 10) Í því skyni að vernda heilbrigðisástand aðildarríkja með landsráðstöfunum sem eru samþykktar fyrir tiltekinn sjúkdóm skv. 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 er gerð krafa um að sendingar af tegundum lagardýra sem eru næmar fyrir umræddum sjúkdómum séu upprunnar í aðildarríki eða hluta þess sem er laust við sama sjúkdóm. Slíkum sendingum skal fylgja opinbert vottorð sem staðfestir þessa sjúkdómalaus stöðu.
- 11) Dýraheilbrigðisvottorð sem staðfesta upprunastað sendingar, sem er ætluð til aðildarríkis eða hluta þess sem er með landsráðstafanir sem eru samþykktar skv. 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, eru hluti af viðeigandi fyrirmyndum að opinberum vottorðum vegna tilflutnings á lagardýrum milli aðildarríkja sem settar eru fram

⁽³⁾ Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB frá 15. apríl 2010 um samþykki á landsráðstöfunum til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum í samræmi við 43. gr. tilskipunar ráðsins 2006/88/EB (Stjtíð. ESB L 98, 20.4.2010, bls. 7).

⁽⁴⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 frá 3. desember 2018 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra sjúkdóma og um að koma á skrá yfir dýrategundir og hópa dýrategunda sem skapa töluverða áhættu á útbreiðslu þessara skráðu sjúkdóma (Stjtíð. ESB L 308, 4.12.2018, bls. 21).

⁽⁵⁾ Heilbrigðisreglur Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um lagardýr og handbók Alþjóðadýraheilbrigðisstofnunarinnar um greiningarprófanir á lagardýrum.

í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236 ⁽⁶⁾. Nota skal þessi dýraheilbrigðisvottorð þegar lagardýr af skráðum tegundum eiga að fara til aðildarríkis eða hluta þess sem framkvæmdastjórnin hefur samþykkt landsráðstafanir fyrir í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

- 12) Landsráðstafanir sem eru samþykktar með þessari ákvörðun ættu einungis að gilda á meðan þær halda áfram að vera viðeigandi og nauðsynlegar til að koma í veg fyrir að sjúkdómarnir berist inn í hlutaðeigandi aðildarríki eða til að verjast útbreiðslu þeirra milli aðildarríkja. Til að gera framkvæmdastjórninni kleift að framkvæma reglubundið mat á því hversu viðeigandi og nauðsynlegar slíkar ráðstafanir eru og til að gefa kost á því að breyta ráðstöfununum, ef nauðsyn krefur, ættu aðildarríkin að senda framkvæmdastjórninni árlega skýrslu með nánari upplýsingum um virkni ráðstafananna á næstliðnu ári. Slíkar ársskýrslur og önnur viðeigandi skýrslugjöf ætti að innihalda tilteknar upplýsingar sem eru settar fram í framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 ⁽⁷⁾.
- 13) Útrýmingaráætlanir sem eru samþykktar í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429 ættu að leiða til umbóta á sjúkdómsástandinu innan hæfilegs tíma. Í þágu samræmis ætti þetta tímabil ekki að vera lengra en sá frestur sem veittur er til að ljúka við útrýmingaráætlun fyrir sjúkdóm í C-flokki. Beitingartímabil útrýmingaráætlunar, sem er samþykkt í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, ætti því ekki að fara yfir 6 ár frá því að framkvæmdastjórnin samþykkir hana fyrst. Í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum og að fenginni beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis ætti framkvæmdastjórnin að hafa möguleika á að framlengja beitingartímabil útrýmingaráætlunar í 6 ár til viðbótar. Þetta hámarkstímabil beitingar er fastsett til að veita nægan tíma til að ljúka við útrýmingaráætlun og koma jafnframt í veg fyrir óhóflega og langvarandi röskun á tilflutningi lagardýra innan Sambandsins.
- 14) Til að tryggja skýrleika löggjafar Sambandsins ætti að fella ákvörðun 2010/221/ESB úr gildi.
- 15) Þar eð reglugerð (ESB) 2016/429 kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021 ætti þessi ákvörðun einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.
- 16) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um plöntur, dýr, matvæli og fóður.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari ákvörðun eru samþykktar landsráðstafanir sem þau aðildarríki eða hlutar þeirra aðildarríkja sem eru skráð í I. og II. viðauka hafa samþykkt til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma sem hafa áhrif á lagardýr, í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429, og mælt fyrir um:

- a) skilyrðin fyrir upphaflegu og áframhaldandi samþykki fyrir þessum ráðstöfunum,
- b) takmarkanir á tilflutningi lagardýra á milli aðildarríkja,
- c) kvaðir um skýrslugjöf aðildarríkjanna.

⁽⁶⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1251/2008 (Stjtið. ESB L 442, 30.12.2020, bls. 410).

⁽⁷⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 frá 7. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um skráða sjúkdóma, um snið og málsmeðferðarreglur varðandi framlagningu og skýrslugjöf um áætlanir Sambandsins um eftirlit með sjúkdómum og um útrýmingaráætlanir og um umsókn um viðurkenningu á sjúkdómalausri stöðu og um tölvuvædda upplýsingakerfið (Stjtið. ESB L 412, 8.12.2020, bls. 1).

2. gr.

Samþykki fyrir landsráðstöfunum á sjúkdómalausum svæðum

Aðildarríki eða hlutar þeirra sem eru skráð í öðrum og fjórða dálki töflunnar í I. viðauka teljast laus við sjúkdómana sem eru tilgreindir í fyrsta dálki þeirrar töflu og hafa fengið leyfi til að samþykka landsráðstafanir í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429.

3. gr.

Samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna sjúkdóma sem falla undir landsráðstafanir

1. Útrýmingaráætlanir sem aðildarríki, sem eru skráð í öðrum dálki töflunnar í II. viðauka, hafa samþykkt vegna sjúkdóma sem falla undir landsráðstafanir og sem eru skráðir í fyrsta dálki þeirrar töflu, að því er varðar svæðin sem eru skráð í fjórða dálki hennar, eru samþykktar.
2. Beitingartímabil útrýmingaráætlunar skal ekki fara yfir 6 ár frá því að framkvæmdastjórnin samþykkir hana fyrst. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, að fenginni beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis að framlengja beitingartímabil útrýmingaráætlunarinnar í 6 ár til viðbótar.

4. gr.

Tilflutningar milli aðildarríkjanna, eða hluta þeirra, á lagardýrum af smitnæmum tegundum sem falla undir landsráðstafanir, þ.m.t. útrýmingaráætlanir

Lagardýr af tegundum, sem eru næmar fyrir sjúkdómum, sem eru tilgreindar í öðrum dálki III. viðauka skal einungis tilflýttja til aðildarríkja eða hluta þeirra sem eru skráð í öðrum og fjórða dálki í töflunum í I. eða II. viðauka ef þau:

- a) eru upprunnin í aðildarríki eða hluta þeirra sem eru skráð í öðrum og fjórða dálki töflunnar í I. viðauka sem laus við sjúkdóminn sem um er að ræða og
- b) eru með meðfylgjandi opinbert vottorð, sem lögbært yfirvald upprunaaðildarríkisins gefur út, sem er tekið saman í samræmi við viðeigandi fyrirmynd að dýraheilbrigðisvottorði sem sett er fram í 1., 2., 3. eða 5. kafla I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2236 þar sem þær ábyrgðir sem skipta máli fyrir tiltekna landsráðstafanir sem um er að ræða eru tilgreindar.

5. gr.

Árleg skýrslugjöf aðildarríkjanna

1. Eigi síðar en 30. apríl á hverju ári skulu aðildarríki sem eru skráð í öðrum dálki í töflunum í I. og II. viðauka senda framkvæmdastjórninni skýrslu um samþykktar landsráðstafanir vegna sjúkdómslausrar stöðu þessara aðildarríkja og hluta þeirra sem um getur í 2. gr., eða um útrýmingaráætlanirnar sem um getur í 3. gr., eins og við á.
2. Skýrslan sem um getur í 1. mgr. skal innihalda:
 - a) upplýsingar um ráðstafanir sem gerðar voru á næstliðnu almanaksári til að viðhalda sjúkdómalausri stöðu, þ.m.t. að lágmarki upplýsingarnar sem settar eru fram í III. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002, eða
 - b) upplýsingar um þróun útrýmingaráætlunarinnar, þ.m.t. nánari upplýsingar um prófun sem fór fram á næstliðnu almanaksári og a.m.k. upplýsingarnar sem settar eru fram í 4. þætti V. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2020/2002.

3. Í skýrslunni sem um getur í 1. mgr. skal útlista ástæðurnar fyrir því hvers vegna sjúkdómalaus staða eða útrýmingaráætlun, eins og við á, ætti að gilda áfram í eitt almanaksár í viðbót. Þar skal vísa sérstaklega til tiltækileika meðferða, bóluafna, sjúkdómshólinna stofna eða annarrar viðeigandi þróunar ef einn eða fleiri af þessum kostum eru orðnir raunhæfir valkostir til að koma í veg fyrir og verjast umræddum sjúkdómi frá því að síðasta skýrsla var lögð fram.

6. gr.

Breyting á samþykktum landsráðstöfunum

Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta landsráðstöfununum sem eru settar fram í I. og II. viðauka ef upplýsingarnar sem um getur í 3. mgr. 5. gr., eða aðrar slíkar upplýsingar sem tengjast þróun dýraheilbrigðis, benda til þess að innleiðing takmarkana á tilflutningi milli aðildarríkja sé ekki lengur nauðsynleg eða réttlætunleg til að koma í veg fyrir að tiltekinn sjúkdómur berist þangað eða til að verjast útbreiðslu hans.

7. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/221/ESB er felld úr gildi frá og með 21. apríl 2021.

8. gr.

Beiting

Ákvörðun þessi kemur til framkvæmda frá og með 21. apríl 2021.

9. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 11. febrúar 2021.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stella KYRIAKIDES

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Aðildarríki ⁽¹⁾ eða hlutar þeirra sem teljast vera laus við tiltekna sjúkdóma sem hafa áhrif á lagardýr og sem landsráðstafanir eru samþykktar fyrir í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem landsráðstafanirnar eru samþykktar fyrir
Skjónakarpaherpesveiki (KHV)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK(NI)	Norður-Írland
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Danmörk	DK	Allt yfirráðasvæðið
	Finnland	FI	Allt yfirráðasvæðið
	Ungverjaland	HU	Allt yfirráðasvæðið
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Svíþjóð	SE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK(NI)	Norður-Írland
Nýrnaveiki (BKD)	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK(NI)	Norður-Írland
Brisdrep (IPN)	Finnland	FI	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
Sýking af völdum roð-flyðrusníkils (GS)	Finnland	FI	Vatnasvið Tenojoki og Näätämöjoki en vatnasvið Paatsjoki, Tuulomajoki og Uutuanjoki teljast sóttvarnabelti
	Írland	IE	Allt yfirráðasvæðið
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK(NI)	Norður-Írland

(¹) Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þennan viðauka varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

Ostruherpesveira 1 μvar (OsHV-1 μvar)	Írland	IE	Hólf 1: Sheephaven Bay Hólf 3: Killala Bay, Broadhaven Bay og Blacksod Bay Hólf 4: Streamstown Bay Hólf 5: Bertraghboy Bay og Galway Bay Hólf A: Tralee Bay Hatchery
	Breska konungsríkið (Norður-Írland)	UK(NI)	Yfirráðasvæði Norður-Írlands, að undanskildum Dundrum Bay, Killough Bay, Lough Foyle, Carlingford Lough, Larne Lough og Strangford Lough
Sýking af völdum alfaveiru í laxfiski (SAV)	Finnland	FI	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess

II. VIÐAUKI

Aðildarríki ⁽¹⁾ eða hlutar þeirra sem eru með útrýmingaráætlanir fyrir tiltekna sjúkdóma sem hafa áhrif á lagardýr og sem landsráðstafanir eru samþykktar fyrir í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429

Sjúkdómur	Aðildarríki	Kóði	Landfræðileg afmörkun svæðisins sem landsráðstafanirnar eru samþykktar fyrir
Nýrnaveiki (BKD)	Svíþjóð	SE	Svæði inn til landsins á yfirráðasvæði þess
Brisdrep (IPN)	Svíþjóð	SE	Strandsvæði á yfirráðasvæði hennar

⁽¹⁾ Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þennan viðauka varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

III. VIÐAUKI

Tegundir lagardýra sem eru næmar fyrir sjúkdómum sem tiltekin aðildarríki ⁽¹⁾ hafa samþykkt landsráðstafanir fyrir í samræmi við 3. mgr. 226. gr. reglugerðar (ESB) 2016/429

Sjúkdómur	Smitnæmar tegundir
Skjónakarpaherpesveiki (KHV)	Eins og sett er fram í 3. dálki töflunnar í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2018/1882
Vorveira í vatnakarpa (SVC)	Eðalkarpi (<i>Aristichthys nobilis</i>), gullfiskur (<i>Carassius auratus</i>), grænkarpi (<i>Carassius carassius</i>), graskarpi (<i>Ctenopharyngodon idellus</i>), vatnakarpi og skjónakarpi (<i>Cyprinus carpio</i>), silfurkarpi (<i>Hypophthalmichthys molitrix</i>), fengrani (<i>Silurus glanis</i>), grunnungur (<i>Tinca tinca</i>), gullgægir (<i>Leuciscus idus</i>)
Nýrnaveiki (BKD)	Allar tegundir laxfiska
Brisdrep (IPN)	Lindableikja (<i>Salvelinus fontinalis</i>), urriði (<i>Salmo trutta</i>), atlantshafslax (<i>Salmo salar</i>), <i>Oncorhynchus spp.</i> , tjarnasíld (<i>Coregonus lavaretus</i>)
Sýking af völdum roðflyðrusníkils (GS)	Atlantshafslax (<i>Salmo salar</i>), regnbogasilungur (<i>Oncorhynchus mykiss</i>), bleikja (<i>Salvelinus alpinus</i>), lindableikja (<i>Salvelinus fontinalis</i>), harri (<i>Thymallus thymallus</i>), blettasilungur (<i>Salvelinus namaycush</i>), urriði (<i>Salmo trutta</i>) og allar tegundir sem hafa komist í snertingu við þessar tegundir
Ostruherpesveira 1 μvar (OsHV-1 μvar)	Risaostra (<i>Crassostrea gigas</i>)
Sýking af völdum alfaveiru í laxfiski (SAV)	Atlantshafslax (<i>Salmo salar</i>), regnbogasilungur (<i>Oncorhynchus mykiss</i>), urriði (<i>Salmo trutta</i>)

⁽¹⁾ Í samræmi við samninginn um útgöngu Sameinaða konungsríkisins Stóra-Bretlands og Norður-Írlands úr Evrópusambandinu og Kjarnorkubandalagi Evrópu, einkum 4. mgr. 5. gr. bókunarinnar um Írland/Norður-Írland í tengslum við 2. viðauka við þá bókun, innihalda vísanir til aðildarríkja, að því er þennan viðauka varðar, Breska konungsríkið að því er varðar Norður-Írland.

**FRAMKVÆMDARÁKVÖRDUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2018/576****2022/EES/38/15****frá 15. desember 2017****um tækniastaðla fyrir öryggisþætti sem beitt er varðandi tóbaksvörur***(tilkynnt með númeri C(2017) 8435) (*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/40/ESB frá 3. apríl 2014 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaki og tengdum vörum og um niðurfellingu á tilskipun 2001/37/EB ⁽¹⁾, einkum 2. mgr. 16. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í tilskipun 2014/40/ESB er kveðið á um að á öllum einingarpökkum með tóbaksvörum, sem settir eru á markað, skuli vera öryggisþáttur sem ekki er hægt að eiga við, sem samanstendur af sýnilegum og ósýnilegum þáttum, til þess að auðvelda sannpröfun á því hvort tóbaksvörur séu ósviknar. Mæla ætti fyrir um tækniastaðla fyrir kerfi öryggisþátta.
- 2) Öryggisþættirnir ásamt kerfi til að tryggja rekjanleika tóbaksvara, sem kveðið er á um í 15. gr. tilskipunar 2014/40/ESB og komið á fót með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/574 ⁽²⁾, ættu að auðvelda vöktun og skilvirkari framfylgd með því að tóbaksvörur séu í samræmi við tilskipun 2014/40/ESB.
- 3) Sameiginlegar reglur um staðla fyrir öryggisþætti í Sambandinu eru mjög mikilvægar sökum þess að mismunandi og ekki nógu nákvæmar landskröfur eru líklegar til að grafa undan viðleitni til að bæta fylgni tóbaksvara við tóbaksvörureglur Sambandsins. Samræmdari ramma um öryggisþætti þvert á aðildarríki ætti einnig að auðvelda starfsemi innri markaðarins með löglegar tóbaksvörur.
- 4) Í tæknistöðlum fyrir öryggisþætti ætti að taka tilhlýðilegt tillit til mikillar nýsköpunar sem er fyrir hendi á þessu sviði en gera um leið lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna kleift að sannprófa ósvikni tóbaksvara með skilvirkum hætti. Hvert aðildarríki ætti að geta ákvarðað samsetningu eða samsetningar sannvottunarþátta sem skal nota til að þróa öryggisþætti sem beitt er varðandi tóbaksvörur sem eru framleiddar á eða fluttar inn á yfirráðasvæði þess. Samsetning eða samsetningar sem eru notaðar ættu að innihalda sýnilega og ósýnilega þætti. Samkvæmt alþjóðlegum stöðlum er hægt að skilgreina ósýnilega þætti, sem mannleg skilningarvit skynja ekki beint, enn frekar með tilvísun til þess hversu þróaður búnaðurinn er sem er nauðsynlegur til að sannprófa að þær séu ósviknar. Til að þættirnir séu eins traustir og mögulegt er þykir rétt að gera kröfu um að a.m.k. einn ósýnilegur þáttur sé notaður sem sannpröfun á útheimtir notkun á til þess gerðum áhöldum eða faglegum rannsóknarstofubúnaði. Það að fella mismunandi gerðir sannvottunarþátta inn í öryggisþátt ætti að tryggja nauðsynlegt jafnvægi milli sveigjanleika og öflugs öryggis. Þetta ætti einnig að gera aðildarríkjum kleift að taka tillit til nýrra nýsköpunarlausna sem geta styrkt skilvirkni öryggisþátta enn frekar.
- 5) Gera ætti kröfu um samsetningu mismunandi sannvottunarþátta sem mikilvægt skref til að tryggja að heilleiki endanlegs öryggisþátta sem beitt er varðandi tóbaksvöru sé vel varinn.
- 6) Mikilvægi þess að tryggja traustleika kerfis fyrir öryggisþætti er viðurkennt í alþjóðlega viðurkenndum viðmiðunum ⁽³⁾. Í þessu skyni ætti að koma á viðbótarvernd sem hlífir öryggisþáttum og mismunandi sannvottunarþáttum þeirra fyrir innri og ytri ógnum eftir því sem framast er unnt. Því ætti að gera þá kröfu að a.m.k. einn sannvottunarþáttur í öryggisþætti sé látinn í té af óháðum þriðja aðila, sem er lausnaveitandi, til að draga úr möguleikanum á árásum sem framdar eru af einstaklingum eða aðilum sem tengjast beint eða óbeint framleiðanda eða upphafsaðila sannvottunarþátta sem er notaður til að þróa öryggisþáttinn. Til að tryggja áframhaldandi fylgni við kröfuna um

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 96, 16.4.2018, bls. 57. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2022 frá 4. febrúar 2022 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 127, 29.4.2014, bls. 1.

⁽²⁾ Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/574 frá 15. desember 2017 um tækniastaðla til að koma á fót og starfrækja rekjanleikakerfi fyrir tóbaksvörur (Stjútíð. ESB L 96, 16.4.2018, bls. 7).

⁽³⁾ ISO 12931:2012 (Performance criteria for authentication solutions used to combat counterfeiting of material goods).

sjálfstæði, sem er mikilvæg til að tryggja og viðhalda heilleika öryggisþátta í öllu Sambandinu, ætti framkvæmdastjórnin þar að auki að endurskoða reglulega málsmeðferðarreglurnar, sem settar eru fram í þessari ákvörðun, til að vakta að farið sé að viðmiðunum um sjálfstæði. Framkvæmdastjórnin ætti að birta niðurstöðurnar úr þessari endurskoðun og þær ættu að vera hluti af skýrslunni um beitingu tilskipunar 2014/40/ESB sem kveðið er á um skv. 28. gr. þeirrar tilskipunar.

- 7) Nokkur aðildarríki gera kröfu um tollborða eða landsbundin auðkennismerki í skattalegum tilgangi. Þessi aðildarríki ættu að mega heimila að borðar þeirra eða merki séu notuð sem öryggisþáttur, með fyrirvara um kröfurnar í 16. gr. tilskipunar 2014/40/ESB og í þessari ákvörðun. Til að draga úr óþarfa efnahagslegri byrði ættu aðildarríki, sem eru með tollborða eða landsbundin auðkennismerki sem uppfylla ekki eina eða fleiri af kröfunum í 16. gr. tilskipunar 2014/40/ESB og í þessari ákvörðun, að mega nota tollborða sína eða landsbundin auðkennismerki sem hluta af öryggisþættinum. Í slíkum tilvikum ættu aðildarríkin að tryggja að framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara séu upplýstir um sannvottunarþætti til viðbótar sem eru nauðsynlegir til að þróa öryggisþátt sem er í samræmi við allar lagalegar kröfur.
- 8) Til að tryggja heilleika öryggisþátta og til að verja þá gegn ytri árás ætti að beita þeim með því að festa þá á eða prenta þá á eða með samsetningu af þessu tvennu á þann hátt að ekki sé hægt að skipta um þá, endurnýta þá eða breyta þeim á nokkurn hátt. Að auki ættu öryggisþættir að gera það kleift að sanngreina og sannprófa ósvikni staks einingarpakka tóbaksvöru allan tímann sem tóbaksvaran er á markaði.
- 9) Til að unnt sé að sannprófa ósvikni tóbaksvöru og efla þar með baráttuna við ólögleg viðskipti með tóbaksvörur í Sambandinu ættu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin, að fenginni beiðni, að fá sýnishorn af vörum sem unnt er að nota sem viðmiðun við greiningar á rannsóknarstofu. Til að gera lögbærum yfirvöldum í einu aðildarríki kleift að sannprófa ósvikni tóbaksvöru sem er ætluð á landsbundinn markað í öðru aðildarríki ættu aðildarríkin að aðstoða hvert annað við að deila þeim vörum til viðmiðunar sem aflað er sem og með því að útdeila tiltækri þekkingu og sérfræðikunnáttu að því marki sem slíkt er mögulegt.
- 10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem um getur í 25. gr. tilskipunar 2014/40/ESB.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari ákvörðun er mælt fyrir um tæknistaðla fyrir öryggisþætti sem beitt er varðandi einingarpakka með tóbaksvörum sem eru settir á markað Sambandsins.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við skilgreiningarnar sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2014/40/ESB er merking eftirfarandi hugtaka í þessari ákvörðun sem hér segir:

- a) „sannvottunarþáttur“ : þáttur í öryggisþætti,
- b) „sýnilegur“: sem mannleg skilningarvit skynja beint án þess að nota ytri búnað. Gengið skal út frá því að sannvottunarlausnir í flokknum „sýnilegur“, sem um getur í ISO 12931:2012, uppfylli þessa skilgreiningu,
- c) „hálf-sýnilegur“: sem mannleg skilningarvit skynja ekki beint en þessi skilningarvit geta greint hann með notkun ytri búnaðar, s.s. vasaljöss með útfjólubláum geisla eða sérstaks penna eða merkipenna, sem útheimtir ekki sérþekkingu eða sérnám. Gengið skal út frá því að sannvottunarlausnir í flokknum „ósýnilegur“ sem eru sannvottaðar með áhöldum sem eru tilbúin til notkunar, sem um getur í ISO 12931:2012, uppfylli þessa skilgreiningu,
- d) „ósýnilegur“: sem mannleg skilningarvit skynja ekki beint og er einungis hægt að greina með notkun á til þess gerðum áhöldum eða faglegum rannsóknarstofubúnaði. Gengið skal út frá því að sannvottunarlausnir í flokknum „ósýnilegur“ sem útheimta til þess gerð áhöld og réttarfræðilega greiningu, sem um getur í ISO 12931:2012, uppfylli þessa skilgreiningu.

*3. gr.***Öryggisþáttur**

1. Aðildarríki skulu gera þá kröfu að öryggisþættir séu samsettir úr a.m.k. 5 gerðum sannvottunarþátta þar sem minnst:

- a) einn er sýnilegur,
- b) einn er hálsýnilegur,
- c) einn er ósýnilegur.

2. Aðildarríki skulu gera þá kröfu að a.m.k. einn af sannvottunarþáttunum, sem um getur í 1. mgr., sé látinn í té af óháðum þriðja aðila, sem er veitandi, sem uppfyllir kröfurnar sem mælt er fyrir um í 8. gr.

3. Hvert aðildarríki skal tilkynna framleiðendum og innflytjendum tóbaksvara um samsetningu eða samsetningar sannvottunarþátta sem skal nota í öryggisþætti sem beitt er varðandi einingarpakka með tóbaksvörum sem eru settir á markað þess.

Sannvottunarþættirnir, sem um getur í fyrstu undirgrein, mega innihalda hvaða gerð sem er af sýnilegu, hálsýnilegu og ósýnilegu sannvottunarþáttunum sem settir eru fram í viðaukanum.

4. Tilkynningin, sem um getur í 3. mgr., skal eiga sér stað eigi síðar en 20. september 2018. Aðildarríkin skulu senda framleiðendum og innflytjendum tóbaksvara allar síðari breytingar á samsetningu(m) sannvottunarþátta í síðasta lagi 6 mánuðum fyrir þann dag sem fyrirhugað er að breytingarnar taki gildi.

*4. gr.***Notkun tollborða sem öryggisþáttar**

1. Aðildarríki sem heimila að tollborðar eða landsbundin auðkennismerki í skattalegum tilgangi séu notuð til að þróa öryggisþætti skulu tryggja að endanlegu öryggisþættirnir uppfylli kröfurnar í 3. gr. þessarar ákvörðunar og 16. gr. tilskipunar 2014/40/ESB.

2. Ef tollborði eða landsbundið auðkennismerki í skattalegum tilgangi, sem ætlunin er að nota sem öryggisþátt, uppfyllir ekki eina eða fleiri af kröfunum sem um getur í 1. mgr. skal einungis nota hann/það sem hluta af öryggisþættinum. Í slíkum tilvikum skulu aðildarríkin tryggja að framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara séu upplýstir um viðbótargerðir sannvottunarþátta sem þarf til að þróa öryggisþátt sem er í samræmi við tilskilin ákvæði.

3. Gera skal upplýsingarnar, sem um getur í 2. mgr., aðgengilegar fyrir framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara eigi síðar en 20. september 2018. Senda skal framleiðendum og innflytjendum tóbaksvara allar síðari upplýsingar sem varða breytingar á tollborða eða landsbundnu auðkennismerki í skattalegum tilgangi, sem ætlunin er að nota sem öryggisþátt, í síðasta lagi 6 mánuðum fyrir þann dag sem fyrirhugað er að breytingarnar taki gildi, svo fremi að þessar upplýsingar séu nauðsynlegar fyrir þá til að þróa öryggisþátt sem er í samræmi við tilskilin ákvæði.

*5. gr.***Beiting öryggisþátta varðandi einingarpakka**

1. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að öryggisþáttum sé beitt varðandi einingarpakka með tóbaksvörum með því að nota einhverja af eftirfarandi aðferðum:

- a) áfestingu,
- b) áprentun,
- c) sambland af áfestingu og áprentun.

2. Öryggisþáttum skal beitt varðandi einingarpakka með tóbaksvörum á þann hátt að:
 - a) unnt sé að sanngreina og sannprófa ósvikni staks einingarpakka tóbaksvara allan tímann sem tóbaksvaran er á markaði og
 - b) ekki sé hægt að skipta um þá, endurnýta þá eða breyta þeim á nokkurn hátt.

6. gr.

Heilleiki öryggisþátta

1. Aðildarríkjum er hvenær sem er heimilt að ákveða að koma í framkvæmd eða afturkalla áætlanir um víxlun öryggisþátta.
2. Ef aðildarríki hefur ástæðu til að ætla að heilleika sannvottunarþáttar á öryggisþætti, sem er sem stendur í notkun á markaði þess, sé stefnt í hættu skal það krefjast þess að hlutaðeigandi öryggisþætti verði skipt út eða honum breytt. Ef aðildarríki verður vart við öryggisþátt sem er stefnt í hættu skal það upplýsa hlutaðeigandi framleiðendur og innflytjendur og veitendur öryggisþátta um það innan 5 virkra daga.
3. Aðildarríkjum er heimilt að mæla fyrir um formlegar viðmiðunarreglur eða kröfur um öryggi fyrirkomulags við framleiðslu og dreifingu, s.s. þær sem varða notkun á öruggum búnaði og öðrum íhlutum, úttektir, áhöld til að vakta framleiðslumagn og örugga flutninga, til að afstýra, hindra, greina og draga úr ólöglegri framleiðslu, dreifingu eða þjófnaði á öryggisþáttum og sannvottunarþáttunum sem þeir eru samsettir úr.

7. gr.

Sannprófun á ósvikni tóbaksvara

1. Aðildarríkin skulu tryggja að þau búi yfir nauðsynlegum úrræðum til að greina sérhverja samsetningu sannvottunarþátta sem þau heimila að séu notaðir til að þróa öryggisþætti, í samræmi við 3. og 4. gr. þessarar ákvörðunar, í þeim tilgangi að ákvarða hvort einingarpakki tóbaksvöru er ósvikinn eða ekki. Greiningin skal framkvæmd í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar nothæfisviðmiðanir og aðferðafræði við mat, s.s. eins og mælt er fyrir um í ISO 12931:2012.
2. Aðildarríkin skulu gera þá kröfu að framleiðendur og innflytjendur tóbaksvara, sem eru staðsettir á yfirráðasvæði þeirra, láti í té, að fenginni skriflegri beiðni, sýnishorn af tóbaksvörum sem þegar hafa verið settar á markað. Láta skal sýnishornin í té sem einingarpakka og þ.m.t. öryggisþáttinn sem beitt er. Aðildarríkin skulu, að fenginni beiðni, láta framkvæmdastjórninni í té sýnishornin af tóbaksvörum sem tekið er við.
3. Aðildarríkin skulu, að fenginni beiðni, aðstoða hvert annað við að sannprófa ósvikni tóbaksvöru sem er ætluð á landsbundinn markað í öðru aðildarríki, þ.m.t. með því að deila sín á milli öllum sýnishornum sem fengin eru skv. 2. mgr.

8. gr.

Óhæði veitenda sannvottunarþátta

1. Að því er varðar 2. mgr. 3. gr. skal líta svo á að veitandi sannvottunarþátta sem og, eftir atvikum, undirverktakar hans séu óháðir ef eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:
 - a) óhæði frá tóbaksiðnaðinum með tilliti til félagsforms, skipulagningar og ákvarðanatöku. Einkum skal meta hvort fyrirtækið eða fyrirtækjasamstæðan sé undir beinni eða óbeinni stjórn tóbaksiðnaðarins, þ.m.t. hlutafjäreign minnihluta,

- b) óhæði frá tóbaksiðnaðinum að því er varðar fjárhagslega skilmála, sem gengið verður út frá að sé tilfellið ef minna en 10% af árlegri veltu fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar á heimsmarkaði, áður en það/hún tekur við skyldum sínum, að undanskildum virðisaukaskatti og öðrum óbeinum sköttum, verður til vegna vara og þjónustu sem tóbaksiðnaðinum er látin í té á næstliðnum tveimur almanaksárum, eins og ráða má á grundvelli nýjustu samþykktu reikninga. Árleg velta á heimsmarkaði, að undanskildum virðisaukaskatti og öðrum óbeinum sköttum, vegna vara og þjónustu sem tóbaksiðnaðinum er látin í té skal ekki fara yfir 20% á hverju almanaksári eftir það,
- c) hagsmunaárekstrar við tóbaksiðnaðinn eru ekki fyrir hendi hjá þeim aðilum sem bera ábyrgð á stjórnun fyrirtækisins eða fyrirtækjasamstæðunnar, þ.m.t. meðlimir stjórnarinnar eða annars konar stjórnar. Einkum skulu þeir:
- i. ekki hafa tekið þátt í fyrirtækjaskipulagi tóbaksiðnaðarins á næstliðnum 5 árum,
 - ii. starfa óháð fjárhagslegum eða ófjárhagslegum hagsmunum sem tengjast tóbaksiðnaðinum, þ.m.t. hlutabréfaeign, þátttaka í séreignasparnaðaráætlunum eða hagsmunir samvistarmaka, maka eða ættmenna af eldri eða yngri kynslóð.
2. Ef veitandi sannvottunarþátta leitar til undirverktaka skal hann áfram bera ábyrgð á að tryggja að þessir undirverktakar fari að viðmiðunum um óhæði sem settar eru fram í 1. mgr.
3. Aðildarríkjnum, sem og framkvæmdastjórninni, er heimilt að krefjast þess að veitendur sannvottunarþátta, þ.m.t., eftir atvikum, undirverktakar þeirra, láti þeim í té nauðsynleg gögn til að meta fylgni við viðmiðanirnar sem settar eru fram í 1. mgr. Slík gögn geta innihaldið árlegar yfirlýsingar um samræmi við viðmiðanirnar um óhæði sem settar eru fram í 1. mgr. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geta krafist þess að árlegu yfirlýsingarnar innihaldi tæmandi skrá yfir þjónustu, sem tóbaksiðnaðinum var látin í té á næstliðnu almanaksári, sem og einstakar yfirlýsingar frá öllum meðlimum stjórnar óháða veitandans um fjárhagslegt sjálfstæði frá tóbaksiðnaðinum.
4. Hvers konar breytingar á aðstæðum í tengslum við viðmiðanirnar, sem um getur í 1. mgr., sem geta haft áhrif á óhæði veitenda sannvottunarþátta (þ.m.t., eftir atvikum, undirverktakar þeirra), sem eru til staðar í tvö almanaksár samfleytt, skulu tafarlaust tilkynntar til viðkomandi aðildarríkja og framkvæmdastjórnarinnar.
5. Ef upplýsingar, sem fást í tengslum við 3. mgr., eða tilkynningin, sem um getur í 4. mgr., leiða í ljós að veitandi sannvottunarþátta (þ.m.t., eftir atvikum, undirverktakar hans) uppfyllir ekki lengur kröfurnar sem mælt er fyrir um í 1. mgr. skulu aðildarríkin gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja fylgni við viðmiðanirnar, sem settar eru fram í 1. mgr., innan hæfilegs frests og eigi síðar en í lok næsta almanaksárs eftir almanaksárið þegar tekið var á móti upplýsingunum eða tilkynningunni.
6. Veitendur sannvottunarþátta skulu tafarlaust upplýsa viðkomandi aðildarríki og framkvæmdastjórnina um allar hótanir eða aðrar tilraunir til að beita ótilhlýðilegum áhrifum sem gætu í reynd eða mögulega grafið undan óhæði þeirra.
7. Gengið skal út frá því að opinber yfirvöld eða fyrirtæki, sem heyra undir opinberan rétt, svo og undirverktakar þeirra, séu óháð tóbaksiðnaðinum.
8. Málsmeðferðarreglurnar sem gilda um vöktun á því hvort farið er að viðmiðunum um óhæði, sem settar eru fram í 1. mgr., skulu falla undir reglulega endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar með það fyrir augum að meta fylgni þeirra við kröfurnar í þessari ákvörðun. Birta skal niðurstöðurnar úr þessari endurskoðun og þær skulu vera hluti af skýrslunni um beitingu tilskipunar 2014/40/ESB sem kveðið er á um skv. 28. gr. þeirrar tilskipunar.

9. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Sígarettur og vafningstóbak sem voru framleidd í Sambandinu eða flutt inn til Sambandsins fyrir 20. maí 2019 og eru ekki með öryggisþátt í samræmi við þessa ákvörðun mega vera í frjálsum flæði til 20. maí 2020.
2. Tóbaksvörur, aðrar en sígarettur og vafningstóbak, sem voru framleiddar í Sambandinu eða fluttar inn til Sambandsins fyrir 20. maí 2024 og eru ekki með öryggisþátt í samræmi við þessa ákvörðun mega vera í frjálsum flæði til 20. maí 2026.

10. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 2017.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Vytenis ANDRIUKAITIS

framkvæmdastjóri.

VIÐAUKI

GERÐIR SANNVOTTUNARÞÁTТА

Sýnilegur	Hálfsýnilegur	Ósýnilegur
<p>Bakgrunnsmyndur Skrautlegt myndur með tveimur eða fleiri samanfléttuðum línunum sem eru prentaðar í mörgum óstöðluðum litum.</p>	<p>Leysimyndir Mynd sem verður einungis sýnileg mannsauganu þegar lýst er á hana með ljósi með tiltekinni bylgjulengd, s.s. leysibendi.</p>	<p>DNA-merkiefni Réttarfræðilegt merkiefni þar sem samsetning stærðfræðilegra meginreglna er notuð til að skilgreina nukleótíðaraðir.</p>
<p>Regnbogaprentun Samsetning tveggja eða fleiri lita og litirnir renna hvor inn í annan sem leiðir til myndunar millilita (og skapa regnbogaliti).</p>	<p>Skautuð mynd Mynd sem verður einungis sýnileg mannsauganu þegar sérstakur ljósskautandi filter er settur yfir hana.</p>	<p>Sameindamerkiefni Efnarfræðilegt merkiefni, oft blandað í grunnefni hlutarins sem það er ætlað fyrir, sem gerir það kleift að greina þynningu og blöndunarhlutföll í efniviðunum. Kóðað á einkvæman hátt og fellt inn í snefilmagni.</p>
<p>Hulin mynd Línmyndur, djúpprykk, sem sýnir aðra mynd þegar hlutnum, sem það er prentað á, er hallað. Má nota með ljósfræðilega breytilegum prentlit (e. colour-changing ink).</p>	<p>Óflúrljómandi pappír (e. UV dull paper) Sérstakur pappír sem endurkastar ekki útfjólubláu ljósi. Hentar til prentunar með útfjólubláum prentlitum sem verða sýnilegir undir sérstökum lömpum með útfjólubláu ljósi.</p>	<p>Öryggistrefjar (ósýnilegar) Ósýnilegar flúrljómandi trefjar sem er raðað af handahófi á hentugan pappír. Hvorki er hægt að skanna þær né ljósríta og þær verða einungis sýnilegar undir sérstökum lömpum með útfjólubláu ljósi.</p>
<p>Ljósfræðilega breytilegur prentlitur Litirnir breytast við skoðun frá mismunandi sjónarhornum.</p>	<p>Öryggistrefjar (hálf-sýnilegar) Sýnilegar flúrljómandi trefjar, að öllu leyti eða að hluta til felldar inn sem handahófskennt myndur sem er ekki unnt að endurskapa. Geta verið í mismunandi litum og formum. Breyta um lit undir útfjólubláu ljósi.</p>	<p>Segulmögnuð efni Myndur með segulmögnuðum efnunum sem gefa frá sér merki eða röð merkja sem hægt er að greina úr fjarlægð með sérstökum tækjum til sanngreiningar.</p>
<p>Áþreifanleg myndur Djúpprykksprentun sem skapar upphleypta, áþreifanlega lágmynd sem hægt er að staðfesta undir skáhallandi ljósi. Má nota með hulinni mynd.</p>	<p>Örprentun Prentun með mjög litlum stöfum sem útheimta stækkun til að verða læsilegir með berum augum.</p>	<p>Ljóseindaprentlitir með styttri bylgjulengd (e. Anti-Stokes ink) Prentlitir með ljóseindaeiginleika með styttri bylgjulengd sem unnt er að skoða með því að nota VSC-skimunartæki (e. video spectral comparator).</p>
<p>Heilmýnd Birt er fullkomlega þrívíð ljósmyndupptaka (e. photographic recording) af ljóssviði sem breytist eftir sjónarhorninu.</p>	<p>Varmafræðilegur krómpréntlitir (e. thermochromic ink) Prentlitur, sem hvarfast við hita, sem er viðkvæmur fyrir hitabreytingum. Prentliturinn breytir um lit eða hverfur þegar hann verður fyrir hitabreytingum.</p>	<p>Hvarfgjarnir prentlitir (ósýnilegir) Litlausir eða gagnsæir prentlitir sem verða sýnilegir þegar þeir hvarfast við sérstakan leysi sem er borinn á með til þess gerðum áhöldum við rannsóknarstofuskilyrði.</p>
	<p>Hvarfgjarnir prentlitir (hálf-sýnilegir) Litlausir eða gagnsæir prentlitir sem verða sýnilegir þegar þeir hvarfast við sérstakan leysi sem er borinn á með sérstökum penna eða merkipenna.</p>	